



# NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Ársskýrsla



5. starfsár 2013-2014



## Efnisyfirlit

|                                                         |    |
|---------------------------------------------------------|----|
| Inngangur.....                                          | 3  |
| Stefna Naustaskóla.....                                 | 3  |
| Hlutverk.....                                           | 3  |
| Framtíðarsýn.....                                       | 3  |
| Áherslur skólans.....                                   | 3  |
| Naustaskóli 2013-2014.....                              | 5  |
| Húsnæðismál.....                                        | 5  |
| Skólinn í tölum.....                                    | 6  |
| Starfsfólk.....                                         | 6  |
| Nemendur.....                                           | 8  |
| Fjármál.....                                            | 8  |
| Vettvangsferðir og heimsóknir.....                      | 9  |
| Ýmsir viðburðir í skólastarfinu.....                    | 10 |
| Skólatími / stundaskrár.....                            | 11 |
| Skóladagatal 2013-2014.....                             | 12 |
| Stjórnun.....                                           | 14 |
| Skipurit.....                                           | 14 |
| Skólaráð.....                                           | 14 |
| Teymi - fundir.....                                     | 15 |
| Nemendaráð.....                                         | 15 |
| Kennsluskipan.....                                      | 16 |
| Valgreinar.....                                         | 18 |
| Námsmat.....                                            | 18 |
| Mötuneyti.....                                          | 18 |
| Frístund.....                                           | 19 |
| Bókasafn.....                                           | 19 |
| Samstarf við Naustatjörn.....                           | 19 |
| Umhverfismál.....                                       | 19 |
| Endurmenntunaráherslur 2013-2014.....                   | 20 |
| Jákvæður agi - gæðahringir.....                         | 20 |
| Samskipti heimila og skóla.....                         | 21 |
| Námsgögn.....                                           | 22 |
| Nemendaverndarráð.....                                  | 23 |
| Ráðgjöf fjölskyldudeildar.....                          | 23 |
| Skólahjúkrun.....                                       | 23 |
| Skýrslur starfsmannahópa.....                           | 24 |
| Skýrsla 1. bekkjar.....                                 | 24 |
| Skýrsla 2.-3. bekkjar.....                              | 34 |
| Skýrsla 4.- 5. bekkjar.....                             | 44 |
| Skýrsla 6.-7. bekkjar.....                              | 51 |
| Skýrsla 8.-10. bekkjar.....                             | 60 |
| Skýrsla verkgreinateymis.....                           | 70 |
| Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....                    | 77 |
| Skýrsla þroskaþjálfara.....                             | 79 |
| Mat á skólastarfinu.....                                | 80 |
| Uppgjör á umbótatillögum ársins.....                    | 81 |
| Umbótatillögur / áherslur fyrir veturinn 2014-2015..... | 84 |
| Viðauki, fréttabréf skólaársins.....                    | 86 |



## Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir fimmta starfsár Naustaskóla, 2013-2014. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

## Stefna Naustaskóla

Starfið innan skólans er byggt á stefnu hans sem sett er fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans, er hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>

## Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

## Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.

## Áherslur skólans

### • Námsaðlögun

**Markmið:** Skólinn mæti þörfum nemenda í námi  
Nemendur verði sjálfstæðir og taki ábyrgð á námi sínu  
Allir nemendur taki stöðugum framförum

**Leiðir:** Einstaklingsáætlanir að hluta  
Fjölbreyttar kennsluaðferðir  
Þemavinna / smiðjur  
Námsstöðvar  
Áhugasviðsvinna  
Reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda  
Markviss starfsþróun og endurmenntun starfsmanna

N ámsaðlögun  
A thvarf  
U mhyggja/virðing  
S amvinna  
T áp og fjör  
A llir með!  
**SKÓLI**



- **Athvarf**

**Markmið:** Nemendum líði vel í skólanum  
Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi  
Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins

**Leiðir:** Vingjarnlegt og áhugavert umhverfi  
Góður aðbúnaður og aðstaða  
Góður og hollur matur  
Vel menntað og vingjarnlegt starfsfólk  
Gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu

- **Umhyggja og virðing**

**Markmið:** Samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju  
Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

**Leiðir:** Jákvæð agastefna í samstaða um gildi  
Markviss notkun bekkjafunda  
Aldursblöndun nemenda / sveigjanleg hópaskipting  
Jafnréttisstefna  
Umhverfisstefna

- **Samvinna**

**Markmið:** Starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum  
Foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna  
Skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu

**Leiðir:** Gott upplýsingastreymi  
Skólaþing  
Teymiskennsla  
Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður  
Foreldrar virkjaðir til þátttöku

- **Táp og fjör**

**Markmið:** Nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans  
Að það sé gaman í skólanum!  
Skólinn stuðli að hreysti nemenda

**Leiðir:** Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu  
Nægileg hreyfing og útvera fyrir nemendur  
Söngur og leikur ríkulegur þáttur í skólastarfinu

- **Allir með!**

Í námi  
Í starfi  
Í leik  
Í ákvörðunum

## Naustaskóli 2013-2014

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala 530109-0110

Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111

Netfang: [naustaskoli@akureyri.is](mailto:naustaskoli@akureyri.is)

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson [agust@akureyri.is](mailto:agust@akureyri.is)

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir [dis@akmennt.is](mailto:dis@akmennt.is)

Fjöldi nemenda: 328

Fjöldi starfsmanna: 54

## Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk. Skólaárið 2010-2011 voru nemendur um 200 í 1.-8. bekk og á þriðja starfsárinu 2011-2012 voru nemendur tæplega 250 í 1.-9. bekk. Þannig bættist við einn árgangur á ári fyrstu skólaárin og nemendum fjölgaði um u.þ.b. 50 ár hvert. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2012 en ein deild frá 2009-2012. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt.

Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglingastigs, verkgreinastofur, miðrými (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Búið er að reisa stjórnunarálfu og íþróttahúss og gera núverandi áætlanir ráð fyrir að þeir hlutar verði teknir í notkun haustið 2016. Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.



## Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

|                                      | 2009-10 | 2010-11 | 2011-12 | 2012-13 | 2013-14 |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Fjöldi nemenda                       | 153     | 200     | 241     | 295     | 328     |
| Fjöldi almennra kennslustunda        | 275     | 378     | 445     | 589     | 620     |
| Fjöldi almennra kst. pr. nem.        | 1,797   | 1,890   | 1,846   | 1,996   | 1,890   |
| Fjöldi sérkennslustunda              | 45      | 84      | 86      | 91      | 80      |
| Fjöldi sérkennslust. pr.nem.         | 0,294   | 0,420   | 0,357   | 0,308   | 0,244   |
| Fjöldi umsjónarkennara               | 10      | 12      | 15      | 17      | 17      |
| Meðaltal nemenda pr. umsj.kennara    | 15,3    | 16,67   | 16,07   | 17,35   | 19,29   |
| Fjöldi barna í Frístund              | 58      | 71      | 76      | 81      | 86      |
| Fjöldi stöðugilda við stjórnun       | 1,61    | 1,61    | 1,81    | 1,88    | 1,88    |
| Fjöldi stöðugilda í kennslu          | 12,3    | 17,76   | 20,42   | 26,15   | 26,92   |
| Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %   | 74 / 26 | 74 / 26 | 75 / 25 | 80 / 20 | 82 / 18 |
| Stöðugildi stuðningsfulltrúa         | 1,40    | 2,93    | 2,58    | 4,58    | 3,90    |
| Stöðugildi skólaliða                 | 2,18    | 3,64    | 3,82    | 5,23    | 6,09    |
| Stöðugildi vegna námsráðgjafar       | 0,25    | 0,40    | 0,40    | 0,55    | 0,55    |
| Stöðugildi vegna Frístundar          | 1,28    | 2,24    | 2,81    | 2,81    | 2,81    |
| Stöðugildi vegna bókasafns           | 0,50    | 0,50    | 0,80    | 0,80    | 0,80    |
| Stöðugildi vegna eldhúss             | 1,40    | 1,74    | 1,50    | 1,50    | 1,50    |
| Stöðugildi vegna húsvörslu           | 1       | 1       | 1       | 1       | 1       |
| Stöðugildi vegna ritarastarfa        | 0,80    | 0,80    | 0,80    | 0,80    | 0,80    |
| Tölvur alls                          | 47      | 50      | 61      | 128     | 128     |
| Tölvur fyrir nemendur                | 30      | 30      | 33      | 87      | 87      |
| Nemendur pr tölvu                    | 5,10    | 6,67    | 7,30    | 3,39    | 3,77    |
| Tölvur í stjórnun og kennslu         | 17      | 20      | 28      | 41      | 41      |
| Hlutfall nemenda í mötuneyti         | 100%    | 97%     | 96%     | 89%     | 89%     |
| Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift     | 87%     | 79%     | 74%     | 74%     | 75%     |
| Meðaltal samr.pr. í 4.b. (ís/stæ)    | 30,55   | 26,55   | 29,70   | 23,30   | 24,25   |
| Meðaltal samr.pr. í 7.b (ís/stæ)     | 25,90   | 24,15   | 24,20   | 28,75   | 27,22   |
| Meðaltal samr.pr. í 10.b(ís/stæ/ens) | -       | -       | -       | 29,83   | 29,77   |
| Stærð húsnæðis                       | 2338 fm | 2338 fm | 2338 fm | 4500 fm | 4500 fm |

## Starfsfólk

### Nafn

Aðalheiður Reynisdóttir  
Aðalheiður Skúladóttir  
Agnes Þorleifsdóttir  
Andri Snær Stefánsson  
Aníta Jónsdóttir  
Anna Margrét Helgadóttir  
Atli Sveinn Þórarinnsson  
Ágúst Frímann Jakobsson  
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir  
Áslaug Hallbjörnsdóttir  
Berglind Bergvinsdóttir  
Berglind Elly Jónsdóttir  
Birgitta Rós Laxdal  
Bryndís Björnsdóttir

### Starfsheiti

iðjuþjálfari  
námsráðgjafi  
stuðningsfulltrúi  
kennari  
kennari  
bókavörður  
kennari  
skólastjóri  
kennari  
skólaliði  
kennari  
stuðningsfulltrúi  
skólaliði  
deildarstjóri

### Meginstarfssvið

í barnsburðarleyfi  
ráðgjöf  
8.-9.-10.bekkur  
6.-7. bekkur  
8.-9.-10. bekkur  
bókasafn  
8.-9.-10. bekkur  
stjórnun  
8.-9.-10.bekkur  
eldhús  
1. bekkur  
stuðningur/stundarkennsla  
gæsla/ræsting  
stjórnun/sérkennsla



|                              |                         |                         |
|------------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Brynja Elín Birkisdóttir     | leiðbeinandi            | tónmennt                |
| Brynjar Hermannsson          | umsjónarmaður           | húsvarsla               |
| Dögg Stefánsdóttir           | kennari                 | heimilisfræði           |
| Elva Rósa Helgadóttir        | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Guðrún Huld Gunnarsdóttir    | ritari                  | afgreiðsla/upplýsingar  |
| Guðrún Kristín Sæmundsdóttir | stuðningsfulltrúi       | stuðningur í 4.-5. bekk |
| Guðrún Valdís Eyvindsdóttir  | stuðningsfulltrúi       | stuðningur í 6.-7. bekk |
| Gunnar Smári Björgvinsson    | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Gyða Björk Aradóttir         | kennari                 | í barnsburðarleyfi      |
| Hafðís Björg Bjarnadóttir    | þroskaþjálfari          | þjálfun/ráðgjöf         |
| Halla Jóhannesdóttir         | kennari                 | myndmennt               |
| Halla Óladóttir              | kennari                 | 2.-3. bekkur            |
| Harpa Hrönn Gunnarsdóttir    | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Harpa Mjöll Hermannsdóttir   | stuðningsfulltrúi       | 1. bekkur               |
| Heimir Örn Árnason           | kennari                 | 6.-7. bekkur            |
| Herdís Margrét Ívarsdóttir   | kennari                 | 6.-7. bekkur            |
| Hrafnhildur Stefánsdóttir    | forst.m. Frístundar     | umsjón með Frístund     |
| Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir  | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Hulda Berglind Árnadóttir    | kennari                 | hönnun og smíði         |
| Inga Berglind Birgisdóttir   | skólahjúkrunarfræðingur |                         |
| Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir  | kennari                 | 4.-5. bekkur            |
| Ingibjörg Ósk Hannesdóttir   | stuðningsfulltrúi       | 4.-5. bekkur            |
| Kolbrún Eva Helgadóttir      | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Kolbrún Sigurðardóttir       | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Kolbrún Sigurgeirsdóttir     | kennari                 | 6.-7. bekkur            |
| Lilja Þorkelsdóttir          | kennari                 | 1. bekkur               |
| Linda Hafdal                 | skólaliði               | gæsla/ræsting           |
| Magnús Jón Magnússon         | kennari                 | 8.-9.-10. bekkur        |
| Sandra Mjöll Tómasdóttir     | stuðningsfulltrúi       | 2.-3. bekkur            |
| Sigríður Jóna Ingólfssdóttir | kennari                 | 4.-5. bekkur            |
| Sunna Alexandersdóttir       | kennari                 | 2.-3. bekkur            |
| Svala Einarsdóttir           | kennari                 | 4.-5. bekkur            |
| Valdís Rut Jósavinsdóttir    | kennari                 | textílmennt             |
| Yrsa Hörn Helgadóttir        | kennari                 | 2.-3. bekkur            |
| Þorsteinn Marinósson         | kennari                 | íþróttakennsla          |
| Þóra Ólafsdóttir Hjartar     | kennari                 | 1. bekkur               |
| Þóra Ýr Sveinsdóttir         | kennari                 | í barnsburðarleyfi      |
| Þórey Sjöfn Sigurðardóttir   | kennari                 | í barnsburðarleyfi      |
| Þórunn Erlingsdóttir         | kennari                 | íþróttakennsla          |
| Örlygur Þór Helgason         | kennari                 | íþróttakennsla          |

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir veturinn. Berglind, starfsstúlka í eldhúsi, hætti störfum í vetrarbyrjun og í hennar stað var ráðinn Alexander Gunnarsson. Örlygur Þór Helgason íþróttakennari hvarf til annarra starfa í september og í hans stað komu Þórunn Erlingsdóttir og Orri Freyr Hjaltalín. Heimir Örn Árnason umsjónarkennari 6.-7. bekkjar hætti störfum í september og í hans stað kom Herdís Ívarsdóttir. Sandra Mjöll Tómasdóttir hætti störfum um áramót og tók Birgitta Rós Laxdal hennar stöðu sem stuðningsfulltrúi í 2.-3. bekk. Inga Vala Magnúsdóttir var ráðin inn sem skólaliði í hennar stað og Svandís Þóroddsdóttir í Frístund. Selma Malmquist leysti af í teymi 4.-5. bekkjar frá nóvember fram í apríl í veikindaleyfi Jónu Hjaltadóttur. Þóra Ýr Sveinsdóttir tók við stöðu umsjónarkennara í 4.-5. bekk þegar hún kom að nýju til starfa eftir barnsburðarleyfi





í byrjun apríl. Yrsa Hörn Helgadóttir sérkennari sagði upp störfum í janúar. Jóna Hjaltadóttir tók við stöðu stoðkennara hjá 2.-3. bekk þegar hún kom til starfa úr veikindaleyfi sínu í apríl. Gyða Björk Aradóttir kom að nýju til starfa eftir barnsburðarleyfi í apríl og vann með teymi 1. bekkjar sem stoðkennari til vors. Í lok skólaárs hættu Þóra Hjartar, Hulda Berglind, Berglind Ellý, Gunnar Smári, og Guðrún Kristín.

Trúnaðarmenn skólaárið 2013-2014 voru Lilja Þorkelsdóttir (KÍ) og Guðrún V. Eyvindsdóttir (Eining-Iðja). Öryggistrúnaðarmenn voru Valdís Jósavinsdóttir og Hulda Árnadóttir, öryggisvörður er Brynjar Hermannsson

## Nemendur

| Umsjónarhópar: | Drengir:   | Stúlkur:   | Alls:      | Umsjónarkennari              |
|----------------|------------|------------|------------|------------------------------|
| 1. BB          | 9          | 10         | 19         | Berglind Bergvinsdóttir      |
| 1. LÞ          | 11         | 8          | 19         | Lilja Þorkelsdóttir          |
| 1. ÞÓ          | 11         | 7          | 18         | Þóra Ólafsdóttir Hjartar     |
| 2/3. GIH       | 11         | 9          | 20         | Guðrún Inga Hannesdóttir     |
| 2/3. HÓ        | 10         | 9          | 19         | Halla Óladóttir              |
| 2/3. SA        | 8          | 10         | 18         | Sunna Alexandersdóttir       |
| 2/3. KS        | 12         | 7          | 19         | Kristín Sigurðardóttir       |
| 4/5. IJH       | 12         | 8          | 20         | I.Jóna Hjaltadóttir          |
| 4/5. SE        | 7          | 14         | 21         | Svala Einarsdóttir           |
| 4/5. SJI       | 12         | 9          | 21         | Sigríður Jóna Ingólfssdóttir |
| 6/7. AS        | 13         | 8          | 21         | Andri Snær Stefánsson        |
| 6/7. HÍ        | 13         | 8          | 21         | Herdís Ívarsdóttir           |
| 6/7. KS        | 8          | 13         | 21         | Kolbrún Sigurgeirsdóttir     |
| 8/9/10. AJ     | 5          | 13         | 18         | Aníta Jónsdóttir             |
| 8/9/10. ÁKG    | 6          | 10         | 16         | Ása Katrín Gunnlaugsdóttir   |
| 8/9/10. ASÞ    | 12         | 6          | 18         | Atli Sveinn Þorvaldsson      |
| 8/9/10. MJM    | 9          | 10         | 19         | Magnús Jón Magnússon         |
|                | <b>169</b> | <b>159</b> | <b>328</b> |                              |

## Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2014 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

| Lyklar                     | Raun 2013   | Áætlun 2013 | Mismunur   | Notað. (%) |
|----------------------------|-------------|-------------|------------|------------|
| * Tekjur                   | -35,543,595 | -23,054,000 | 12,489,595 | 154.18     |
| * Laun og launatengd gjöld | 237,486,397 | 229,530,000 | -7,956,397 | 103.47     |
| * Vörukaup                 | 25,016,774  | 19,557,000  | -5,459,774 | 127.92     |
| * Þjónustukaup             | 182,113,648 | 178,694,000 | -3,419,648 | 101.91     |
| ** Samtals                 | 409,073,224 | 404,727,000 | -4,346,224 | 101.07     |

Nokkur frávik voru frá fjárhagsáætlun en heildarniðurstaðan varð neikvæð um rúmar fjórar milljónir eða 1,07%. Þar munar mestu um að húsaleiga og lausafjárleiga Fasteignafélags voru samanlagt um 3 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir og skýrir það að mestu halla á þjónustukaupum. Vörukaup urðu hærri en gert var ráð fyrir en það skýrist að stærstum hluta af matarinnkaupum, og eru þar tekjur á móti. Útgjöld vegna launa voru hærri en áætlun sagði til um en það skýrist að mestu með því að tekjur komu á





móti vegna einstakra starfsmanna (endurgreiðslur frá Tryggingastofnun og Eyjafjarðarsveit) og frá Naustatjörn (millifærslur vegna ræstinga). Að því frátöldu voru laun umfram áætlanir um 1 milljón sem virðist stafa af langtímaforföllum og endurkomu starfsmanna úr fæðingarorlofi á vorönn 2013.

Samþykkt fjárhagsáætlun ársins 2014 er sem hér segir:

| Lyklar                     | Áætlun 2014 |
|----------------------------|-------------|
| * Tekjur                   | -27,905,000 |
| * Laun og launatengd gjöld | 240,228,000 |
| * Vörukaup                 | 25,651,000  |
| * Þjónustukaup             | 200,906,000 |
| ** Samtals                 | 438,880,000 |

## Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru töluvert í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum. Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifa kennarateymanna aftar í skýrslunni en varðandi skólann sem heild má nefna eftirfarandi:

- Rithöfundarnir Þorgrímur Þráinsson og Jóna Valborg Árnadóttir heimsóttu okkur og lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum fyrir nemendur.
- Komin er hefð á að nemendur í 7. bekk fari í skólabúðir að Reykjum og að nemendur í 4. bekk fari í skólabúðir í Bárðardal. Í vor var svo einnig farið í fjögurra daga útskriftarferð með 10. bekk.
- Starfsfólk Naustaskóla nýtti einn starfsdag í mars til skólaheimsókna bæði í Reykjavík og á Akureyri.
- Kristján Guðmundsson frá Dalvík heimsótti okkur og ræddi við 6-10. bekk um lífsreynslu sína og endurhæfingu eftir erfitt slys. Foreldrafélagið hafði veg og vand af komu hans.
- Naustaskóli tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni þar sem annar fulltrúi skólans, Bjarney Guðrún Jónsóttir, hafnaði í 2. sæti.
- Lególið skólans fór til keppni í Reykjavík þar sem þeir unnu til verðlauna sem besta liðsheildin.
- Hljómsveitin Pollapönk hélt tónleika í apríl í boði Foreldrafélags skólans.
- Heimsóknir bárust frá fjölmörgum skólum og öðrum aðilum á skólaárinu. Má þar nefna heimsókn frá Dalvíkurskóla, Árbæjarskóla, Grunnskóla Grindavíkur, Reykjarhlíðarskóla, Sunnulækjarskóla og Krikaskóla. Einnig komu í heimsókn starfsfólk starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar og fulltúar frá Hrafnagilsskóla sem komu í matsheimsókn vegna jákvæðs aga.

## Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

- Samverustundir voru tvískiptar og haldnar einu sinni í viku fyrir hvorn hóp, 1.-5. bekk annars vegar en 6.-10. bekk hins vegar.
- Böll: Haldin voru nokkur böll yfir veturinn, þar þar hæst þegar hljómsveitin Úlfur úlfur spilaði á árshátíð skólans.
- Kjörfundur: Nemendur 4.-10. bekkjar kusu fulltrúa í nemendaráð. Framboðsræður voru haldnar og formlegar kosningar fóru fram.
- Rýmingaræfing: Brunakerfið prófað og skólinn rýmdur.
- Hæfileikakeppni nemenda: Komin er hefð á að árlega stendur nemendaráð fyrir hæfileikakeppni og fór hún fram í janúar þetta árið.
- Litlujól: Litlujólin voru haldin á ñhefðbundinnò hátt með stofujólum og síðan jólatrésskemmtun, helgileik og tilheyrandi.
- Söngkeppni grunnskólanna var haldin í desember í sal Naustaskóla.
- Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7.bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars. Annar fulltrúi skólans hafnaði þar í 2. sæti.
- Árshátíð skólans var haldin 14. nóvember. Á árshátíðinni voru þrjár sýningar, allir bekkir sýndu á þessum sýningum, en bekkjunum var skipt niður í sýningarhópa. Nemendum var raðað saman í þrjá hópa þannig að systkini sýndu á sömu sýningu. Á milli sýninga voru seldar kaffiveitingar. Árshátíðin tókst prýðilega og var góð mæting meðal foreldra og annarra aðstandenda nemenda.
- Opin vika: Á haustönn var opin vika í skólanum. Þá voru foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og skoða starfið.
- Skíðadagur: Þann 11. mars fóru allir nemendur skólans upp í Hlíðarfjall einn dag og renndu sér.
- Skólabúðaferð 7. bekkjar: 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 18.-22. mars.
- Gisting í skólanum: 6. bekkur gisti í skólanum eina nótt meðan 7. bekkur dvaldi í skólabúðum.
- Skólabúðaferð 4. bekkjar. Nemendur 4. bekkjar fóru í þriggja daga ferð í skólabúðir í Bárðardal. Skipulagt og framkvæmt með fulltingi foreldra.
- Öðruvísi dagar: Nokkrum sinnum var fyrirskipuð tilbreyting í klæðaburði eða háttum, má þar nefna, ullarfatadag, rafmagnslausan dag, jólasveinahúfudag, snakk-bíó- og náttfatadag, slæman hárdag, mottudag, rugludag, bleikan dag og dag íslenskrar tungu.
- Þemadagar: Tvisvar um veturinn voru þemadagar nokkra daga í senn, þar sem nemendur störfuðu í aldursblönduðum hópum. Fyrri skiptið var í desember og nefndust þeir dagar ÆUmhyggju og samvinnuþemañ, en hitt skiptið var síðustu daga ársins þar sem áhersla var á ýmsa útiveru. Þemadagarnir tókust afar vel og var mikil ánægja með þá.
- Nemendadagurinn: Var haldinn í fjórða sinn að þessu sinni í febrúar. Fulltrúar í nemendaráði skólans höfðu áður skipulagt daginn en hann fólst í því að nemendaráðið tók að mestu við stjórn skólans og stýrði skólastarfinu hjá 4.-10. bekk fyrir hádegi.
- Unicef-dagurinn: Í samstarfi við Unicef á Íslandi stóðum við fyrir viðburði þar sem nemendur hreyfðu sig gegn áheitum foreldra og söfnuðu með því fjármunum fyrir Unicef hreyfinguna. Þetta tókst afar vel og söfnuðust um 230.000 kr.



- Vorhátíð: Haldin var vegleg vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag og Hverfisnefnd. Að venju var dagskrá í Naustaborgum þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur, leikjastöðvar og hoppukastala. Í skólanum var hægt að kaupa vöflur með kaffinu, þar var tombóla, draugahús o.fl. Hátíðin gekk mjög vel enda vorum við afar heppin með veður.



---

### Skólatími / stundaskrár

Í vetur hófst kennsla kl. 8:10 að morgni og lauk kl. 13:00 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku. Kennslustundafjöldi í hverjum árgangi var sem hér segir: Kenndar voru 30x40 mínútur í 1.-3. bekk, 33x40 mínútur í 4.-5. bekk, 35x40 mínútur í 6.-7. bekk og nemendur í 8-10. bekk voru í skólanum sem svarar 37x40 mínútum.

Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótt- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti.

---



## Skóladagatal 2013-2014

Skýringar með skóladagatali;

- 12.-21. ágúst unnu starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sóttu námskeið og fræðslufundi.
- 22. ágúst hófs skólastarfið með skólasetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkjar.
- Kennsla skv. stundaskrá hófst föstudaginn 24. ágúst.
- 3. september var skólafærinámsskeið fyrir foreldra 1.bekkinga.
- Í vikunni 9.-13. september mættu foreldrar til morgunfunda með kennurum og stjórnendum þar sem starf vetrarins var kynnt.
- Samræmd próf voru í 4., 7. og 10. bekk vikuna 23.-27. september.
- 7. október voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara, m.a. var unnið að markmiðssetningu fyrir veturinn. Auk þessvar gert ráð fyrir samráði við foreldra og nemendur 16. og 17. janúar.
- Vikuna 7.-11. október var opin vika, þá voru foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann.
- 25.-28. október og 5.-7. mars var vetrarfrí.
- 14. nóvember var gert ráð fyrir Árhátíð skólans.
- 20. desember voru litlu-jólin og jólafrí nemenda hófust. Kennsla að loknu jólaleyfi hófst mánudaginn 6. janúar.
- 16. og 17. janúar voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara.
- 28. maí var vorhátíð í samvinnu við foreldrafélag og hverfisnefnd.
- Nokkrir dagar voru eins konar „uppákomudagar“, margir þeirra er samræmdir með leikskólanum Naustatjörn, einnig voru starfsdagar samræmdir að hluta.
- Ásmiðjuskilni voru hjá 2.-3.bekk 23. september, 4.nóvember, 9. desember, 3. febrúar, 11.mars og 22. apríl. Hjá 4.-7.bekk verða smiðjuskil 14.október, 2.desember, 3.febrúar og 31.mars. Á þessum tíma urðu breytingar á smiðjuhópum hjá 2.-7. bekk þ.e. að hópar færðust á milli verkgreina. Í tengslum við þessar dagsetningar urðu einnig námsmatsmöppur birtar foreldrum og nemendum.
- Möppuskilni voru þegar námsmatsmöppur voru birtar foreldrum og nemendum. Möppuskilin voru 7.október, 4.desember, 4.febrúar, 6.apríl. Möppudagur var 3.júní en þann dag sýna nemendur foreldrum sínum afrakstur vinnu vetrarins.
- Starfsdagar voru 3.og 4. október, 3. janúar, 10. mars og 25. apríl.
- **Frístund var opin alla virka daga frá skólasetningu til skólaslita, nema 4.október, 3. janúar og 10. mars en þá var lokað allan daginn. 25. apríl var Frístund lokað eftir hádegi ( en þá voru undirbúningsdagar hjá starfsfólki Frístundar)**

Skóladagatal Naustaskóla fyrir skólaárið 2013-2014 má sjá á næstu blaðsíðu



| ÁGÚST | SEPTEMBER | OCTOBER | NOVEMBER | DECEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRIL | MÁI  | JÚNÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|
| 1 F   | 1 S       | 1 Þ     | 1 F      | 1 S      | 1 M    | 1 L     | 1 L  | 1 Þ   | 1 F  | 1 S  |
| 2 F   | 2 M       | 2 M     | 2 L      | 2 M      | 2 F    | 2 S     | 2 S  | 2 M   | 2 F  | 2 M  |
| 3 L   | 3 Þ       | 3 F     | 3 S      | 3 Þ      | 3 F    | 3 M     | 3 M  | 3 F   | 3 L  | 3 Þ  |
| 4 S   | 4 M       | 4 F     | 4 M      | 4 M      | 4 L    | 4 Þ     | 4 Þ  | 4 F   | 4 S  | 4 M  |
| 5 M   | 5 F       | 5 L     | 5 Þ      | 5 F      | 5 S    | 5 M     | 5 M  | 5 L   | 5 M  | 5 F  |
| 6 Þ   | 6 F       | 6 S     | 6 M      | 6 F      | 6 M    | 6 F     | 6 F  | 6 S   | 6 Þ  | 6 F  |
| 7 M   | 7 L       | 7 M     | 7 F      | 7 L      | 7 Þ    | 7 F     | 7 F  | 7 M   | 7 L  | 7 L  |
| 8 F   | 8 S       | 8 Þ     | 8 F      | 8 S      | 8 M    | 8 L     | 8 L  | 8 Þ   | 8 F  | 8 S  |
| 9 F   | 9 M       | 9 M     | 9 L      | 9 M      | 9 F    | 9 S     | 9 S  | 9 M   | 9 F  | 9 M  |
| 10 L  | 10 Þ      | 10 F    | 10 S     | 10 Þ     | 10 F   | 10 M    | 10 M | 10 F  | 10 L | 10 Þ |
| 11 S  | 11 M      | 11 F    | 11 M     | 11 L     | 11 L   | 11 Þ    | 11 Þ | 11 F  | 11 S | 11 M |
| 12 M  | 12 F      | 12 L    | 12 Þ     | 12 F     | 12 S   | 12 M    | 12 M | 12 L  | 12 M | 12 F |
| 13 Þ  | 13 F      | 13 S    | 13 M     | 13 F     | 13 M   | 13 F    | 13 F | 13 S  | 13 Þ | 13 F |
| 14 M  | 14 L      | 14 M    | 14 F     | 14 L     | 14 Þ   | 14 F    | 14 F | 14 M  | 14 M | 14 L |
| 15 S  | 15 Þ      | 15 S    | 15 F     | 15 S     | 15 M   | 15 L    | 15 L | 15 Þ  | 15 F | 15 S |
| 16 F  | 16 M      | 16 L    | 16 F     | 16 M     | 16 F   | 16 S    | 16 S | 16 M  | 16 F | 16 M |
| 17 L  | 17 Þ      | 17 F    | 17 S     | 17 Þ     | 17 F   | 17 M    | 17 M | 17 F  | 17 L | 17 Þ |
| 18 S  | 18 M      | 18 F    | 18 M     | 18 M     | 18 L   | 18 Þ    | 18 Þ | 18 F  | 18 S | 18 M |
| 19 M  | 19 F      | 19 Þ    | 19 Þ     | 19 F     | 19 S   | 19 M    | 19 M | 19 L  | 19 M | 19 F |
| 20 Þ  | 20 S      | 20 L    | 20 M     | 20 F     | 20 M   | 20 F    | 20 F | 20 S  | 20 Þ | 20 F |
| 21 M  | 21 L      | 21 M    | 21 F     | 21 L     | 21 Þ   | 21 F    | 21 F | 21 M  | 21 M | 21 L |
| 22 F  | 22 S      | 22 Þ    | 22 F     | 22 S     | 22 M   | 22 L    | 22 L | 22 F  | 22 F | 22 S |
| 23 F  | 23 M      | 23 L    | 23 M     | 23 F     | 23 M   | 23 S    | 23 S | 23 M  | 23 F | 23 M |
| 24 L  | 24 F      | 24 Þ    | 24 S     | 24 F     | 24 M   | 24 M    | 24 M | 24 L  | 24 L | 24 Þ |
| 25 S  | 25 M      | 25 F    | 25 M     | 25 L     | 25 L   | 25 Þ    | 25 Þ | 25 S  | 25 M | 25 M |
| 26 M  | 26 F      | 26 Þ    | 26 F     | 26 S     | 26 M   | 26 M    | 26 M | 26 L  | 26 M | 26 F |
| 27 Þ  | 27 F      | 27 M    | 27 M     | 27 F     | 27 M   | 27 F    | 27 F | 27 S  | 27 Þ | 27 F |
| 28 M  | 28 L      | 28 F    | 28 F     | 28 L     | 28 Þ   | 28 F    | 28 F | 28 M  | 28 M | 28 L |
| 29 F  | 29 S      | 29 Þ    | 29 F     | 29 S     | 29 M   | 29 M    | 29 L | 29 Þ  | 29 F | 29 S |
| 30 F  | 30 M      | 30 L    | 30 M     | 30 M     | 30 F   | 30 M    | 30 S | 30 M  | 30 F | 30 M |
| 31 L  | 31 F      | 31 F    | 31 M     | 31 Þ     | 31 F   | 31 F    | 31 M | 31 L  | 31 L | 31 L |

## Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjóra, sem er staðgengill skólastjóra, og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Stjórnendur hafa með sér verkaskiptingu sem er í grófum dráttum eins og sést hér að neðan en að öðru leyti í mótun.


### Skólastjóri:

Umsjón með starfi í 6.-10. bekk  
Starfsmannamál og fjármál

### Deildarstjóri:

Umsjón með starfi í 1.-5. bekk  
Stoðþjónusta

## Skipurit



## Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis. Skólaráð fundaði mánaðarlega yfir skólaárið og var stuðst við fundaplan sem birt var í starfsáætlun og stóðst það í grófum dráttum. Alls urðu fundir skólaráðs 9 talsins og voru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

Í skólaráði 2013-2014 sátu Ágúst Jakobsson skólastjóri, Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri, Aníta Jónsdóttir fltr. kennara, Yrsa Hörn Helgadóttir fltr. kennara, Halla Jóhannesdóttir varafltr., sem settist í skólaráð eftir áramót í stað Yrsu, Guðrún Huld Gunnarsdóttir fltr. starfsmanna, Gísli Rúnar Magnússon fltr. hverfisnefndar, Áshildur Hlín Valtýsdóttir fltr. foreldra, Vaka Óttarsdóttir fltr. foreldra.





## Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teyrum. Kennarar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúi í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúi í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennara, einnig var myndað stoðteymi sem í sátu námsráðgjafi, þroskaþjálfari, sérkennari og deildarstjóri. Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Síðastliðinn vetur var tekin upp sú nýbreytni að gefnar voru út sérstakar verklagsreglur um vinnubrögð í teyrum sem ætlast var til að teymi kennara fylgdu. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun). Haldið var áfram með að þróa þetta fyrirkomulag með kennarateymunum nú í vetur. Eftir áramót var ákveðið að stjórnendur funduðu vikulega með hverju teymi og fengu til þess aðstoð frá námsráðgjafa skólans, til þess að hægt væri að leiðbeina og veita teymunum enn meiri stuðning við teymisvinnuna.

Kennarar og þjálfar höfðu fastan fundartíma á þriðjudögum kl. 14:30-16:00. Þessi tími var nýttur á þrennan hátt. Þriðju hverja viku voru kennarafundir með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður. Þriðju hverja viku eru haldnir fundir stjórnenda og teymisformanna en þar var ýmsum upplýsingum komið á framfæri, rætt um starfið í teymunum o.fl. og teyrum sett fyrir ákveðin verkefni. Þriðju hverja viku voru svo fundir starfshópa sem fjalla um námsmat, kennsluhætti, jákvæðan aga og umhverfismál.

Starfsmannafundir voru á föstudögum kl. 13:20-14:00. Þeir hófust jafnan á hróshring þar sem starfsmenn koma á framfæri hrósi og þökkum fyrir það sem vel er gert en síðan var gengið til dagskrár sem samanstóð að mestu af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, sem þeir skráðu á dagskrá með þar til gerðu skráningarblaði sem lá frammi á kaffistofu, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, og fræðslu um jákvæðan aga. Á þessu skólaárinu voru formlegir fundir stjórnenda með skólaliðum, vikulega á þriðjudagsmorgnum.

Á fimmtudögum kl. 14:00-15:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum skv. endurmenntunaráætlun. Þessir fundir voru m.a. nýttir fyrir ráðgjafa HA í byrjendalæsi, orð af orði. Eftir áramót voru þessir fundir einnig nýttir sem fundartími fyrir nefnd sem falið var að leggja drög að endurbótum og samræmingu á kennsluáætlunum innan skólans. Þegar leið á skólaárið var fundum fækkað að ósk kennara og fengu þeir að ráðstafa þeim tíma til annarra starfa.

---

## Nemendaráð

Nemendur í 4.-10. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir: Brynjar Helgason 10. bekk í formaður, Eva María Sævarsdóttir 10. bekk í varaformaður, Sýlvía Sól Guðmundsdóttir 9. bekk, Freyr Jónsson 8. bekk, Róbert Valur Reynisson 7. bekk, Sunneva Kristjánsdóttir 6. bekk, Aron Vikar Pétursson 5. bekk og Aron Ísak Hjálmarsson 4. bekk.

Varamenn í nemendaráði eru: Júlíus Fannar Thorarensen 10. bekk, Helena Hrund Vignisdóttir 9. bekk, Birgir Freyr Magnason 8. bekk, Brynjólfur Skúlason 7. bekk, Haraldur Bolli Heimisson 6. bekk, Aþena Arnarsdóttir 5. bekk og Ríkey Guðjónsdóttir 4. bekk.

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni.





Nemendaráð fundaði 5 sinnum yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina.

## Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem „**viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.**”

Við höfum skilgreint nám sem „**ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.**”

Kennslu skilgreinum við þannig: „**Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.**”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efla skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

**a) Umsjónartími / fundir / samverustundir.** Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

**b) Vinnustundir.** Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsi ðog Ærð af orðið í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúruvísni og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

**c) Smiðjur.** Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smiðjum“ þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smiðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

**d) Þemavinna.** Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8./9./10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi. List- og verkgreinakennarar taka þátt í þemavinnunni á skipulagðan hátt einu sinni í viku, og skiptast þá milli kennsluteyma eftir því sem við á. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldurstigum saman í vinnuhópa.

**e) Íþróttir og sund.** Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nemendur í 1.-3. bekk fara einu sinni í viku í íþróttir í Íþróttahúsinu við Laugagötu en nemendur í 4.-9. bekk fara vikulega í Íþróttahús Lundarskóla. Nemendum er ekið í þessa kennslu. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsjónarkennara.



## Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2013-2014 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum:

Í Naustaskóla: Áætlun/námstækni, heimilisfræði, hönnun og smíðar,legó, leiklist, upplýsingatækni, myndmennt, textílmennt, grafísk hönnun og starfsnám innan skóla eða í samstarfi við Naustatjörn. Þá voru nemendur 2 kennslustundir á viku í áhugasviðsvali þar sem nemendur gátu sinnt sínum áhugasviðum og dýpkað þekkingu sína og leikni á þeim sviðum sem hugur þeirra stóð til, list- og verkgreinakennarar voru til staðar í þessum tímum nemendum til aðstoðar.

Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Bretta- og parkourval, félagsmiðstöðvaval, handboltaskóli, knattspyrnuskóli, körfuboltaskóli, líkamsrækt, ljósmyndun og myndvinnsla, tauprykk og þýska. Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

---

## Námsmat

Við formleg skil á námsmati nú í vor var ákveðið að prenta út markmiðalista úr mentor. Notast var við svokallaða Ánámsframvindueningu þar sem er að finna markmið í íslensku, stærðfræði, íþróttum, sundi, textílmennt, hönnun og smíði og myndmennt, þessi markmið eru sundurgreind í 20 þrep. Upplýsingum var safnað inn í kerfið yfir veturinn, frá verkgreinakennurum á smiðjuskilum þegar hópaskipti urðu í verkgreinum ásamt því að umsjónarkennarar merktu reglulega við markmið nemenda sinna þegar þeim var náð. Mat á hæfni nemenda fór fram jafnt og þétt allt skólaárið, við matið safnast ýmis gögn sem haldið er til hagna í verkefnabókum í Mentor (t.d. einkunnir úr áfangakönnunum, upplýsingar um lestrarhraða o.fl). Markmiðalistarnir voru afhentir nemendum á skólaslitum nú í vor ásamt umsagnarblaði frá umsjónarkennara þar sem lögð var áhersla á að gefa hvetjandi og leiðbeinandi umsögn til nemenda. Með þessu móti var leitast við að gera foreldrum kleift að fylgjast jafnt og þétt með námsframvindu barna sinna. Námsmöppur voru einnig sendar heim reglulega yfir veturinn og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni nemenda. Nú í vor var foreldrum síðan boðið að koma og skoða námsmöppur barna sinna á skólaslitadaginn. Að öðru leyti vísast til skrifa kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

---

## Mötuneyti

Sem fyrr annaðist Naustatjörn rekstur eldhússins en Naustaskóli lagði einnig til starfsmenn í eldhús. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan þetta árið varð að um 89% nemenda voru skráðir í mötuneytið og er það óbreytt hlutfall frá fyrra ári.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 75 % nemenda þá þjónustu en það örlítill aukning frá fyrra ári.

## Frístund

Að lokinni kennslu gafst 6 í 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15. Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístandar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru til að byrja með tæplega 90 börn í Frístund til að byrja með en 86 mestan part vetrar.

## Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn nokkuð af bókum og áfram hafa borist bókgjafir frá velunnurum skólans. Haustið 2013 flutti bókasafnið af efri hæð skólans á framtíðasvæði sitt í miðrymi skólans. Anna Margrét Helgadóttir var í vetur í 50% stöðu við safnið og annaðist hún alla umsjón með safninu og útlán.



## Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla og deila starfssvæði með 1. bekk. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti, húsvörður þjónar báðum skólunum, nokkurt samstarf er milli Frístandar/1. bekkjar og Fífilbrekku/Sunnuhvals, skóladagatal er samræmt að hluta o.fl. Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

## Umhverfismál



Segja má að fyrstu skref hafi verið stigin að því markmiði skólans að uppfylla skilyrði um Grænfánann og er skólinn nú kominn Á græna grein sem er fyrsta skrefið að viðurkenningunni. Á skólaárinu starfaði nefnd sem hafði það hlutverk að vinna áfram að flokkun og ýmsum umbótum varðandi umhverfismál. Í lok skólaársins skilaði nefndin framkvæmdaáætlun fyrir áframhald vinnunnar. Í byrjun nýs skólaárs liggur því fyrir að finna starfsmann sem er tilbúinn til að sinna verkefnisstjórn og fá með sér nokkra lykilaðila til að vinna áfram að málinu.

## Endurmenntunaráherslur 2013-2014

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarstefnu skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta þeirra störf, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að auka starfsgleði, að styrkja samstarf og sameiginlega sýn starfsmanna.

Veturinn 2013-2014 voru eftirfarandi áherslupættir lagðir til grundvallar í starfsáætlun:

| Viðfang                    | Hópur                  | Markmið                                                                                                           | Tími                                                   | Niðurstaða:                                   |
|----------------------------|------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|
| Jákvæður agi               | Allir                  | Innleiða agastefnuna Jákvæður agi á árangursríkan hátt í skólanum.                                                | Deildar-, kennara og starfsmanna-fundir allan veturinn | Gekk eftir en nýta má starfsmannafundi betur. |
| Byrjendalæsi               | Kennarar á yngra stigi | Innleiðing Byrjendalæsis haldi áfram af fullum krafti í yngri bekkjum skólans og kennsluaðferðin festist í sessi. | ágúst, eftirfylgni allan veturinn                      | Gekk eftir.                                   |
| Orð af orði                | Kennarar á eldra stigi | Að kennarar í 4.-10. bekk læri að beita kennsluaðferðinni Orð af orði og hún festist í sessi.                     | Reglulegir fundir og eftirfylgni yfir veturinn         | Gekk eftir.                                   |
| Notkun tölva og uppl.tækni | Allir                  | Þjálfun starfsmanna í ýmsum þáttum tölvunotkunar, s.s. Mentor, Office-forritum, stafrænna myndavéla o.fl.         | Nóv-apr.                                               | Gekk ekki eftir.                              |
| Jafningjastuðningur        | Stjórnendur / kennarar | Stjórnendur og kennarar nýti sér jafningjastuðning til starfsþróunar.                                             | Hefst í nóvember.                                      | Gekk eftir að hluta.                          |
| Náms-samfélag              | Stjórnendur / allir    | Unnið verði að því að skilgreina og móta námssamfélag í Naustaskóla.                                              | Allur veturinn                                         | Gekk eftir að hluta.                          |
| Skyndihjálp                | Allir                  | Starfsmenn séu í stakk búnir til að annast fyrstu hjálp.                                                          | Óákveðið                                               | Gekk eftir.                                   |

Í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir endurmenntun hvers hóps fyrir sig.

## Jákvæður agi - gæðahringir



Uppeldisstefna skólans nefnist „Jákvæður agið. Stefnan er þróuð út frá svokallaðri „sjálfsstjórnarkenninguð, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum. Hugmyndafræðin „Jákvæður agið gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjálfaðir markvisst með gæðahringum (bekkjafundum). Viðhorfs- og hæfnipættirnir eru:

- **Sjálfsstraust.** (Viðhorf nemanda: „Ég getð) Til að þróa með sér sjálfsstraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómur um velgengni eða mistök, rétt eða rangt.
- **Að tilheyra.** (Viðhorf nemanda: „Ég tilheyri og mín er þörfð). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega.



- **Áhrif.** (Viðhorf nemanda: „Ég hef áhrif á umhverfi mitt og lífið). Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu.
- **Innsæi/tilfinningagreind.** Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsaga, sjálfsstjórn og að læra af reynslunni.
- **Samskiptahæfileikar.** Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð.
- **Ábyrgð.** Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika.
- **Dómgreind.** Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati.

Gæðahringir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa framangreind atriði í öruggu umhverfi. Í vetur unnu kennarar samkvæmt áætlun sem miðaði að því að þjálfar nemendur í framkvæmd gæðahringja og haldnir voru nokkrir fræðslufundir fyrir kennara og aðra starfsmenn. Aníta Jónsdóttir kennari annaðist umsjón með verkefninu.

## Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Til að svo megi verða þurfa báðir aðilar að leggja nokkuð af mörkum. Lagt hefur verið upp með eftirtalda fasta liði í samstarfinu:

- Ítarleg viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur snemma á skólaárinu með það í huga að setja markmið fyrir veturinn og skilgreina ábyrgð aðila. Í viðtölunum er rætt um námsleg og félagsleg markmið fyrir nemendur, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Því samkomulagi sem gert er í haustviðtölunum er fylgt eftir með nemenda- og foreldraviðtölum, þ.e. að umsjónarkennarar setjist reglulega niður með hverjum og einum nemenda, fari yfir þau markmið sem sett hafa verið og hjálpist að við að meta árangur. Þá ræða foreldrar einnig við nemendur og upplýsingum er miðlað milli heimila og skóla. Miðað er við að þetta gerist a.m.k. þrisvar sinnum yfir veturinn.
- Haldnir eru morgunfundir með foreldrum snemma í september þar sem starfið er kynnt, tilnefndir eru bekkjarfulltrúar o.fl.
- Samskipti eigi sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða er til. Hvert umsjónarkennarateymi sendir út tölvupósta til upplýsingamiðlunar, gjarnan á föstudögum.
- Foreldrafélag skólans hlutast til um að til staðar séu bekkjarfulltrúar og gerð sé áætlun um félagsstarf umsjónarhópsins um veturinn. Ætlast er til að foreldrar skipti með sér verkum t.d. varðandi framkvæmd bekkjarkvöldra o.fl.
- Mánaðarleg fréttabréf eru send með tölvupósti til foreldra, heimasíða er notuð til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum.



- Foreldrar eru velkomnir í skólann hvenær sem er og hvetjum við foreldra til að kíkja við í skólanum og fylgjast með starfinu. Við bendum t.d. á samverustundir nemenda og hvers kyns sýningar og uppákomur í einstökum árgöngum eða námshópum, en einnig er afar gott að sjá foreldra í venjulegum kennslustundum. Opnar vikur eru tvisvar yfir skólaárið þar sem foreldrar eru sérstaklega hvattir til heimsóknna.
- Sjálfboðaliðastörf foreldra eru alltaf vel þegin, hvort sem er við gangbrautavörslu, gæslu í frímínútum eða matartíma, aðstoð í kennslustundum, kynningu á atvinnu eða áhugamáli, þátttöku í ferðum o.s.frv. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara eða stjórnend ur ef þeir hafa tök á að vinna slíka vinnu.
- Varðandi heimanám er gert ráð fyrir að línur séu lagðar fyrir hvern nemanda í viðtali að hausti og að heimavinna sé ætíð í samráði við forráðamenn nemenda.
- Foreldrar við skólann starfrækja Foreldrafélag Naustaskóla. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda og skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Félagið starfar skv. sérstökum lögum en á vegum þess eru einnig valdir fulltrúar í skólaráð sem starfar með skólastjóra að stefnumótun og áætlanagerð fyrir skólann.

**Fastir kynningarfundir:**

- Haldnir eru kynningarfundir að vori fyrir verðandi 1. bekk og foreldra þeirra.
- Skólafærninámskeið eru haldin fyrir foreldra yngstu barnanna í ágúst.
- Kennarar og stjórnendur halda kynningarfundir fyrir foreldra snemma í september eða þar sem m.a. eru kynntir starfs- og kennsluhættir, starfsáætlun skólans, fyrirkomulag námsmats o.fl..
- Skólastjórnendur bjóða foreldrum einstakra hópa/árganga til fundar einu sinni á vorönn.
- Opinn foreldrafundur er haldinn í september (aðalfundur Foreldrafélags).

Stuðst hefur verið við framangreint fyrirkomulag þetta skólaárið en í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir útfærslu hjá hverjum hópi fyrir sig.

**Námsgögn**

Meirihluti námsgagna fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Þetta er gert til þæginda en einnig til að ná betri verðum enda nást fram verulegir magnafslættir með þessu móti. Lagt var upp með að foreldrar útveguðu þau gögn sem tilheyra pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk (skriffæri og þess háttar) en skólinn útvegar öll önnur námsgögn. Haustið 2013 voru innheimtar 4.100 kr. á hvern nemanda vegna þessa.





### Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Auk þess gegnir nemendaverndarráð hlutverki eineltisteymis í skólanum. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá Akureyrarbæ. Nemendaverndarráð fundaði á fimmtudögum kl. 9:00.

---

### Ráðgjöf fjölskyldudeildar

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru bæði sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá starfsfólki fjölskyldudeildar. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til fjölskyldudeildar. Sérkennsluráðgjafi skólans er Elín Sigurbjörg Jónsdóttir ([elins@akureyri.is](mailto:elins@akureyri.is)) en skólasálfræðingur er Helga Vilhjálmsdóttir ([helgav@akureyri.is](mailto:helgav@akureyri.is)). Tengiliður skólans við barnaverndarteymi fjölskyldudeildar er Hafdís Erla Jóhannsdóttir ([hafdise@akureyri.is](mailto:hafdise@akureyri.is)).

---

### Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans fram að áramótum var Inga Berglind Birgisdóttir, hún hætti störfum um áramót og við starfi hennar tók Alma Stígisdóttir, báðar voru þær í 40% starfi við skólann. Föst viðvera skólahjúkrunarfræðings í skólanum var á mánudögum og þriðjudögum kl. 8:30-14:30 og fimmtudögum kl. 8:30-13:30.

---

## Skýrslur starfsmannahópa

### Skýrsla 1. bekkjar

Haustið 2013 byrjuðu 56 börn í 1. bekk, 25 stúlkur og 31 drengir. Einn drengur og ein stúlka hættu á vorönn. Engin ný börn bættust í hópinn á skólaárinu.

**Umsjónarkennarar** 1. bekkjar voru Berglind Bergvinsdóttir, Lilja Þorkelsdóttir og Þóra Ólafsdóttir Hjartar. Harpa Mjöll Hermannsdóttir var stuðningsfulltrúi 1. bekkjar. Yrsa Hörn Helgadóttir var sérkennari 1-3 bekkjar á haustönn og Gyða Björk Aradóttir kom inn 1. mars sem stuðningskennari.

#### Námsumhverfi/skipulag

Námsumhverfinu var hagað þannig að börnin gætu verið nokkuð sjálfbær í lestrarhvetjandi umhverfi og höfðum við lestrarkrök þar sem börnin gátu unnið sjálfstætt að lestrarhvetjandi verkefnum að eigin vali. Það sama átti

við um stærðfræðikrókinn okkar. Námsmarkmið voru nemendum oft sýnileg og verk þeirra hengd upp í þeirra hæð eins og kostur var.

Í hverjum umsjónarhópi voru 18-19 börn. Færðum við börn milli umsjónarhópa ef ástæða þótti til. Unnið var í margskonar hópum í vetur, allt fór það eftir viðfangsefnum og hvernig námsaðlögun var háttáð hverju sinni. Börnum var ýmist skipt upp í 3 eða 4 hópa, getuskipt eða getublandað, við vorum með tilviljunarkennda hópa og einnig var tekið tillit til félagstengsla nemenda.



#### Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndar voru 30 stundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn. Umsjónarkennarar kenndu 27 stundir að meðaltali og íþróttakennarar tvo tíma sem skiptist í einn sundtíma og einn íþróttatíma. Einnig kenndu íþróttakennarar tvo útiþróttatíma á viku sem skipta þurfti á milli barnanna svo hvert barn fékk útiþróttatíma hálfsmánaðarlega í 60 mínútur. Tónmenntakennari kenndi tónmennt á móti útiþróttum og fékk hvert barn tónmenntakennslu hálfsmánaðarlega. Tveir smíðjutímar kenndir af umsjónarkennurum komu á móti útiþróttum og tónmennt. Þar voru ýmsar verkgreinar kenndar s.s. smíðar, heimilisfræði, textílmennt og myndlist. Það sem tekið var fyrir í verkgreinum tengdist ávallt þeim þemum sem unnið var með hverju sinni í Byrjendalæsi. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum 30 mínútur. Ávaxtastund fór fram á sal skólans og tók oft á tíðum u.þ.b. 15 mínútur.



Kennslufyrirkomulag var margþætt, oftast var unnið í þremur eða fjórum hópum, misstórum hópum en allt fór það eftir viðfangsefni og markmiði vinnunnar.

Samstarf leik- og grunnskólans var töluvert í vetur. Þar má meðal annars nefna sameiginleg þemu og hringekjur bæði fyrir og eftir áramót, nemendaskipti í tvígang, sameiginlegt val vikulega o.s.frv. Einnig hittust kennarar beggja skólastiganna reglulega á fundum og ígrunduðu og þróðu samstarfið.

### Kennsluhættir

Kennsluhættir voru fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveigjanlegir, unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa út frá merkingarbærum textum. Lögð var áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu barnanna o.fl. Einnig var lögð áhersla á lesskilning, ritun og orðaforða. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir gætu yfirfært það á daglegt líf. Unnið var í hringekjum og stöðvum, litlum hópum og stórum hópum. Lögð var áhersla á athafnamiðað nám í bland við bóklegt og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur fengu að vinna í mismunandi aðstæðum, beita mismunandi líkamsstöðum og stellingum eftir þörfum á því svæði sem í boði var hverju sinni. Stundum fengu þeir að ráða ferðinni sjálfir og/eða velja sér viðfangsefni upp að vissu marki. Viðfangsefnin voru af margvíslegum toga, bæði athafnamiðuð og bókleg. Reynt var eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins er íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur eiga sameiginlegt.



### Aðkoma list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinakennarar komu ekki að kennslu í 1. bekk í vetur fyrir utan tónmenntakennarann eins og fram kemur hér að framan.

### Námsaðlögun

Leitast var við að mæta þörfum allra nemenda í náminu. Sum verkefni voru útbúin með þrjú þyngdarstig í huga og getu nemenda hverju sinni. Stundum voru hóparnir getuskiptir og hétu þá Hjarta, Spaði, Tígull og Lauf. Þá voru verkefnin einnig í þremur þyngdarstigum og börnum skipt eftir getu. Stundum unnum við verkefnin líka í blönduðum hópum og börnin þá með mismunandi viðfangsefni. Reynt var að gefa þeim börnum sem voru lengra komin í námi tækifæri til að halda eins langt og hægt var og að þeir sem eru styttra komnir í námi fengju þá aðstoð sem þeir þurftu. Markmiðið var að allir fengju námslega ögrun við hæfi og fannst okkur það ganga nokkuð vel þó lengi megi gott bæta. Byrjendalæsisleiðtogi í skólanum heimsótti okkur í nokkur skipti í vetur til að skoða vinnuna hjá okkur og fengum við góða umsögn hjá honum fyrir. Sérkennari og þroskajálfi komu lítið að störfum okkar í vetur.

### Kennsluáætlanir

Unnið var eftir annaráætlun fyrir veturinn 2013-2014. Byrjendalæsiskenntuáætlanir voru síðan gerðar út frá annaráætlun. Gerðar voru nýjar kenntuáætlanir í flestum þeim. Þær eru vistaðar á samgögnum, undir Byrjendalæsi í þeirri þemamöppu sem við á hverju sinni. Kennsluáætlanirnar voru svo uppfærðar nákvæmlega í handbókina okkar þ.e. vikuáætlunina. Vikuáætlunin var mjög nákvæm og hver kennslustund listuð upp. Annaráætlun var birt á Mentor fyrir foreldra. Í föstudagspóstum komu yfirmarkmiðin úr kenntuáætlunum fram sem og þær leiðir sem við ætluðum að fara hverju sinni til að ná markmiðunum bæði í íslensku og stærðfræði. Einnig kom þar fram að hvaða þema unnið var að hverju sinni, tengt náttúru- og samfélagsfræði.

### Mat og tillögur til úrbóta

Þegar horft er til baka þá reyndist þessi árgangur okkur nokkuð þungur hvað varðar hegðunarerfiðleika og námsaðlögun. Þeir einstaklingar sem ekki er búið að greina nákvæmlega hvar vandinn liggur eru þar efstir á blaði. Þá er verið að tala um einstaklinga sem eiga við mestu námserfiðleikana að stríða og skera sig úr hópnum að því leiti. Einnig

teljum við að hegðunarerfiðleikar sumra barna hafi haft áhrif á hópinn í heild og jafnvel gert okkur erfiðara fyrir að mörgu leyti.

Stuðningsfulltrúinn sem var í 1. bekk var okkur kærkomin viðbót og teljum við að án hans hefðu hlutirnir ekki gengið jafn æskilega fyrir sig og raun var.

Með tilkomu nýrra námsmarkmiða var auðveldara að skipuleggja fyrirkomulag kennslunnar og teljum við kennsluna hafa verið markvissari fyrir vikið.

Mál sérkennara voru ekki í góðum farvegi í vetur og hefðum við kosið að geta nýtt okkur þessháttar aðstoð miklu meira en raun bar vitni.

### Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar voru af okkur umsjónarkennurum í fyrsta bekk eru íslenska, stærðfræði, sérgreinar, samfélagsfræði og náttúrufræði kennd í þemum og lífsleikni (Sjá nánar í annaráætlun hvað var tekið fyrir hverju sinni).



### Jákvæður agi/gæðahringir

Alla morgna byrjuðum við í heimakrók hver umsjónarhópur og fórum yfir daginn með börnunum og það sem framundan var. Einu til tvisvar sinnum í viku höldum við áfram með gæðahring þar sem við lögðum inn ýmsa lífsleikniþætti svo sem hróshring, fara yfir reglur, að hjálpa hvert öðru, lausnaleit, mál á dagskrá, kynntum fyrir nemendum grunnþætti menntunar, fórum í leiki o.s.frv.

Nýttum við jákvæðan aga í öllu starfi skólans eftir bestu getu. Í föstudagspóstunum okkar kom fram hvert verkfæri vikunnar var hverju sinni.

### Þemaverkefni

Þemu voru fléttuð inn í Byrjendalæsisáætlanirnar okkar. Þau þemu sem við unnum með í vetur eru eftirfarandi í tímaröð;

- Skólinn og nærumhverfið,
- Vinátta og samskipti; ég fjölskyldan og vinir
- Mismunandi fjölskyldugerðir
- Ævintýraþema
- Þjóðsagnahefð tengd desembermánuði
- Ýmsar þjóðsögur og ljóð, álfar og huldufólk
- Þjóðsagnahefð í kringum Þorrann
- Líkaminn minn
- Páskafræðsla
- Íslensk húsdýr
- Hringrásir; árstíðir og tíminn
- Grenndarkennsla, umhverfisvitund og umferðin.

### Útikennsla

Við vorum ekki nógu dugleg að nýta okkur möguleika beinnar útikennslu í vetur, hafði veðurfar þar nokkuð um að segja og því viðhorfi þarf að breyta bæði hjá kennurum og nemendum. Á haust- og vordögum fórum við töluvert mikið út í ýmsa leiki, unnum verkefni og hreyfðum okkur. Útikennslan var einnig fléttuð inn í vettvangsferðirnar hjá okkur að miklu leyti (sjá hér að neðan).

### Upplýsingatækni

Tölvur á svæðinu okkar eru fáar og þessum þætti í skólastarfinu ekki gerð nógu góð skil, nemendur fengu fáa tíma og hefðu þurft fleiri til að kynna grunnþáttum tölvutækninnar ítarlega. Gera þyrfti úrbætur á því.

### Vettvangsferðir

Farið var í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, flestar voru þær tengdar þeim þemu sem unnið var með hverju sinni.

- Við fórum nokkrar ferðir í Naustaborgir í vetur. Tvær ferðir í haust, eina í janúar og svo aftur í vor þar sem við grilluðum pylsur og fórum í leiki. Viðfangsefni og markmið Naustaborgaferðanna voru tengdar þemum hverju sinni.
- Við fórum tvær ferðir á Amtsbókasafnið þar sem nemendur fengu bækur að láni tengdu því þema sem unnið var með.
- Farið var í Hlíðarfjall á útivistardegi Naustaskóla og brekkurnar nýttar vel fyrir sleða, snjóþotu og skíðaferðir.
- Farið var í miðbæjarferð með strætó þar sem genginn var hringur um miðbæinn og leikið sér á torginu.
- Kirkjugarðurinn var heimsóttur með vorinu í tengslum við lífsleikninámsefnið Zippý.
- Farið var í verslunina Brynju og keyptur ís.
- Starfsfólk gámaþjónustunnar tók á móti okkur að Hlíðarvöllum og kynnti fyrir nemendum flokkun og endurvinnsluferli sorps.
- Farið var í Kjarnaskóg á vorþemadögum Naustaskóla, ferðin var nýtt til hreyfingar og leiks. Grillaðar voru pylsur ofan í nemendur og starfsfólk í ferðinni.



### Uppákomur

1. bekkur var í nokkur skipti í vetur með atriði á samverustund þar sem 2.-3. bekkur horfði á. Oftast sungu nemendur okkar lög sem tengdust því þema sem var verið að vinna að. Hópurinn var með sameiginleg atriði til að byrja með og síðan voru, umsjónarhóparnir með sín eigin atriði.

Tvisvar voru foreldraböð þar sem nemendur sungu fyrir foreldra sína hreyfilög og sýndu afrakstur vinnu sinnar. Einnig útbjuggu þau veitingarnar sjálf fyrir foreldraböðið, bökuðu bollur og fl.

Árshátíð skólans var haldin 7. mars þar sem 1. bekkur tróð upp með glæsilegt atriði, nemendur sungu draugasöng og þemað var þjóðsögur og draugar.

100 daga hátíðin var haldin með pomp og prakt í febrúar. Nemendur komu í búningum og héldum við búningaball og marseruðum. Börnin fengu einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju, samtals töldu þau sér 100 stykki af góðgæti og settu í kramarhús, síðan var horft á bíómynd á meðan góðgætinu voru gerð góð skil.

Töframaður mætti á svæðið í vetur og skemmti nemendum á sal skólans, einnig kom hópur frá Menntaskólanum á Akureyri og sýndi nemendum okkar leikrit og síðast en ekki síst kom hljómsveitin Pollapönk og spilaði og söng fyrir nemendahópinn.



### Ný Aðalnámskrá

Reynt var eins og kostur gafst að vinna eftir nýrri Aðalnámskrá grunnskóla. Voru grunnþættir menntunar hafðir þar til hliðsjónar og fléttaðir inn í kennsluáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fengi pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar.

Fróðleiksmolar úr Aðalnámskrá grunnskóla voru settir í föstudagspósta, þar voru grunnþættir menntunar m.a. kynntir fyrir foreldrum ásamt mörgum öðrum þáttum sem koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla og viðkoma að sjálfsögðu skólastarfinu okkar.



### Mat og tillögur til úrbóta

Eins og áður sagði var lítið um beina útikennslu fyrir utan vettvangsferðir. Gaman væri að útfæra það nánar fyrir næsta skólaár og setja það markvissara inn í kennsluáætlanir okkar, tengja þær meira við þemun okkar. Höfum við hugmynd um að hafa ákveðinn dag í viku sem útikennsludag þar sem einhverjir hópar fara alltaf út og vinna verkefni í takt við þau markmið sem verið er að kenna hverju sinni. Þá þyrftu nemendur að hafa litla bakpoka til staðar í skólanum yfir veturinn til að grípa í undir skriffæri, nesti eða þau gögn sem þarf að hafa meðferðis hverju sinni.

Upplýsingatæknikennsla í vetur hefði mátt vera meiri. Grunnmenntun þarf að ýta undir frumkvæði, sköpun og gagnrýna hugsun. Þar sem mikið framboð er af aðgengilegum upplýsingum fyrir nemendur er mikilvægt að þau læri fljótt að greina upplýsingar og meta þær á gagnrýninn hátt. Það er hægt að byrja snemma að leggja grunninn að þeirri færni. Einnig er mikilvægt að kynna fyrir nemendum möguleika tölvunnar til náms. Því er mikilvægt að börnin fái grunnþekkingu á notkun tölvu sem fyrst. Skoða þarf frekari úrbætur á þessum þáttum fyrir næsta skólaár. Hafa tölvurnar aðgengilegri á einhvern hátt og setja þær skipulega inn í kennsluáætlanir þannig að allir nemendur fái að kynnst grunnþáttum tölvutækninnar og upplýsingaflæðis.

Varðandi vettvangsferðirnar þá fórum við oftast öll saman þ.e. allur fyrsti bekkur í einu. Við hefðum sennilega geta auðveldað okkur ferðirnar með því að skipta hópnum upp í tvennt og fara með helminginn í vettvangsferð og vinna með helminginn í skólanum.

### Námsmat

#### Námsmöppur

Námsmöppur voru sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar fyrir áramótin og tvisvar eftir áramótin. Þau gögn sem fóru í möppurnar voru m.a. kannanir, fjölbreytt sýnishorn af verkefnavinnu nemenda tengdum þemu hverju sinni, sjálfsmat o.fl. Möppuna áttu nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins.

Möppuskil 7. október; í möppuna fór sjálfsmynd, rithandarsýnishorn, bókstafablað, tvö Byrjendalæsisverkefni, tvö stærðfræðiverkefni, umsagnarblað þar sem nemandi og foreldri fylltu út heima um skólastarfið og líðan nemanda. Mappan var skoðuð af foreldrum hér í skólanum þennan dag, foreldraviðtalsdag.

Möppuskil 13. desember; í möppuna fóru þrjú Byrjendalæsisverkefni, þrjú stærðfræðiverkefni og sjálfsmatsblað þar sem börnin voru látin meta þekkingu sína á grunnformum í stærðfræði með foreldrum sínum.





Möppuskil 14. febrúar; í möppuna fóru fjögur Byrjendalæsisverkefni, tvö stærðfræðiverkefni og sjálfsmatsblað þar sem börnin áttu að ræða um orðið kurteisi og meta hvort þau væru kurteis út frá þeirra skilgreiningum.

Möppuskil 22. apríl; í möppuna fóru fjögur Byrjendalæsisverkefni og tvö stærðfræðiverkefni. Einnig settum við matsblað í möppuna þar sem nemandi ræddi við foreldra sína um viðhorf sitt til ákveðinna námsgreina.

Þykir okkur þetta fyrirkomulag námsmappanna reynast vel. Möppurnar sýndu þverskurð af námi þar sem ákveðnir þættir voru teknir fyrir í Byrjendalæsi og stærðfræði og gáfu glögga mynd af þróun náms hjá nemendum yfir veturinn. Fremst í matsmöppunni fyrir hver möppuskil var listi þar sem hakað var við hvaða verkefni væru í möppunni hverju sinni og hver markmið þeirra eru. Einnig var foreldrablað í möppunni þar sem foreldrum var gefið tækifæri til að skrifa niður athugasemdir eða skilaboð til umsjónarkennaranna.

### Námsmat

Við reyndum að nota fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og flétta námsmat saman við námsferli nemenda og líta á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Við notuðum Námsmöppur barnanna til að meta þróun og stöðu náms hjá nemendum. Einnig var notast við símat og leiðsagnarmat sem fór fram meðan á kennslu stóð og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega var fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki lögðum við fyrir þrjú læsispróf, tvö lestrarpróf, stafakannanir eftir þörfum og þrjár kannanir í stærðfræði, bæði verklegar, munnlegar og skriflegar. Skráð var í markmiðalista á Mentor í janúar og birt foreldrum í kjölfarið. Síðan var hakað jafnóðum við markmiðin það sem eftir lifði vetrar.



### Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með fyrirkomulag námsmappanna í vetur og fannst okkur þær gefa góða sýn á þróun náms hjá nemendum okkar sem og gefa foreldrum nokkuð góða mynd af vinnulagi barna sinna. Einnig gáfu sjálfsmatsblöðin okkur góðar og nytsamar upplýsingar um líðan nemenda í skólanum, þekkingu á ákveðnum viðfangsefnum og viðhorf þeirra til námsgreina. Þessar upplýsingar gátum við unnið með áfram og nýtt til úrbóta fyrir nemendur ef þess var þörf.

Varðandi námsmat þá langar okkur að búa til vinnuform varðandi skráningar á þeim þáttum sem snúa að lykilhæfni nemenda sem metnir eru í leiðsagnarmati á Mentor. Það er þó ekki tímabært enn þar sem lykilhæfnipættir hafa ekki verið brotnir niður í þrep eins og markmiðin. En hugmyndin lifir! Þá þyrftum við að búa til sérstakar aðstæður fyrir nemendur þar sem við getum metið þá í vinnu sem reyna á þessa þætti. Þá er átt við þætti eins og samvinnu, frumkvæði, umhyggju, dugnað o.s.frv. Þetta skráningarblað yrði jafnvel staðsett í sýnimöppum nemenda og myndi fylgja þeim síðan upp í næsta bekk. Þá er einnig hægt að fylgjast með þróun barnsins milli ára og auðveldara að meta þessa þætti í lok hvers skólaárs.

Skráðum við niðurstöður atkvæðalesturs, Læsis- og stærðfræðiprófa inn í verkefnabók nemendanna á Mentor. Finnst okkur nafnið verkefnabók rangheiti á Mentor og mætti frekar heita Mat þar sem mat og frammistaða á námi barnanna er skráð þar. Einnig finnst okkur verkefnabókin á Mentor ekki bera gott skipulag og vinnuumhverfi.

### Foreldrasamstarf

Fyrstu tvo daga skólaársins þ.e. 22.-23. ágúst voru foreldrasamtöl. Þá komu foreldrar með börnin sín í samtal við umsjónarkennara. Samtölin voru 30 mínútur að lengd. Einnig var samtalsdagur 7. október og voru samtölin 15 mínútur að lengd þá og farið yfir hvernig skólabyrjunin hefur gengið hjá nemendum. Á seinni önn skólaársins voru samtöl 16. og 17. janúar 30 mínútur hvert samtal þar sem farið var yfir námsframvindu nemenda og gefnar leiðbeiningar um framhaldið. Ítrekað var fyrir foreldrum að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim lægi eitthvað á hjarta eða vildu nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig voru þeir hvattir til að koma í heimsókn á skólatíma og nýttu foreldrar sér það að litlu marki.



Töluvert mikið var um tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara og virðist sem margir nýti sér þá leið til upplýsingaöflunar og samskipta við kennara.

Í upphafi vetrar var haldið skólafærinámsskeið fyrir foreldrana og var mæting foreldra nokkuð góð. Skólastjóri leiddi námskeiðið ásamt deildarstjóra og okkur umsjónarkennurunum. Á þessu námskeiði

fengu foreldrar praktískar upplýsingar um skólastarfið, Byrjendalæsis kynningu og hvernig þeir gætu stutt við barnið sitt í skólastarfinu.

Eins og kemur fram hér að framan voru haldin tvö foreldraboð og árshátíð ásamt uppákomum á samveru þar sem foreldrar voru boðnir sérstaklega í heimsókn.

Í matsmöppum barnanna höfðu foreldrar tækifæri til að koma áliti sínu á framfæri varðandi skólastarfið. Misjafnt var hversu mikið foreldrar nýttu sér það.

### Upplýsingamiðlun

Föstudagspóstarnir voru oftast sendir til foreldra á föstudögum. Í þessum póstum var farið yfir hvernig vikan hafði gengið og gefnar upplýsingar um hvað framundan væri í starfinu. Í póstinum komu yfirmarkmið kennsluáætlana fram sem og stiklað á stóru með þær leiðir sem við ætluðum að fara til að ná markmiðum okkar. Fram kom hvaða þætti ætti að leggja inn í stærðfærði og íslensku í hverri viku ásamt öðrum upplýsingum er vörðu skólastarfið okkar. Einnig voru sendir póstar foreldrum til áminningar um viðburði og uppbrot í skólastarfinu.

Við höldum úti myndasíðu í allan vetur þar sem myndir úr skólastarfinu birtust reglulega og foreldrar gátu fylgst með vinnunni í gegnum þær og skapað umræðugrundvöll með barni sínu um viðburðina í skólanum.

### Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með hvernig foreldrastarfinu var háttað hjá okkur í vetur. Við upplifðum að foreldrar væru flestir í góðum tengslum við okkur kennarana og að þeir væru ánægðir með upplýsingaflæðið. Þeir lýstu yfir ánægju sinni hvað varðar foreldraboðin, þökkðu okkur fyrir upplýsandi föstudagspósta o.s.frv. Einnig fannst foreldrum ánægjulegt að geta skoðað myndir úr skólastarfinu hjá 1. bekk á myndasíðunni okkar sem nálgast má hér:

<https://plus.google.com/photos/116337347753172108776/albums>

### Nemendur

Okkar mat er að almennt hafi nemendum liðið nokkuð vel í skólanum hjá okkur þrátt fyrir það að nemendahópurinn hafi verið okkur svolítið erfiður hegðunarlega séð. Unnið

var með hvert hegðunarvandamál fyrir sig jafnóðum og þau komu upp og reynt að hafa áhrif á líðan þeirra nemenda til hins betra með ýmsum inngrípum.

Til grundvallar þeirri skoðun okkar að almennt hafi nemendum liðið nokkuð vel styðjumst við kennararnir við þau sjálfsmatsblöð sem fóru heim með námsmöppunum og spurt var út í líðan nemendanna í skólanum, tengslakannanir, nemendasamtölin og foreldrasamskipti. Í foreldrakönnun Skólapúlsins skorum við fyrir ofan landsmeðaltal hvað varðar upplifun foreldra á líðan barna sinna í 1.-4.

bekk í kennslustund en lendum rétt undir landsmeðaltali þegar foreldrar eru spurðir út í líðan barnanna almennt í skólanum í 1.-4. bekk. Í þeirri breytu gæti meðal annars haft áhrif að við lendum einnig rétt undir landsmeðaltali þegar spurt er út í líðan nemenda okkar í frímínútum í 1.-4. bekk. Þetta er vert að hafa í huga á komandi vetri og velta fyrir sér tillögum til úrbóta.

Lagðar voru tvær tengslakannanir fyrir nemendur yfir veturinn og nýttum við okkur niðurstöður þeirra til úrbóta fyrir þá nemendur sem ekki komu ásættanlega út úr þeim.



### Eineltismál og agamál

Varðandi eineltismál þá teljum við að ekki hafi borið á einelti í 1.bekk í vetur. Töluvert var um stríðni að ýmsu tagi en teljum við að þeir sem lentu í þessháttar hafi verið handahófskennd fórnarlömb hverju sinni. Agamál geta aftur á móti verið flókin og reynst erfið á stundum. Við viljum þó meina að okkur hafi tekist ágætlega til með agamálin þegar á heildina er litið og gert okkar besta hvað það varðar. Reynt var að vinna úr þessháttar málum í góðri samvinnu við foreldra.

### Námsárangur

Við metum stöðuna sem svo að námsárangur sé viðunandi hjá nemendum fyrsta bekkjar. Allflestir nemendur náðu meirihluta markmiða sem unnið var að hverju sinni með undantekningum þó. Teljum við að sá hópur sem ekki náði viðunandi árangri sé það lítill hluti að eðlilegt teljist. Þess má geta að niðurstöður Læsisprófanna hafa komið vel út í vetur hjá 1. bekk og gaf það okkur góða mynd af námsstöðu nemenda á því sviði. Einnig gáfu niðurstöður Læsisprófanna okkur staðfestingu á því að við hefðum unnið mikla og góða Byrjendalæsisvinnu í vetur með nemendum okkar

### Ástundun

Ástundun nemenda var oftast góð, nokkuð var þó um að of margir nemendur kæmu ítrekað of seint í skólann á morgnana. Reynt var að bregðast við því og fá útskýringu hjá foreldrum. Oftast lagaðist stundvísi nemenda í kjölfarið en þó ekki í undantekningartilfellum. Leyfi og veikindi voru innan eðlilegra marka.

### Mat og tillögur til úrbóta

Í heildina teljum við að þessir þættir hafi komið vel út og erum við sáttar varðandi þá. Mikill tími fór þó í agavandamál en teljum við að við höfum leyst þau nokkuð vel úr hendi miðað við þyngd og umfang sumra agamála. Það að hafa stuðningsfulltrúa bjargaði miklu og var nauðsynleg viðbót við teymið okkar í vetur. Það að við mælumst undir landsmeðaltali hvað varðar líðan nemenda í frímínútum finnst okkur að þurfi að huga að og vinna að tillögum til úrbóta hvað það varðar. Sem dæmi um hugmyndir, Vinaliðaverkefnið, leikir, vinabekkir sem fara með yngri börnunum út í frímínútur, hafa kerfi á hópleikjum bæði inni og úti í frímínútum, fleiri leiktæki, fá bekkir á lóðina, o.s.frv.

### Teymisvinna

Teymisfundir voru haldnir þrisvar í viku þ.e. á þriðjudögum klukkan 13:00-14:00 trúnaðarfundir, klukkan 14:00-14:30 nemendafundir og á miðvikudögum voru skipulagsfundir frá klukkan 13:00 og eftir þörfum. Farið var eftir starfsreglum teymisvinnu eftir bestu getu. Fundir féllu þó nokkrum sinnum niður en reyndum við að halda dampi varðandi fundina. Lilja tók að sér að vera formaður teymisins og Berglind ritari. Héldum við því þannig allan veturinn. Sendum við reglulega teymisfundargerðir til stjórnenda en í lok vetrar gleymdist það í nokkur skipti og vitum við upp á okkur sökina hvað það varðar. Teljum við okkur hafa tekist nokkuð vel til varðandi verkaskiptingu innan teymisins og að hafa verið vel skipulagðar bæði í starfinu sjálfu með nemendum sem og í undirbúningsvinnunni. Nýttum við allar vinnutímann okkar vel í skólanum og höfðum við það fyrir óskráða reglu að vinna innan veggja skólans að meðaltali 42,3 tíma á viku ef þurfa þótti. Reyndum við að beita uppbyggilegri gagnrýni á hvor aðra og ræða um þá hluti sem okkur þótti að mætti breyta og/eða bæta. Gyða kom sterk inn í lok vetrar og nýttist okkur eins og kostur var. Við erum ánægðar með stuðning stjórnenda við teymið í vetur og þá sérstaklega seinnipart vetrar þegar mikið mæddi á teyminu.



### Endurmenntun

- Sú endurmenntun sem teymið sótti í vetur voru meðal annars:
- Haustþing BKNE
- Byrjendalæsisfræðsla á vegum Jennýjar Gunnbjörnsdóttur og Ragnheiðar Lilju Bjarnadóttur frá Háskólanum á Akureyri.
- Skólaheimsóknir til Reykjavíkur
- Samstarf leik- og grunnskólans með stuðningi Helgu Rúnar Traustadóttur og Rannveigar Þóroddsdóttur frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.
- Árgangafundir 1. bekkjarkennara í grunnskólum Akureyrarbæjar.
- K-PALS fyrir 1. bekk
- Fræðsla vegna jákvæðs aga
- Námskeið í Leikur að læra

Auk þessa sóttu ein til tvær úr teyminu haustráðstefnu og vorráðstefnu á vegum Háskólans á Akureyri, Byrjendalæsismiðjur og leiðtogasmiðjur svo eitthvað sé nefnt. Okkur þótti sú endurmenntun sem í boði var þennan veturinn nokkuð góð, gott að hitta ráðgjafa á vegum Háskólans vegna Byrjendalæsis, stærðfræðinnar og samstarfs leik- og grunnskólans. Við gætum hugsað okkur meiri endurmenntun varðandi Mentornotkun og upplýsingatækni fyrir yngra stig.

### Jafningjastuðningur/ígrundanir/starfendarannsóknir

Reyndum við eftir fremsta megni að veita hvor annarri þann stuðning sem á þurfti að halda hverju sinni og leita leiða í sameiningu að lausnum ef eitthvað mátti betur fara. Ígrundun felur í sér mat á aðstæðum sem kallar á umræður og hugleiðingar um umbætur. Ígrundun hjálpar okkur m.a. að átta okkur á eigin viðhorfum, dýpkar skilning okkar á

viðfangsefnum, hjálpar okkur við að meta þarfir og greina aðstæður. Almennt ígrunduðum við starfið mikið og jafnóðum, ræddum oft fram og til baka hvað mætti gera öðruvísi, hvað hægt væri að bæta og hverju við ættum að halda inni sem reynst hefur vel. Starfendarannsóknir framkvæmdum við ekki í vetur. Höfum við trú á að allar starfendarannsóknir séu til góða og því væri ekki slæm hugmynd að einhverjir kennarar í skólanum framkvæmdu starfendarannsókn yfir skólaárið, þær gætu komið í staðinn fyrir endurmenntun að einhverju leyti.

### **Mat á teymisvinnunni**

Við erum nokkuð sáttar með hvernig teymisvinnunni hjá okkur var háttað í vetur. Við unnum sem ein heild og gerðum við allar okkar besta hvað varðar vinnuframlag. Við nýttum sterkar og veikar hliðar hjá hver annarri og úthlutuðum verkefnum samkvæmt því. Teymisfundirnir voru nokkuð markvissir hjá okkur í allan vetur og fylgdum við vinnuskipulaginu sem lagt upp með í þeirri vinnu í haust.



### **Almenn samantekt**

Þessi vetur er búinn að vera skemmtilegur og lærdómsríkur fyrir okkur allar. Jafnframt hefur veturinn verið erfiður á köflum, krafist mikillar vinnu og tekist hefur verið á um ýmis málefni nemenda og starfsmanna. Nánari samantekt er varða niðurstöður og tillögur til úrbóta er að finna undir hverjum kafla fyrir sig hér að framan.

Við metum að skólastarfið í Naustaskóla sé á heildina litið mjög gott, skólinn er að þróast gríðarlega og festa smám saman í sessi hefðir, venjur og það sem gott er og þróa og bæta það sem betur má fara.



## Skýrsla 2.-3. bekkjar

### Nemendafjöldi

2. bekkur: 43 nemendur, 23 stúlka og 20 drengir.

3. bekkur: 34 nemendur, 11 stúlka og 23 drengir.

Stúlkur í 2. -3. bekk samtals: 32.

Drengir í 2. -3. bekk samtals 43.

Nemendur í 2.-3. bekk samtals 77.

### Kennarar

Umsjónarkennarar voru fjórir, Guðrún Inga Hannesdóttir, Halla Óladóttir, Kristín Sigurðardóttir og Sunna Alexandersdóttir og störfuðu allan veturinn. Yrsa Hörn Helgadóttir stoðkennari hætti snögglega í lok árs og fór í veikindaleyfi en sagði síðan starfi sínu upp. Gyða Björk Aradóttir lauk barnburðarleyfi 1. mars og átti þá að koma til kennslu á ný en óskaði eftir minna starfshlutfalli svo Kristín hélt stöðu sinni áfram. Sandra Mjöll Tómasdóttir stuðningsfulltrúi starfaði fram í október en flutti þá frá Akureyi. Birgitta Birgisdóttir kom til okkar í byrjun árs sem stuðningsfulltrúi í stað Söndru og Jóna Hjaltadóttir hóf störf í teymi 2. og 3. bekkjar í febrúar fyrir Yrsu. Afleysingakennarar voru þær Áshildur Hlín Valtýsdóttir og Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir.



### Teymisvinnan

Fyrstu vikurnar fóru í að hrista saman nýtt teymi og að átta sig á umsjónarnemendum. Teljum við að okkur hafi gengið einstaklega vel að skapa bæði umhyggjusamt og faglegt teymi. Við ákváðum strax að fara nokkuð nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem okkur voru gefnar um starfshætti í teyminum og láta þær ramma teymisvinnuna inn. Mikill tími fór í að skipta nemendum í ólíka hóp, bæði íþrótt- og sund en einnig smíðjuhópa og fleira. Einnig fór að okkar mati of mikið þúður í að réttlæta umsjónarhópaskiptingar sem við höfðum meðal annars gert samkvæmt ráðleggingum annarra kennara sem þekktu nemendur vel og hvaða samsetning kæmi nemendum best. Spurning um að hafa samráð við kennarateymi fyrsta bekkjar og fá hreinlega leyfi til að nýta sér ályktanir þeirra um hópaskiptingu til að forðast árekstra. Þannig teljum við að okkur faglega mat í samráði við fyrrv. kennara 1. bekkjanna ætti að nægja til rökstuðnings.



Teymið ákvað í upphafi að festa þrjá teymisfundi á viku:

**Mánudagar:** Farið yfir kennsluáætlanir og samþætting kennslu.

**Þriðjudagar:** Mál á dagskrá, fagleg ígrundun um kennsluaðferðir, hópaskiptingar, námsefni, námsmat o.fl.

**Fimmtudagar:** Nemendafundur, farið yfir málefni nemenda og leitað lausna. Stundum sat sérkennari með okkur á þessum fundum.

Við ákváðum að skipta með okkur stærstu pólunum í starfinu, íslensku og stærðfræði og tóku tveir og tveir kennarar að sér hvort fag. Þetta reyndist okkur frekar dýrkeypt því þarna varð ákveðin sundrung til. Þetta fór að nokkru leyti í samkeppni og neikvæða atburði sem varð meðal annars til þess að teymið þurfti að ræða málín á alvarlegri nótunum og ná áttum á ný. Teymið náði sér á strik og var ákveðið að vinna kennsluáætlanir í pörum, en bera þær undir allan hópinn áður en ráðist væri í þær. Allur gangur var á því hvernig þetta gekk eftir. Vegna manneklu á tímabili varð minna úr þessu



en oftast tókst þó að uppfræða um hverja viku, í það minnsta hvern dag fyrir sig. Þegar við fórum af stað í kennslunni urðum við þess varar að mörg börnin skorti bæði upp á almenna skólafærni og skilning í stærðfræði. Var því ráðist í tvö nokkuð stór verkefni. Annars vegar fórum við í hlutbundna vinnu í stærðfræði þar sem unnið var almennt með tölur og talnaskilning og hins vegar fórum við í skólafærni þar sem mikil áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum. Farið var af stað með 3 hópa sem voru þarfaskiptir. Í fyrsta hópnum var unnið með tölur frá 0-20. Í þeim næsta tölur upp að 100 og í þeim þriðja var unnið með tölur upp í 1000. Í fyrsta hópnum var mikil innlögð í litlum hópum og farið í grunnvinnu í raun til að byggja hópinn upp. Í þeim næsta var unnið einungis hlutbundið á stöðvum en þó áhersla á innlagnir, mat og skráningu. Í þriðja hópnum var byrjað í bókavinnu en aðeins reynt að brjóta kennsluna upp um tíma með stöðvavinnu þar sem hópnum var skipt upp eftir þörfum. Okkur reyndist örlítið erfitt að halda utan um stærðfræðina að því leyti að hóparnir reyndust aðeins of stórir og einnig var miðjuhópurinn á ansi breiðu getustigi. Um áramót breyttist fyrirkomulagið á henni að stóru leyti. Sumir hópar voru mjög stórir sem gerðu það að verkum að mikill tími fór í að starta vinnunni og einnig fór mikilvæg orka oft í að halda nemendum að verki í staðinn fyrir fleiri innlagnir sem þörf var á. Við skiptum miðjuhópnum, jafnframt þeim stærsta, á milli okkar til að minnka umfangið. Þá var einnig sett upp flott kerfi þar sem markmiðin voru afmörkuð hverjum mánuði fyrir sig. Þá væri hægari leikur að meta. Að okkar mati þurfti mjög mikla vinnu í tölum og talnaskilningi fyrir áramót og mikla hlutbundna vinnu. Teljum við að það hafi tvímælalaust skilað sér. Að sama skapi varð keyrslan örlítið stífari eftir áramótin. Við unnum að mestu leyti í þarfaskiptum stærðfræðihópum. Einnig bættust matsvikur við í skipulagið okkar. Þar sem við fórum yfir hvernig námsmarkmiðum hafði verið náð. Börnin voru metin á mjög markvissan og vandaðan hátt, einstaklingslega svo matið ætti að sýna nokkuð vel hvernig börnin standa. Við söfnuðum töluverðum gögnum um hvert barn, bæði í stærðfræði og íslensku og hvað varðar félagslega stöðu þeirra. Tengslakönnun, lesskilningur, Læsispróf, hraðlestrarpróf, upplestrarpróf auk mats sem umsjónarkennarar höfðu gert á nemendum.



### Hópaskiptingar

Að hausti þurft að skipta nemendum í íþrótt-, sund, smiðju- og útiþróttahópa. Að okkar mati væri hentugra að íþróttakennarar skiptu nemendum í hópa því þeir hafa betri yfirsýn yfir hópana hvað íþróttirnar varðar. Við skiptum útiþróttunum þó í kynjaskipta hópa þar sem strákar í 2. og 3. bekk voru saman og eins stelpur í 2. og 3. bekk. Að okkar mati var þetta frábær ákvörðun því þarna skapaðist gæðastund með báðum hópum þar sem hægt var að hafa innlagnir, verkefnavinnu eða mat á nemendum. Sundhópaskiptingin tók mið af frístundatíma nemenda. Algengara er að nemendur í 2. bekk séu í frístund svo úr varð að fyrstu sundhóparnir innihéldu að mestu leyti nemendur úr 3. bekk. Þar sem sundhóparnir voru fimm talsins og fyrsti hópur fór rúmlega 11 frá okkur var dagurinn frekar langur hjá nemendum. Við lukum kennslu klukkan 11:30 svo frístund þurfti að brúa bilið fyrir nemendur þar til sundkennslu lauk (á mismunandi tíma) eða skóladeginum (kl. 13.).



Íþróttahópar voru 5 talsins en fóru í 3 hollum. 3. bekkur fór fyrst af stað á miðvikudagsmorgnum strax eftir nafnakall. Miðvikudagarnir voru okkur örlítið erfiðir að því leyti að nemendur komu og fóru mikið og sumir hópar sköruðust meira að segja. Besta nýtingin á þessum dögum var þó að vinna þematengd verkefni og hafa flæðivinnu virka. Þar komu nemendur inn í verkefni sem verið var að vinna að svo engin bið myndaðist eða árekstrar. Einnig var hægt að nýta þá í hefðbundna bókavinnu eða yndislestur. Nýtingin var einnig góð í endurinnlagnir eða ýmis konar mat.

### Umsjón

Umsjónarhópar voru fjórir. Við hefðum kosið að hefja alla morgna með okkar umsjónarhóp en það var ekki hægt sökum skipulags í stundartöflu. Á miðvikudögum misstum við 3. bekkinn strax eftir nafnakall, á þriðjudögum fóru nemendur á samveru strax eftir nafnakall og á föstudögum hófst dagurinn á smiðjum. Að okkar mati er mjög mikilvægt að fá góða stund að morgni með þessum aldurshópi til þess að spjalla og fara yfir dagskipulagið. Þar er einnig hægt að ræða markmið og taka léttu kennsluleiki eða innlagnir. Mjög mikilvægt er fyrstu vikunar að nemendur sé nær einungis í umsjónarhópum á meðan öryggi er náð. Þegar því öryggi er náð er möguleiki á að fara að vinna í fjölbreyttari hópum. Námsmatsvikur voru reglulega og því vorum við byrjaðar að haka við markmiðin snemma. Með þessu móti var hægt að ná góðri yfirsýn snemma og það var gott að hafa grunn að ýmsum hópaskiptingum með því að sjá hvaða þætti þurfti að vinna með og hverjir þarfnast þjálfunar í öðrum námsþáttum. Á meðan á námsmatsvikunum stóð drógum við fram bækur og lögðum áherslu á að nemendur sýndu sjálfstæði í vinnubrögðum; læsu fyrirmæli, væru vinnusamir og sjálfbjarga í að nálgast hjálpargögn. Þessi vinna skilaði sér mjög vel og við gátum sýnt foreldrum vandað og gott mat í foreldrasamtölunum eftir áramót.

Umsjónarkennarar voru ófeimnir við að senda nemendur sín á milli í Áheimsóknir. Ástæðan fyrir því gat verið ólík, suma nemendur vantaði tilbreytingu, aðrir voru óruggir



og sóttu stuðning til félaga sinna í öðrum krókum. Einnig var eitthvað um það að samskipti barna innan krókanna hefðu neikvæð áhrif á nám og líðan og þá var breytt. Sumar þessar heimsóknir urðu varanlegar þar sem skipt var um umsjón á meðan aðrar gengu til baka. Mælum við með þessu ferli áfram þar sem litlar breytingar skiluðu oft ótrúlegum árangri. Allar þessar Áheimsóknir voru með vitund foreldra og einnig ef skipta átti um umsjón. Með þessu skapaðist líka enn meiri

teymisheild og líðan nemenda og vinnusemi breyttist oftar en ekki!

Skipting nemenda í umsjónarhópa byggði á því að þeir kennarar sem fyrir voru héldu sínum umsjónarnemendum sem höfðu verið í þeirra umsjón í 2. bekk. Einn nýr kennari hóf störf svo hann tók við nemendum fráfarandi kennara. Reyndist þetta mjög vel og engir stórir árekstrar voru við nýja hópinn sem kom inn úr 1. bekk. Skipting þeirra nemenda sem komu inn byggði á mati 1. bekkjar kennara auk þess sem í sumum tilfellum lágu fyrir upplýsingar eða rök fyrir því að ákveðnir nemendur fengu að halda áfram saman í krók eða öfugt. Töluvert var um að foreldrar væru að koma hér inn eftir að fyrstu drög voru birt og að okkar mati fór of mikil vinna í það. Oftast var það ósk foreldra að barnið væri í umsjónarhóp með vinum sínum. Við bentum mörgum foreldrum á að hér væri algjör teymishugsun í gangi og að við værum allar kennarar barnanna svo það skipti í raun ekki máli hver væri umsjónarkennari þeirra, við kæmum allar að þeim. Þessi ábending dugði í sumum tilfellum en í öðrum reyndum við að breyta til eftir föngum. Það

væri að okkar mati árangursríkast að hafa þessar skiptingar byggðar á okkar mati því fljótlega kemur í ljós þegar í umsjónarhópana er komið hverjir þurfa skipti og oft er hegðun og líðan öðruvísi í skólanum en það sem foreldrar upplifa.

### Fyrirkomulag á svæðum

Í kennslurýminu voru fjórir krókar. Þrír á opna svæðinu og einn í lokaðri kennslustofu. Fljótlega skiptu við um svæði á tveimur krókum þar sem það reyndist nokkrum nemendum erfitt að halda einbeitingu þegar þau voru við gluggann í opna rýminu og fluttu þau því inní lokaðu stofuna. Skiptin voru einföld og gengu vel. Þetta tryggði þeim einstaklingum sem áttu erfitt með einbeitingu betra næði til náms. Töluvert flæði var innan rýmisins, til dæmis í stærðfræðihópum þar sem mikil blöndun var. Einnig fórum við í stöðvavinnu og hringekjur en raunin var sú að okkur reyndist auðveldara að hafa slíkar stöðvar í eigin krókum, enda verkefni oftast mjög þarfaskipt. Þegar við vorum í stærri verkefnum þar sem mikil blöndun var reyndist okkur svo auðveldara að sérhæfa okkur á eina stöð til að halda utan um það sem fylgdi hverri stöð. Fyrir áramót var unnið í minni og stærri hópum að sérverkefnum þar sem sérkennari sá um auka innlagnir og stafainnlögn en einnig voru umsjónarkennarar í þessari vinnu að stórum hluta. Þessir hópar reyndust mjög vel og unnið var í þeim inni á svæðum svo enginn var Átekinn úti fyrir þessa vinnu og hægt var að bjóða vinum með sér í þessa spennandi vinnu. Eftir lestrarátak og fleira sem farið var í eftir áramót skiptum við nemendum í þarfaskipta íslenskuhópa, þar sem unnið var í þeim þáttum sem þörfuðust mestrar þjálfunar. Sumir þurftu til dæmis að vinna í stöfum og hljóðum á meðan aðrir voru í málfræði og lesskilningi. Hægt var að skipa nemendum í 5 hópa í þessari vinnu þar eð fimmti kennarinn hafði bæst í hópinn. Það reyndist okkur mjög dýrmætt. Þessir hópar skiluðu tvímælalaust miklum árangri og nemendur voru almennt mjög jákvæðir fyrir þeirri vinnu sem lögð var fyrir þá á þessum tíma. Verkefni voru mjög einstaklingsmiðuð enda voru nemendur hafðir saman sem voru álíka langt komnir á leið í lestri og íslensku. Svæðið nýttist okkur vel í þessari vinnu og mikill vinnufriður skapaðist og metnaður nemenda jókst að sama skapi. Í einu þemanu, Drekaðansinum, unnum við með Kína og Ísland og þá nýttum við herbergi sem fékk heitið Litla- Kína til að hafa sýningu á ýmsum hlutum tengdum Kína. Þar var spiluð tónlist frá landinu og áhersla lögð á að þetta væri eins konar safn og áhersla á að þar væri vel gengið um.



### Kennsluaðferðir

Að mestu leyti náðum við að fylgja vikuáætlunum okkar og þar af leiðandi annaráætlun. Við misstum sérkennara frá okkur nálægt árslokum í veikindaleyfi auk þess sem einn kennari fór í fimm vikna langt veikindaleyfi. Þetta var mikið álag á teymið og á tímabili reyndist okkur erfitt að finna tíma í áætlanagerð og skipulagningu.

Í íslensku var kennt eftir leiðum byrjendalæsis. Í byrjun var gæðatexti lagður inn fyrir umsjónarhópa en einnig var frábært að nýta kynjaskiptu íþróttatímanna til að leggja inn texta eða í endurlestur. Þannig mynduðust oft skemmtilegar og ólíkar umræður um bækurnar og þá gátu kennarar tvímennt í lesturinn og jafnvel leiklesid. Síðan tók við tæknileg vinna og enduruppbygging. Í byrjun rákum við okkur á það að enduruppbyggingin mætti stundum afgangi og sköpunin einnig. Við tókum okkur á og bættum þetta því þetta er svo mikilvægur hluti byrjendalæsis. Við rákum okkur einnig á það nokkuð oft að þeir nemendur sem skemmst voru á veg komnir í lestri áttu erfitt með að vinna verkefni og fylgja söguþræði. Við reyndum að sporna við þessu með því að

senda eftir föngum orðalista og bækur heim með nemendum (í þeim þeimur þar sem mikið var til af bókum), helst viku fyrir fyrsta lestur. Þannig var hægt í samvinnu við foreldra að undirbúa nemendur betur undir þemavinnu og styrkja þau þannig að þau finni betur til sín. Þetta veitir mikið öryggi og við mælum með þessu fyrirkomulagi áfram.

Við samþættum íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði. Í samfélagsfræði unnum við með vináttu- og samvinnuþema í upphafi annar og það reyndist okkur vel. Þá vorum við með umsjónarhópum hjá okkur fyrstu vikunnar og unnum fjölbreytt verkefni tengd vináttu.

Ritrún, vinnubækur í íslensku voru notaðar um skeið. Stærðfræðin var kennd mestmegnis á hlutbundinn hátt eftir leiðum byrjendastærðfræði þar sem áhersla er lögð á að mæta

getu nemenda og vinna á hlutbundinn hátt að markmiðum. Áhersla var lögð á endurtekningu, nýtingu hjálpargagna, vinnusemi og að læra í gegnum leik. Verkefnin tengdust þannig reynsluheimi barnanna og þau unnu í litlum hópum á fjölbreyttum stöðvum þar sem innlagn og mat fór fram á einni þeirra. Í hópnum sem skemmst var kominn var einungis fengist við hlutbundna vinnu en í þeim sem lengst var kominn var fengist að mestu leyti við bækur. Tilhneiging til bókavinnu var þó rík eftir áramót í öllum hópum utan þess sem skemmst var kominn. Það er þó okkar mat að hlutbundin vinna henti þessum aldursþópi mjög vel en gott væri að taka námsmatsvikur reglulega til að meta markmiðin og þá væri hugsanlega hægt að fara í bókavinnu á meðan slíkt fer fram. Við sáum tvímælalaust árangur af vinnunni og að okkar mati jókst talnaskilningur mikið á þessum tíma. Þessi vinna þarfnast þó mikils undirbúnings og skipulagningar svo ágætt er að hafa í huga að hafa hana jafnvel þegar hópurinn er ekki allur á svæðinu. Það voru aðallega hópastærðirnar sem urðu til þess að við snérum í meiri mæli að bókinni aftur eftir áramót.



### Námsmat

Námsmatið var fjölbreytt. Við lögðum fyrir nemendur fjögur hraðlestrarpróf (atkvæðapróf). Auk þess var lagt fyrir réttitunar- og talnaritunarpróf eftir upplestri. Skriflegar kannanir voru notaðar að einhverju marki til mats. Lögð voru fyrir lesskilningspróf og læsispróf tengd byrjendalæsinu. Reglulega voru teknar matsvikur þar sem nemendur voru í sínum umsjónarhópum og mjög gott og nákvæmt mat fór fram á þeim tíma. Þá var einstaklingslega metin staða hvers nemanda og einnig fór fram innlagn að einhverju marki á þeim þáttum sem ekki var náð eða þörfuðust meiri þjálfunar. Þannig vorum við komnar með gott mat strax í janúar þar sem hakað hafði verið við flest öll markmið. Þá var hægt að einbeita sér að þeim sem eftir voru og endurmeta áður en umsagnir voru gerðar og námsmati var skilað. Almenn ánægja var með þessi vinnubrögð. Þannig hefði til að mynda einnig verið hægt að safna saman ákveðnum hóp nemenda sem átti eftir að uppfylla ákveðið markmið og leggja það inn aftur og vinna með það. Við mælum með þessu áfram, það er gott að vera tímalega í matinu því það gefur bæði góða yfirsýn í námslega stöðu og er frábær grunnur fyrir foreldrasamtölin.



### Markmið

Áhersla var lögð á að meta stöðu nemenda snemma. Þó nokkrir nemendur voru með lestrarbækur sem að okkar mati voru ekki tilbúnir til þess. Við bökkuðum óhikað með þá nemendur sem skorti grunn eða þjálfun, hvort sem var í stærðfræði eða íslensku. Nokkrir nemendur voru að vinna á tveimur þrepum, bæði upp fyrir sig og niður. Í byrjendalæsinu var mjög mikil einstaklingsmiðun og því voru verkefni alltaf margskipt, oft allt uppí fimm skipt. Allir unnu þannig að svipuðum markmiðum og stundum þeim sömu en oftast miðað við hversu langt nemendur voru komnir. Einnig var unnið að hluta í blönduðum hópum þar sem nemendur fóru í ákveðin hlutverk þar sem hver fékk að njóta sín í því sem hann var sterkur í.



### Áhugasvið

Áhugasvið nemenda var nýtt í ítarverkefni og sem umbun þegar öðrum verkefnum var lokið, fyrir einstaka nemendur. Einnig vorum við á tímabili með enskukennslu fyrir þá sem höfðu áhuga á því. Það var mjög spennandi vinna sem væri athugandi að halda áfram fyrir þá sem eru langt komnir og eru til dæmis fljótir að vinna. Við einblíndum á 3. bekkinn en það er vel skoðandi að hafa þetta fyrir nemendur sem eru langt komnir og vantar verkefni. Umsjónarkennarar voru duglegir að ræða við nemendur um þeirra áhugasvið og reynt var að nýta það sem hvata í vinnu að fá að vinna slík verkefni þegar öðru var lokið.

### Heimanám

Nokkrir foreldrar höfðu samband og báðu um bækur til að vinna í heima, bæði í íslensku og stærðfræði. Umsjónarkennarar eða kennarar í íslensku og stærðfræðihópum höfðu óhikað samband við foreldra til að bjóða bækur heim til að þjálfa ákveðna þætti til að aðstoða nemendur við að ná ákveðnum markmiðum. Flestir foreldrar þáðu það boð og flestir nemendur bættu sig. Lestraráttak fór í gang þar sem við settum miða inn í lestrarbækurnar og reyndist þetta vel sem pressa á heimalesturinn. Við gáfum límmiða ef lesið var fimm sinnum í viku eða oftar. Þetta fyrirkomulag er sniðugt og til eftirbreytni því bæði batnaði heimalesturinn og yfirsýn okkar kennara jókst. Þetta áttak skilaði sér greinilega í framförum nemenda.

Markmiðin voru sýnileg í öllum föstudagspóstum svo hægt var að þjálfa þau heima ef vilji var fyrir hendi. Nokkrir foreldrar höfðu samband og báðu um hugmyndir til að þjálfa tiltekna námsþætti sem við gáfum með glöðu geði. Í október fóru nemendur með verkefni heim tengd réttiritun. Nokkur orð, oftast fimm, voru valin úr textanum sem lesinn hafði verið og nemendur skrifuðu þau niður eftir upplestri foreldranna. Síðan var verkefnið yfirfarið og leiðrétt með réttum rithætti ef þörf var á. Þetta verkefni fékk mikið hrós frá foreldrum og var tvímælalaust til góða fyrir nemendur. Mjög sniðugt og einfalt verkefni sem er til eftirbreytni.

### Gæðahringir

Gæðahringir voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku, á fimmtudögum í fyrsta tíma. Umsjónarkennarar sáu um sinn fund og var misjafnt hvaða málefni voru tekin fyrir. Við fylgdum áætlun Jákvaðs aga. Einn kennari sá um að fylla inn í vikuáætlunina upphitunarleiki, umræðu og verkfæri Jákvaðs aga. Gekk það ágætlega eftir og samræmingin var góð. Gæðahringir báru mikinn ávöxt og höfðu jákvæð áhrif á líðan og

andrúmsloftið. Nemendur voru mjög jákvæðir fyrir gæðahringjum og þeir gengu almennt vel þó kæmi fyrir að einstaka nemandi ætti erfitt með þetta. Sumir áttu erfitt með að tjá sig og aðrir með að sitja og/eða fylgja fyrirmælum. Okkur hefði fundist freistandi að hafa nokkra gæðahringi kynjaskipta og mælum með slíku á næsta ári. Þannig skapast eflaust öðruvísi umræður og andi.

### Námsmöppur

Tvær vinnumöppur voru í skúffum nemenda. Önnur var til að safna stærðfræðiverkefnum og hin fyrir íslenskuverkefni. Þá var matsmappan einnig til staðar og í hana fóru ýmis sýnishorn sem spegluðu þau markmið sem unnið var með hverju sinni. Matsmöppur fóru heim tvisvar sinnum en áttu að fara þrisvar. Ástæðan fyrir því að hún fór ekki heim í þetta eina skipti var sú að við vorum nýlega búnar að skila af okkur mjög fjölbreyttu og góðu yfirliti yfir stöðu barnanna svo okkur fannst við litlu hafa við það að bæta.

Foreldrar komu líka einu sinni í skólann til að skoða möppurnar en í það skipti fóru þær ekki heim. Í beinu framhaldi af möppuskoðun voru svo foreldrasamtöl. Allur gangur var á því hvernig þetta gekk eftir og spurning um að endurskoða formið á þessu. Margir foreldrar mættu stundvíslega í samtalið en áttu þá að hafa verið búnir að skoða möppuna. Gott væri ef möppuskoðunin gæti farið fram nær kennslurýmum frekar en á sal. Einnig þarf að brýna það fyrir foreldrum að fyrir samtölin þurfi að skoða möppurnar. Í sýnismöppurnar, fyrir utan hefðbundnu þættina eins og rithandarsýnishorn, sjálfsmynd, talnaskrift og lestrarsúlu, fóru 3 verkefni sem voru valin af kennara, líðan kannanir og nemendur völdu sér einnig 2-3 verkefni til að sýna og geyma í möppu.



### Vettvangsferðir

Nokkrar ferðir voru farnar á árinu. Farið var í Hlíðarfjall á skíði, Naustaborgir í berjamó, haustferð að gördunum sem bærinn á, Minjasafnið í upphafi Akureyrarþema og ísferð í Brynju í lok árs. Undirbúningur gekk ágætlega fyrir ferðirnar og áætlanir gengu vel eftir. Rætt var um ferðir í krókum og reglur settar auk þess sem skipulagið var yfirfarið. Muna þarf að skipuleggja vel ferðir sem farnar eru á vegum skólans, ekki bara þeirra sem okkar bekkir fara. Þá þarf að búa til skipulag og ákveða hlutverk í þeim ferðum eins og hinum. Mikilvægt er að gefa sér tíma í að fara yfir daginn eins og hann leggur sig til að við séum undirbúnar fyrir ýmsa óvænta atburði eins og slæmt veður, hvað gerum við þá og fleira. Einnig þarf að huga að því að skipta hópnum eins og færi er á, vegna fjölda nemenda. Mælum við með því fyrirkomulagi sem við nýttum okkur, að nýta útiþróttatíma í ferðir því þá bætist við aukastarfsfólk sem er dýrmætt í svona ferðum.

### Foreldrasamstarf

Utan við foreldrasamtöl og morgunfundi með foreldrum fór foreldrasamstarfið aðallega fram í gegnum Mentor og föstudagspóstana. Við lögðum áherslu á að foreldrar væru vel upplýstir um leið og áhyggjur eða vandræði komu upp. Einnig var lögð áhersla á að upplýsa foreldra um jákvæðu hlutina sem eru svo miklu fleiri en þeir neikvæðu. Hróspóstar voru sendir reglulega og voru þeir mikill hvati fyrir nemendur. Mjög algengt var að foreldrar bæðu um fundi með okkur, sér í lagi í byrjun skólaárs og svo jafnt og þétt yfir árið. Þá boðuðum við einnig foreldra á fundi. Ný regla var tekin upp hjá teyminu;



tvímennt var á flest alla fundi sem við sátum með foreldrum. Var þetta gert til stuðnings, bæði fyrir foreldra sem og kennara og viðkomandi nemanda. Þá voru saman komnir tveir kennarar sem komu að barninu til að veita betri yfirsýn og einnig var minni hætta á mistúlkun. Þetta reyndist mjög vel og mikilvægt er að reyna að viðhalda þessu formi á fundum.

### **Þemu**

#### **Ágúst/september**

Í íslensku var unnið með lestur, ritun og stafagerð. Áherslan var á að hafa bil á milli orða og vandvirkni.

Bækurnar sem teknar voru fyrir voru: Hjálparhendur og Einar Áskell og Milla. Vináttu- og samvinnuþema hófst með því að nemendur unnu ýmis verkefni í umsjónarhópum fyrstu vikurnar þar sem áhersla var lögð á vináttuna, virðingu og samskipti. Nemendur fengust við lykilorðarvinnu, gerð hugtakakorta, krossglímu og sóknarskrift. Áhersla var á að nemendur kynntust vel og æfðust í notkun á þessum verkfærum byrjendalæsisins. Enduruppbygging byggðist upp á leikrænni tjáningu þar sem nemendur unnu í hópum að því að endurskapa bókina Einar Áskell og Milla. Aðalheiður námsráðgjafi kom inn og ræddi störfina í fjölskyldunni. Nemendur unnu verkefni út frá því.



**Námsmat:** Nemendur gerðu rithandar- og talnaskriftarsýnishorn, sjálfsmynd að hausti, sjálfsmat um líðan og félagamat. Atkvæðapróf var lagt fyrir.

Í stærðfræði var unnið með tölur og talnaskilning, samlagningu og frádrátt. Mikil áhersla var á að nemendur nýttu sér hjálpargögn og læsu fyrirmæli.

Lífsleikni/samfélagsfræði: Æft var að fara í gæðahringur og reglur kynntar. Tekinn var tíminn á því hversu lengi við vorum að mynda gæðahring. Vináttuþema með áherslu á vináttuna, virðingu og samskipti.

#### **Október**

Íslenska: Unnið var með lestur, ritun, stafagerð og lýsingarorð. Farið var í stórt þema tengdu sjóræningjum. Unnið var út frá bókinni Sjóræningjar skipta ekki um bleiur og laginu Systa sjóræningi eftir Doktor Gunna. Bókin var leiklesin í kynjaskiptum hópum og lagið sungið. Lagið var mjög myndrænt og var því áhersla á sköpun. Stofan breyttist í mikið sjóræningjaþorp og mikil stemning var. Myndir úr bókinni voru notaðar og útbúið leikverk þar sem bókin var leikin. Leikritið var svo okkar framlag á árshátíðina. Lagið kom einnig fyrir í verkinu og var þetta mjög spennandi vinna. Þar sem nemendur voru 78 talsins en sýningarhóparnir á árshátíðinni 3 reyndist stundum erfitt að æfa atriðið. Brugðið var á það ráð að hafa fjölbreytta verkefnavinnu (sjóræningjaþema) í gangi þann tíma sem æfingar stóðu yfir. Þannig varð til ágætis flæðivinna þar sem verkefnum var safnað saman eftir árshátíðarhópunum þremur, Sjóskegg, Svartskegg og Fléttuskegg. Þrjú verkefni úr þessari vinnu urðu fyrir valinu í sýnismöppu. Þau voru hugtakakort um sjóræningja sem nemendur sköpuðu, mynd af honum og ritun um hann. Þarna var fengist við lýsingarorðavinnu að miklu leyti þar sem textinn beinlínis bauð upp á það.

**Námsmat:** Ritunarverkefni með tilliti til há- og lágstafa.

Stærðfræði: Tölur og talnaskilningur, samlagning og frádráttur.

Lífsleikni/samfélagsfræði: Að gera mistök, hrós og hvatning.

### Nóvember

Íslenska: Áfram unnið með bókina Sjóráningjar skipta ekki um bleiur og lagið um Systu sjóráningja. Lestur, ritun, stafagerð, persónulýsingar. 18. nóvember hófst vinna við nýja bók sem ber heitið Nammigrísinn. Markmiðin sem henni fylgdu voru lestur, ritun, samsett orð og lýsingarorð. Lögð var áhersla á á sköpun og kynna höfundinn vel fyrir nemendum. Mjög falleg verkefni urðu til. Texti bókarinnar bauð upp á vinnu með með samsett og mikla orðaforðavinnu. Einnig hefði verið hægt að taka fyrir samheiti því mörg samheiti er að finna í henni. Grunnþættirnir heilbrigði og velferð voru samþættir bókinni. Unnið var m.a. með hvað er hollt og hvað er óhollt. Miklar umræður sköpuðust um



nammigrísinn sem upphaflega var venjulegur drengur sem borðaði ýsu og fékk sér lýsi en breyttist í nammigrís því hann kunni sér ekki hof í óhollustunni.

**Stærðfræði:** Tölur og talnaskilningur, hjálpargögn, samlagning og frádráttur. Nemendur sem lengst voru komnir fóru að æfa sig í að taka til láns og geyma.

**Námsmat:** Nemendur 2. bekkjar þreyttu Læsispróf. Einnig voru lögð fyrir lesskilningsverkefni sem voru einstaklingsmiðuð. Niðurstöður úr Læsisprófinu voru fyrst og fremst þau að

nemendur voru mikið að falla á tíma. Ákveðið að reyna að auka leshraðann markvisst og þjálfna nefnuhraða. Einnig var unnið með lesskilning seinna, í byrjun árs 2014.

Heimsóknir: Blátt áfram heimsótti 2. bekk með fræðslu og Slökkvilið Akureyrar kom og hitti 3. bekk með fræðslu og sýningu á bílum og tækjum.

### Desember

Íslenska: Unnið út frá Jólakvæðum Jóhannesar úr Kötlum. Gagnvirkur lestur, skrift, ritun, andheiti og samheiti.

**Stærðfræði:** Tölur og talnaskilningur, hjálpargögn, samlagning og frádráttur. Nemendur sem lengst voru komnir fóru að æfa sig í að taka til láns og geyma og námunda að tug og hundraði.

**Námsmat:** Læsispróf og atkvæðapróf.

### Janúar

16. og 17. Janúar voru viðtalsdagar. Byrjun mánaðarins fór í að undirbúa námsmat. Árið hófst því á matsvikum, þar sem sest var niður með hverju og einu barni og metin staða þess mjög markvisst og vel, bæði í íslensku og stærðfræði. Hakað var við markmið inn á Mentor.

Íslenska: Unnið út frá bókinni Græni gaukurinn. Lestur, ritun, skrift, söguþráður, andheiti og samheiti, atburðarás og orð tengd tilfinningum.

**Stærðfræði:** Tölur og talnaskilningur, sætisgildi, frádráttur og samlagning, taka til láns og geyma, peningar og námundun.

**Námsmat:** Hakað við markmið í Mentor.



### Febrúar

Íslenska: Bókin Biti- Kisa. Unnið með ljóð og textaupbyggingu, upplestur á ljóðum og endursögn þeirra. Tilfinning fyrir rími og orðaforði efldur. Áhersla á að nemendur kynnist því hvernig myndir, ljóð og texti vinna saman að því að miðla efni til lesenda. Einnig var lögð inn minn og mín reglan í vinnu með nafnorð.

Líka var unnið með bókina Drekaðansinn og hún samþætt við ýmislegt tengdu Íslandi og Kína. Unnið var með atburðarás, söguveg, forspá, einfalda og tvöfalda samhljóða, og málsgreinar. Þá var einnig unnið með lestur á fjölbreyttan hátt til að auka leskraða. Unnið var með samanburð á því hvað væri líkt og hvað væri ólíkt á Íslandi og í Kína. Að sjálfsögðu var líka aðeins unnið með bollu-, sprengi-, og öskudag

Stærðfræði: 4. þrep: Tvöfaldur og helmingur, óstaðlaðar einingar, jafnt og, stærra en og minna en, óstaðlaðar einingar. Súlurit, hnit og gröf. 6. þrep: Margföldun og deiling, margföldunartaflan 1-5, reikniaðgerðirnar fjórar, súlurit, hnit og gröf.

### Mars

Áfram var unnið með Drekaðansinn og markmið frá því í febrúar.

Þemavinna hófst síðan með Akureyri og nágrenni. Unnið með textann Akureyri og norðrið fagra (lag: maístjarnan). Í upphafi þemans var farið á Minjasafnið í vettvangsferð á sýningu tengda því sem við tókum fyrir. Bar sýningin heitið Akureyri bærinn við Pollinn. Nemendur bjuggu meðal annars til nýja texta um Akureyri sem heppnuðust mjög vel. Unnið var með sérnöfn og samnöfn. Einnig var farið á netið og skoðaðar loftmyndir af Google earth af bænum og húsum nemenda. Búin voru til kort þar sem nemendur staðsettu sínar götur og bjuggu til húsin sín með ritun innan í um fjölskyldur sínar. Farið var auk þess að vinna í þarfaskiptum íslenskuhópum. Áhersla var lögð á að bæta lestrarhraða, nefnuhraða, lestrarlag og lesskilning. Einnig var unnið með lestur almennt, allt frá stafavinnu til greinarmerkja og allt þar á milli.

Stærðfræði: 4.þrep: Þekkir horn, brúnir og fleti. Getur lesið heilan og hálfan tíma á skífuklukku. 6. þrep: Kann og skilur hugtökin og aðgerðamerkin margfeldi og deiling. Kann og getur beitt margföldunartöflunni frá 1-5. Hefur þjálfast í að vinna með reikniaðgerðarnar fjórar. Kann á tölvuúr og skífuklukku.

**Námsmat:** Læsispróf og atkvæðapróf.

### Apríl

Íslenska: Áframhaldandi vinna með Akureyri og nágrenni og unnið í þarfaskiptum íslenskuhópum. Bókin Helgi skoðar heiminn tók síðan við. Hún var samþætt við náttúrufræði að því leyti að unnið var með dýrin í bókinni, bæði almennt og svo í sérfræðihópum. Sérfræðihóparnir héldu kynningu fyrir samnemendur sína. Markmiðin þennan mánuðinn voru eftirfarandi: Að nemendur læri og þjálfist í vinnu með stafrófið, vinni með stafina f, v, þ og ð og þjálfist í gerð hugtakakorts. Einnig að þeir fái þjálfun í upplýsingaleit, bæði í bókum og tölvum og geti skrifað texta í tölvu.



Stærðfræði: 4.þrep: Að nemendur þekki horn, brúnir og fleti. Geti mælt með óstöðluðum einingum. Þekki þrívíddarformin sívalning og kúlu. Þekki tvívíddarformin hring og mismunandi hyrninga. Kunni að spegla. 6. þrep: Form, mynstur og speglun. Almenn brot og tugabrot. Þrautir, týndi þátturinn. Áframhaldandi margföldun, deiling, samlagning, frádráttur, taka til láns og geyma. Lagt var fyrir samrænt próf í stærðfræði tvisvar sinnum.

**Heimalestrarátak:** Heilmiklu lestrarátaki hrundið í gang (mars eða apríl). Blöð sett inn í möppur til að kvitta fyrir lestur daglega. Umbun í límmiðaformi fyrir duglega lesara. Foreldrar hvattir með.

### **Mái**

Íslenska: Helgi skoðar heiminn. Sömu markmið. Kynningar á dýrunum; hundur, hestur, lax, haförn og hreindýr. Áfram unnið með lestrarátakið.

Klárutímabil og námsmat, hakað við markmið í mentor, uppfærsla á þeim og innlögn á þeim þáttum sem þörfuðust þjálfunar. Nemendur fóru í skúffuvinnu og kláruðu verkefni, tóku til í skúffum og völdu verkefni í sýnismöppuna.

**Námsmat:** Atkvæðapróf, ritun, sjálfsmynd að vori og skriftarsýnishorn, bæði tölustafir og bókstafir að vori. Læsisprófið Lesmál lagt fyrir 2. bekk.

## **Skýrsla 4.- 5. bekkjar**

### **Nemendafjöldi.**

Í vetur voru 63 nemendur í 4.-5. bekk við upphaf skólaársins en 61 að vori. Það voru 13 strákar og 15 stelpur í 4. bekk og 17 strákar og 16 stelpur í 5. bekk. Við vorum fimm í teyminu, þrír kennarar og tveir stuðningsfulltrúar. Hópnum var skipt í þrjá umsjónarhópa og í upphafi var miðað við að allir umsjónarkennarar væru með svipaðan fjölda nemenda. Þegar líða tók á vetur urðu svolitlar breytingar á fyrirkomulaginu og við færðum nemendur milli umsjónarhópa eftir aðstæðum. Við unnum þó nokkuð í umsjónarhópum en nemendum var skipt í fleiri hópa í vinnu, s.s. árgangablandað í smíðjuhópa, mjög breytilega árgangablandaða hringekjuhópa, getuskipta hópa í stærðfræði, árgangaskipt í ensku og íþrótt- og sundhópa.

### **Teymið**

Guðrún Kristín Sæmundsdóttir  
stuðningsfulltrúi

Ingibjörg Ósk Hannesdóttir stuðningsfulltrúi  
Jóna Hjaltadóttir / Selma Malmquist / Þóra Ýr  
Sveinsdóttir umsjónarkennari

Sigríður Jóna Ingólfssdóttir umsjónarkennari  
Svala Einarsdóttir umsjónarkennari.



### **Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag.**

Alla daga byrjuðum við á 20 mínútna gæðahring í heimakrók þar sem farið var yfir mætingar, dagsskipulag og verkfæri jákvæðs aga. Síðan var vinnulota í klukkustund og svo nestisstund og lestur í 15 mínútur fyrir frímínútur. Eftir frímínútur var 100 mínútna lota og svo matur. Eftir mat voru ýmist 40 eða 80 mínútna lotur. Stundaskráin var mjög breytileg hjá okkur yfir veturinn og stýrðist hún helst af þeim verkefnum sem við vorum að vinna að hverju sinni. Við byrjuðum haustið á því að leggja inn PALS (lestrarþjálfunarverkefni) og unnum það verkefni fram undir jól. Á haustdögum tókum við endurvinnsluþema, síðan tók árshátíðarundirbúningur við með þema um Gulleyjuna. Fyrir jólin tókum við svo fyrir nokkrar jólasögur og ævintýri. Eftir áramótin vorum við með 12 vikna þema um norræna goðafræði og eftir páska unnum við þema um veður og náttúru.



### **Kennsluhættir / hvernig var kennt / hvaða aðferðir voru notaðar.**

Við teljum að vinnulag og kennsluhættir hafi verið fjölbreyttir í vetur. Í stærðfræði unnum við eftir markmiðum og krakkarnir fengu áætlun í hendurnar og unnu samkvæmt henni. Við höfðum stuttar innlagnir í upphafi en svo rann það einhvern veginn út í sandinn. Krakkarnir unnu hver á sínum hraða og undir vorið ákváðum við að best væri að láta alla áætla sér.

Í náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt og íslensku vorum við með samþætt þemaverkefni sem byggðust að langmestu leyti á byrjendalæsi og orði af orði. Þemavinnan var mjög fjölbreytt, m.a. paravinna, hópavinna, einstaklingsvinna, sérfræðingahópar, námsleikir, leikræn tjáning og vettvangsferðir. Við unnum með PALS á haustönninni og samþættum það verkefni einnig þemavinnu eftir hentugleika. Innleiðingafærlíð tók fjórar vikur og svo tók við átta vikna æfingartími, í þessari vinnu var unnið í pörum.

Enskukennsla var í árgangaskiptum hópum og þar var lögð áhersla á orðaforða hjá 4. bekk og ávallt voru stuttar innlagnir og svo verkefnavinna. Fyrirkomulag var svipað í 5. bekk en þar var lögð áhersla á hlustun og verkefnavinna.

### **Áætlun/áform- hvernig voru þær notaðar/hvernig nýttust þær**

Í upphafi vetrar ákváðum við að láta nemendur ekki áætla sér því við samþættum íslenskuna alfarið inn í þemu og ætluðum að ramma stærðfræðina vel inn með afmörkuðum tíma fyrir hvert viðfangsefni. Þegar líða tók á veturinn sáum við að okkur hafði ekki tekist nógu vel að ramma stærðfræðina inn og ákváðum að láta krakkana áætla sér í stærðfræðinni fram á vorið. Við útbjuggum ljósritað hefti sem krakkarnir notuðu til að áætla sér. Okkur gekk vel að hafa íslenskuna algjörlega samþætta við þemu og sjáum ekki ástæðu til að nota skjatta.

### **Námsaðlögun/skipulag hennar /hvaða leiðir voru farnar?**



Í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans en hver og einn vann í því þrepi sem hentaði og í sumum tilfellum vorum við svolítinn tíma að finna út hvað átti best við fyrir einstaka nemendur. Við vorum líka með getuskipta hópa í stærðfræði þar sem við gátum unnið með misjafnar áherslur eftir því hvað hentaði. Nokkrir nemendur voru með efnið niðursneitt í smærri einingar og unnu samkvæmt sínum markmiðum.

Í þemavinnu unnu flestir sömu verkefni en útfærslur voru mismunandi eftir þörfum nemenda. Stundum vorum við með auðveldari útfærslur á verkefnum, stundum gátu nemendur sem það þurftu notað tölvur og Ipad, stundum voru valverkefni þannig að nemendur gátu valið verkefni sem þeir réðu við o.s.frv.

Í ensku vorum við með allan 4. bekkinn saman þar sem þeir voru að læra ensku í skólanum í fyrsta sinn og þeir sem okkur fannst vera sterkir í ensku höfðu gaman að verkefnunum og virtist ekki leiðast. Í 5. bekk vorum flestir að vinna að sömu markmiðum en nokkrir unnu þau meira sjálfstætt með orðaforðavinnu og málfræði.

### **Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar?**

Við gerðum grófa áætlun fyrir veturinn í þemum, stærðfræði og ensku sem við notuðum mjög mikið. Kennsluáætlanir voru gerðar strax að hausti í endurvinnsluþema, stærðfræði



og ensku og settar inn á mentor. Nokkrar einstaklingsáætlanir voru gerðar. Aðrar þemaáætlanir voru unnar jafnt og þétt yfir veturinn þó þær hafi ekki verið sýnilegar foreldrum.

### Námsgreinar

- **Stærðfræði** : Sproti 4a, 4b, Stika 1a og 1b, Stefnum á margföldun, Stefnum á deilingu og ýmis önnur verkefni af vef (gyldendal/multi.no og nam.is) og í Ipad
- Íslenska / lestur: ýmsar sögubækur, fræðibækur og námsbækur sem féllu vel að þemum
- **Enska** : 4. bekkur: Adventure Island of English Words/Orðasjóður, Hickory, Dickory, Dock. 5. Bekkur: Work out, Speak out og lestrarbækur.
- **Upplýsingatækni**: áhugasvið, tölvuver / nams.is.
- **Jákvæður agi**: Kennsluáætlun í jákvæðum aga. Gæðahringir daglega

### Þemu

- **Endurvinnsla**: Ævintýri Sebastians Kassmans, verkefni frá Sorpu.
- **Gulleyjan**: Bókin um Gulleyjuna, CD frá LA með leikritinu um Gulleyjuna, upptaka af leikritinu
- **Jólasögur**: (Sálin hans Jóns míns, Grýlusaga og helgileikur)
- **Norræn goðafræði**: Óðinn og bræður hans, Lífið í Ásgarði og Æsir á fljúgandi ferð
- **Veður og náttúra**: Náttúran allan ársins hring, Blikur á lofti.

### Þemaskipulag tveggja ára í 4.-5. bekk

|                 |                    |
|-----------------|--------------------|
| 2013 í 2014     | 2014 í 2015        |
| Plánetur        | Ísland             |
| Endurvinnsla    | Víkingar           |
| Goðafræði       | Fuglar og náttúran |
| Veður Tilraunir | Auðvitað 1         |

Ákveðið var að geyma plánetu þemað í tvö ár þar sem það var tekið með þessum sama hóp fyrir of stuttu síðan.

### Útikennsla

Í vetur vorum við ekki með eins markvissa útiveru og í fyrra. Nú voru útiþróttir einu sinni í viku í allan vetur en við reyndum samt sem áður að vera eins duglegar og við gátum að fara út með hópinn og læra í óhefðbundnu rými. Við tengdum ferðirnar oftast við það sem við vorum að fjalla um í þema hverju sinni. Fórum t.d. í Krossanesborgir á haustdögum, endurvinnsluna í tengslum við endurvinnsluþema, fórum í leikhúsið þegar við vorum að vinna með Gulleyjuna,



heimsóttum Kexverksmiðjuna og Slökkvistöðina daginn sem árshátíðin var, heimsóttum Akreyrarkirkju þegar við vorum að vinna með Sálinu hans Jóns míns og helgileik, fórum upp í Naustaborgir og niður í skóginn við garðyrkjustöðina í tengslum við verður- og náttúruþema. Auk þess tókum við þátt í útivistardögum sem voru skipulagðir í öllum

skólanum að hausti og vori og ferð í Hlíðarfjall. Eitt af meginmarkmiðum útivistarinnar var að þjálfa nemendur upp í að ganga og njóta útiverunnar og nærumhverfis.

### Upplýsingatækni

Upplýsingatækni var samþætтуð við þemu og lögð var áhersla á vinnu í word.

### Vettvangsferðir og upptækni

**Krossanesborgir:** Við fórum strax á haustdögum í Krossanesborgir til að njóta útiverunnar og tína ber.

**Heimsókn í Leikfélag Akureyrar:** Heimsóttum LA og fengum að skoða húsið og kynnst leikhúslífinu.

**Heimsókn í Kexverksmiðjuna og í slökkviliðið:** Ákváðum að fara úr húsi morguninn sem árshátíðin var. Fengum að sjá framleiðslu kexverksmiðjunnar og skoða tæki og tól hjá slökkviliðinu.

**Árshátíð:** Var í nóvember og við settum upp Gulleyjuna.

**Akureyrarkirkja og jólaljósaferð:** Aðventustund og gönguferð í gegn um bæinn

**Helgileikur:** Nemendur í 4. bekk settu upp helgileik sem sýndur var á litlu jólnum fyrir aðra nemendur og starfsfólk. Einnig var hann sýndur á Naustatjörn.

**Jólasveinabrekka:** Farið var í sleða- og snjóþotuferð.

**Skíðaferð:** Allir nemendur skólans fóru í skíðaferð.

**Kiðagil:** Nemendur í 4. bekk fóru í sveitaferð að Kiðagili í Bárðardal ásamt einum kennara, stuðningsfulltrúa og þroskaþjálfara. Lagt var af stað á mánudagsmorgni og komið heim eftir hádegis á miðvikudegi. Þema dvalarinnar var sveitin og handverk og fórum við m.a. uppí Svartárvot og vorum þar heilan dag í sauðburði. Þar var margt og mikið að sjá og krakkarnir fengu að prófa ýmislegt eins og að hjálpa kind að bera, marka og merkja, gefa hey, reka hrútana inn, mjólka o.s.frv. Hægt er að segja að ferðin hafi gengið vel og allir ánægðir við heimferð. Nokkrir foreldrar komu seinni part dags og sumir gistu en aðrir fóru aftur heim þegar ró var komin á krakkana.

**Naustaborgir:** Nokkrar ferðir hafa verið farnar í Naustaborgir og voru nemendur yfirleitt í frjálsum leik.

**Gróðrastöðin:** Farið var í gróðrastöðina í vor til að leika og safna lífverum í tengslum við verður- og náttúruþemað.

**Frjálsíþróttamót:** Nemendur tóku þátt í frjálsíþróttamóti á vegum UFA.

**Lystigarðurinn:** Nemendur fóru í lystigarðinn og saman í síðasta sundtímann á vordögum.

**Svalbarðseyri:** Farið var í dagsferð á Svalbarðseyri þar sem fjaran var skoðuð, farið í sund og grillað í reitnum við Safnasafnið.

**Kjarnaskógur:** Vorþemadagar.



### Mat og tillögur til úrbóta

Miklu máli skiptir að byrja daginn á gæðahring þar sem umsjónarkennari á gott spjall við sína nemendur um komandi dag og verkfæri jákvæðs aga. Að öðru leyti vorum við ekkert fastar í stundaskránni og fannst okkur gott að geta sveigt hana til eftir því hvað við vorum að gera hverju sinni. Við lögðum upp með að nemendur áætluðu ekki en myndu vinna

samkvæmt okkar áætlun í stærðfræði sem við sáum svo eftir mikla ígrundun að hentaði ekki nógu vel. Við stefnum að því næsta vetur að láta alla áætla í stærðfræði út frá tímaramma sem við setjum nemendum í hverjum efnisþætti. Þessi hugmynd kom upp þar sem við sáum að nemendur sem vinna hægt en ráða samt alveg við efnið drógust aftur úr. Við erum mjög ánægðar með þemaverkefni vetrarins, okkur finnst hafa tekist vel til og við náðum flestum markmiðum okkar með vinnunni. Þetta var mjög fjölbreytt og skemmtileg vinna og nemendur voru áhugasamir. Hafa þarf í huga fyrir næsta vetur að hafa markvissari upplýsingartæknikennslu inni í þemunum.

Við vorum duglegar að fara í vettfangsferðir en værum til í að vera með meiri útikennslu þar sem skólinn ynni jafnvel saman að því að byggja upp skemmtilegt útikennslusvæði. Varðandi Kiðagilsferð þá fannst okkur að stjórnendur mættu vera með okkur í þessari vinnu og í tengslum við foreldra eins og t.d. að mönnun væri óljós fram á síðasta dag.

### Námsmat

Nemendur fóru heim með matsmöppu fjórum sinnum í vetur. Þegar fimmta matsmappan var tilbúin var foreldrum boðið að koma og skoða möppurnar í skólanum á skólaslitsdaginn. Þá völdu nemendur ásamt foreldrum sínum verkefni úr matsmöppu vetrarins til að færa yfir í safnmöppuna sem heldur utan um verkefni frá 1. og upp í 10. bekk í skólanum. Verkefni sem fóru í matsmöppu voru af ýmsum toga. Við reyndum að hafa verkefnavalið þannig að verkefnin gæfu skýra mynd því hvað krakkarnir voru að fást við hér í skólanum, t.d. verkefni úr þemum, ensku, stærðfræði, sjálfsmyndir, skriftarsýnishorn, ritunarverkefni, kannanir og matsblöð. Við lesthraðaprófuðum krakkana fyrir hver möppuskil og lestrarsúlur voru því fastur punktur í matsmöppum vetrarins.



### Hvernig var námsmati háttað?

Áskriflegar og munnlegar kannanir

Áskráning í markmiðalista

ÁSímat / matsmöppur

ÁFélagamat

ÁSjálfsmat

ÁSóknarkvarði

ÁUmsagnir

### Mat

Matsmöppurnar gengu mjög vel og okkur fannst vinnan við þær vera orðin þjál og því var ekki eins mikið álag á möppuskilum í ár eins og okkur hefur fundist áður. Við útbjuggum í haust lista yfir hvað ætti að fara í möppurnar hverju sinni þar sem markmiðin voru höfð til hliðsjónar. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og stóðst í langflestum tilfellum. Á haustdögum endurrunnum við stærðfræðina út frá nýjum markmiðum og var því auðvelt að merkja við markmið jafnóðum inn á mentor. Við leggjum þó til að þrepunum verði fækkað niður í 10 til að einfalda aðgengi og úrvinnslu á námsmatinu. Við erum mjög ánægðar með fyrirkomulag á vitnisburði á skólaslitum núna í vor en ennþá vantar markmið í tungumálum og finnst okkur skipta máli að þau verði komin inn fyrir næsta vor.

### Foreldrasamstarf

Vikulegir föstudagspóstar hafa verið sendir á alla foreldra ásamt upplýsingum um ástundun nemenda. Í einstaka tilvikum hafa verið sendir daglegir tölvupóstar og reglulegar skráningar í dagbók með upplýsingum um hvernig gengur. Reglulegir fundir eru með einstaka foreldrum um hegðun, nám og líðan nemenda. Haldin var kynningarfundur á haustdögum fyrir foreldra þar sem farið var yfir skipulag vetrarins. Haldin var fundur með foreldrum nemenda í 5. bekk þar sem farið var yfir námslega stöðu þeirra frá því samræmd próf voru tekin í 4. bekk. Fundað var með foreldrum 4. bekkjar vegna fyrirhugaðri Kiðagilsferð. Foreldrum nemenda í 4. bekk var boðið á lokahátíð litlu upplestrarkeppinnar. Viðtalsdagar voru tveir í október og janúar. Tölvupóstur og símtöl til foreldra eftir þörfum.

### Mat

Þegar á heildina er litið hefur foreldrasamstarf í vetur gengið vel og við teljum að okkur hafi tekist að vinna vel úr þeim málum sem upp hafa komið. Næsta vetur langar okkur að senda markvissar upplýsingar til foreldra um alla nemendur, til dæmis að tengja það föstudagspóstum.



### Nemendur

#### Líðan nemenda

Heilt yfir höfum við þá tilfinningu að nemendum hafi liðið nokkuð vel með okkur í skólanum. Breytingar í teyminu höfðu hins vegar mikil áhrif á líðan einstaka nemenda, en undir vorið virtist þeim líða betur. Við vorum með góðan ramma utan um nemendur og góð tengsl mynduðust við umsjónarkennarann. Góð tengsl voru einnig við foreldrahópinn. Upp komu nokkur eineltis- og agamál í vetur sem tekið var á eftir bestu getu.

### Námsárangur

Nemendur hafa sýnt miklar framfarir í lestri í vetur og teljum við það vera vegna markvissrar lestrarþjálfunar. Okkur finnst það mjög greinilegt að 5. bekk hefur farið mikið fram í vinnulagi og sjálfstæði í námi.

### Ástundun

Langflestir nemendur hafa stundað skólann vel í vetur og mætt stundvíslega. Við sendum ástundun til foreldra í tölvupósti á hverjum föstudegi þannig að foreldrar hefðu átt að fá góða yfirsýn um mætingar barna sinna. Einstaka börn komu endurtekið of seint og hefur það verið rætt við foreldra og hefur lagast í langflestum tilfellum. Það kom fyrir að börn fengu leyfi í lengri tíma án þess að við umsjónarkennarar vissum af og hefði verið gott að fá að vita til að geta undirbúið börnin með einhver námsgögn ef þurfti.

### Mat og tillögur til úrbóta

Í einstaka agamálum hefði verið gott að teymið, í samvinnu við stjórnendur, hefði náð að vinna





betur saman að þeim málum. Við áttum gott samstarf við námsráðgjafa sem vann með okkur að eineltismálum

### Samstarf í teymi

Teymisfundir voru haldnir tvisvar í viku, á mánudögum voru skipulagsfundir og á miðvikudögum var farið yfir nemendamál og trúnaðarfundur. Eftir áramót kom Alla námsráðgjafi alltaf inn á miðvikudagsfundina og stýrði þeim.

Umsjónarkennarar hafa skipt með sér hlutverkum formanns og ritara teymis í vetur. Teymisformannafundir voru þriðju hvoru viku og fór formaður teymisins á þá.

Samstrafið hefur gengið mjög vel í vetur þrátt fyrir mannabreytingar og álag því tengdu.

### Endurmenntun

Tveir kennarar teymisins eru búnar að vera í byrjendalæsisnámi í vetur og höfum við verið duglegar að nýta okkur það sem við höfum lært þar. Endurmatið og ráðgjöfin sem lagt er upp með í byrjendalæsi hefði þurft að vera markvissari af hálfu leiðtoga í skólanum. Allt teymið fór á skyndihjálparnámskeið sem var mjög nauðsynlegt fyrir alla. Einnig fóru tveir kennarar á Pals námskeið sem við nýttum í kennslunni í vetur og fannst skila góðum árangri. Skólinn bauð upp á námskeið sem heitir Leikur að læra, við höfum ekki verið nógu duglegar að nýta okkur kennsluhugmyndirnar frá þessu námskeiði enda miðaðist það meira við yngri nemendur, við sjáum fyrir okkur að nýta þetta betur næsta vetur t.d. í stoðkennslu. Á haustdögum fórum við einnig á fyrirlestur um teymiskennslu þar sem okkur voru afhent góð gögn varðandi teymisvinnu og fundi. Í mars fórum við í skólaheimsóknir bæði til Reykjavíkur og Akureyrar. Okkur fannst frábært að fá að skoða aðra opna skóla og þar kviknuðu ýmsar hugmyndir um nýtingu á kennslurými sem enn á eftir að útfæra betur. Við fórum reglulega í vetur á Orð af orði fyrirlestur sem var í boði skólans sem hefur nýst okkur vel. Einnig bauð skólinn upp á mjög gagnlegt námskeið um speglaða kennslu, en þar eigum við eftir að læra miklu meira.



### Jafningjastuðningu / ígrundanir / starfsendaransóknir

Jafningjastuðningur og starfsendaransóknir voru ekki gerðar því teymið átti fullt í fangi með að halda utan um dagleg störf. Ígrundanir áttu sér stað nánast daglega í allan vetur sem nýttist okkur mjög vel.

### Mat

Mikið álag er á teymið þegar miklar mannabreytingar eru eins og hefur verið í vetur. Í raun þegar litið er til baka teljum við að teymið hafi einbeitt sér að því að lifa af frekar en að átta sig á stöðunni sem var orðin. Við erum allar sammála um kosti þess að fá Öllu inn á fundi hjá okkur í vetur. Það styrkti teymið mikið og hún hefur eflaust komið inn á réttum tímapunkti. Á vordögum teljum við okkur hafa náð að rétta vel úr kútnum og horfum björtum augum á næsta vetur.

### Almenn samantekt

Það hefur mikið gerst í vetur og greinilegt að hlustað hefur verið á starfsfólk td. varðandi fundahald, stuðning við teymi og álag.





Okkur finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem við ættum þá að geta nýtt okkur í kennslu td. uppi í Naustaborgum.  
Einnig finnst okkur náttúrfræðikennsla í skólanum ekki nógu markviss og nýta mætti náttúrufræðistofuna betur og þau gögn sem þar eru.

## Skýrsla 6.-7. bekkjar

### Tölulegar upplýsingar

Töluverðar breytingar urðu á nemendahópnum í vetur. Nemendur í 6. - 7. bekk voru í upphafi vetrar 63 en í lok vetrar 66 nemendur. Umsjónarhóparnir voru saman í gæðahringjum og sátu saman á svæðum. Uppröðun á svæðum var mismunandi. Í hópavinnutímum í hringekju og þemum var hópnum skipt í 4 hópa.

Skipting milli kynja: Í árgöngunum voru 30 stelpur á móti 36 strákam í lok skólaárs. Árgangaskipting: Í 6.bekk voru 32 nemendur og 33 nemendur í 7.bekk.

Einn nemandi kom til okkar einu sinni í viku, um tíma tvisvar í viku, frá Hlíðaskóla.

### *Nemendum var skipt í mismunandi hópa:*

• Hringekjuhópar (getuskiptir)

• Smiðjuhópar

• Sundhópar

• Umsjónarhópar

• Þemahópar

• Árgangaskipt í ensku/tónmennt

**Umsjónarkennarar** voru þrír; Andri Snær Stefánsson, Herdís Margrét Ívarsdóttir og Kolbrún Sigurgeirsdóttir.

**Stuðningsfulltrúi** var Guðrún Valdís Eyvindsdóttir.

### Skipulag námsins

Við ákváðum að hafa nokkuð fasta stundatöflu, þ.e.a.s. að það var sami rammi í hverri viku en með mismunandi verkefnum. Það var mikið talað um það í teyminu að við höfum aldrei kynnst svona góðri stundatöflu. Allir dagarnir hjá nemendum voru fjölbreyttir og úthald yfirleitt gott. Það var helst á þriðjudögum sem krakkarnir voru þreyttir.

**Mánudagar:** Nemendur byrjuðu í smiðjum og gaf það virkilega góða raun. Þau voru fersk þegar þau mættu til okkar klukkan 10:10. Eftir frímínútur var alltaf yndislestur í 20 mínútur og þar á eftir áætluðu krakkarnir sig fyrir vikuna. Að því loknu var vinna fram að hádegismat. Eftir hádegismat var tónmennt/vinnustund/útikennsla.

**Þriðjudagar:** Dagurinn hófst á gæðahring og síðan var farið í dönsku. Eftir frímínútur og nesti var þema. Þemanu var skipt í fjórar stöðvar sem rúlluðu í nokkrar vikur. Það var misjafnt eftir þemum hvort það voru fjórar skiptingar eða tvær. Við byrjuðum með fjórar skiptingar en fannst það ekki ganga nægilega vel og breyttum því í tvær. Þá leið lengri tími milli þess sem nemendur komu á sömu stöð aftur og fannst okkur það galli. Söknuðum samstarfsins við verkgreinakennara í þemavinnu mikið.

Eftir hádegi var stuttur stafsetningatími síðan fór 6.b. í íþróttir og 7.b. í vinnustund/tölvur.



**Miðvikudagar:** Á miðvikudögum byrjuðum við á vinnustund/tónmennt/útikennsla í fyrsta tíma. Skipt eftir umsjónarhópum. Frá kl.9:00 í 10:35 var áætlanatími. Eftir frímínútur fóru nemendur í smíðjur. Eftir hádegi var enska í tvo tíma.

**Fimmtudagar:** Byrjuðu alltaf á gæðahring að honum loknum var útskýrt, í heimakrókum, hvaða vinna myndi fara fram í hringekjunni sem var alltaf á fimmtudögum. Það voru alltaf fjórar stöðvar í hringekjunni, ein stærðfræðistöð og þrjár íslenskustöðvar. Á stærðfræðistöðinni var nánast alltaf innlögð á einhverjum ákveðnum þætti stærðfræðinnar sem okkur fannst ástæða til að fara betur í.

Á íslenskustöðvunum rúlluðu alls kyns íslenskuverkefni, m.a. orð af orði, ritun, lestur o.fl. Eftir hádegismat og frímínútur kláruðum við hringekjuna síðan fór 7. b. í íþróttir en 6.b. í vinnustund og tölvur.

**Föstudagar:** Dagurinn hófst með sundtímum. Stelpurnar fóru fyrst í sund á meðan strákarnir byrjuðu í krók og fóu svo í yndislestur. Síðan snerist það við eftir áramót. Eftir klukkan tíu var Áklárutímið þar sem hver nemandi vann við að ljúka sinni áætlun og eftir ellefu var gefinn frjáls tími. Eftir hádegi komu krakkarnir saman í krók og við fórum yfir vikuna. Þar á eftir var farið á samveru. Góður endir á vikunni.

Stundataflan var að okkur fannst mjög vel skipulögð og það þótti gott að enda vikuna á sundi.

### Kennsluhættir

Sjá má á dagskipulagi að vinnulag var frekar fjölbreytt og þar af leiðandi kennsluhættir / aðferðir.

Ástuttar innlagnir og verkefni

Áþaravinna

Áhópavinna

Áeinstaklingsvinna / vinnubókarvinna /áætlunarvinna

Ánámsleikir

ÁOrð af orði

ÁLeikræn tjáning

ÁVettvangsferðir

**Gæðahringir** voru fastir í stundatöflu tvisvar í viku. Við fengum dagskrá frá stjórnendum skólans fyrir gæðahringina og nýttist hún nokkuð vel. Við byrjuðum á að hafa allan hópinn saman í stóra krók eins í fyrra. Það gekk ekki eins vel núna svo við breyttum þessu og létum daginn alltaf byrja í heimakrókum þar sem við fórum yfir daginn að gæðahringjum loknum. Þegar leið á veturinn skrifuðum við alltaf dagskrána líka á töflu við dyrnar inn á svæðið og á töflu á svæði 3. Þetta skipulag auðveldaði mörgum nemendum að átta sig betur á því hvað væri framundan á hverjum degi.

Að öllu jöfnu lítum við á samveru í krók sem þjálfun í lífsleikni og þar gefst gott tækifæri til þess að vera með jákvæðan aga eins og á formlegum gæðahring.

**Kennsluáætlanir** í þema voru inni á samgögnum og eins og gerist oft vorum við aðeins lengur í hverju þema en við ætluðum. **Áætlun í íslensku** náði fram að áramótum en því miður gafst aldrei tími hjá teyminu til að setja nákvæma áætlun inn á samgögn eftir áramót. Vorum með gróft skipulag yfir vorönnina sem var útfært nákvæmar á hverjum mánudegi á skipulagsfundum. **Í stærðfræði** var kennsluáætlunin meira einstaklingsbundin. Þ.e.a.s. að nemandi í 6.bekk átti að klára 11. og 12.stig. Nemendur í 7. bekk áttu að klára 13. og 14.stig. Þetta var mjög misjafnt milli nemenda. En það sem má bæta er að skrá alltaf niður þær innlagnir sem við vinnum með og fylgja þeim betur eftir. Þrisvar til fjórum sinnum í viku voru áætlunartímar þar sem nemendur áætluðu vinnuvikuna sína í stærðfræði með aðstoð umsjónarkennara. Þegar litið er um öxl erum



við sátt við veturinn og finnst hann hafa gengið vel. Í stærðfræði voru nemendurnir á mjög misjöfnum stað allt frá 9. þrepi í 15. þrep. Okkur finnst við samt hafa náð góðri yfirsýn yfir stöðu hvers og eins með því að merkja við þau markmið sem hver nemandi náði eftir að hafa lokið könnun. Hver nemandi var með efni við hæfi í öllum námsgreinum. Verkefni sem við lögðum fyrir í íslensku og þemum voru aðlöguð að getu hvers og eins.

### Námsgreinar

Á hverjum mánudegi gerðu nemendur vikulega áætlun í stærðfræði í glósubók undir leiðsögn síns umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa. Nokkrir bættu við heimanámi í hverri viku og skrifuðu hana niður í glósubókina. Nemendur áttu að skoða markmiðin sín þ.e. þau sem tengdust þeim námsþáttum sem unnið var í hverju sinni og áætluðu sér í samræmi við þau í upphafi viku. Þegar ákveðnu verkefni var lokið áttu þau að krossa við á áætlunarblað. Kennari fór oftast yfir áætlunina en þessu þyrfti að fylgja betur eftir á næsta ári. Unnið var í áætlun 2-3 sinnum í viku og stundum einnig í hringekjutímum. Áætlunin fór heim tvisvar sinnum yfir veturinn í tvær vikur, svokallað „heimavinnuátak“. Þetta gaf mjög góða raun og mætti e.t.v. vera oftast næsta vetur. Mikilvægt að foreldrar fylgist vel með námi barna sinna.

Okkur fannst áætlunin vera akkúrat í takt við stefnu skólans og gefa nokkuð góða yfirsýn yfir hvern og einn nemanda. Það reyndist engu að síður erfitt fyrir marga nemendur að halda áætlun í glósubók eftir að hafa verið með skjatta árið áður þar sem ramminn er tilbúinn fyrirfram. Mjög mikilvægt og nánast nauðsynlegt er að umsjónarkennari sé að kenna hópnum sínum á mánudegi og á föstudegi til að fara yfir áætlunina og sjá hvernig gekk í vikunni. Auðvitað þarf áætlunarvikan ekki endilega að byrja á mánudegi og enda á föstudegi en mikilvægt fyrir umsjónarkennara að byrja vikuna og enda vikuna með sínum nemendum.

**Íslenska:** Íslenskukennslan var öðruvísi en undanfarin ár að því leyti að nemendur unnu ekki í málfræðibókum eins og áður. Íslenskan var kennd talsvert í gegnum Orð af orði verkefni í hringekjum á fimmtudögum. Íslenskan var ávallt kennd í þemavinnu með mismunandi hætti, s.s. Orð af orði verkefni og fleira.

Við kenndum PALS einu sinni til tvisvar í viku var yndislestur í 30-40 mínútur. Nemendur tóku þrjú hraðalesturspróf í vetur auk þess að taka nokkur lesskilningsverkefni. Fjölmargir nemendur bættu sig umtalsvert í lestri í vetur sem er afar ánægjulegt.

Lögð var áhersla á ritun og fengu nemendur fjölbreytt ritunarverkefni í þemavinnu, heimavinnu og hringekju.

Eftir áramót bættist við einn tími á viku hjá 6. bekk í íslensku. Í þeim tímum var unnið með málfræði, s.s. nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.

**Stærðfræði:** Stærðfræðinni var skipt upp í fjögur stig: 11., 12., 13. og 14. stig. Talsverður fjöldi nemenda 6. bekkjar var ekki tilbúinn í 11. stig um haustið og unnu því áætlanir á öðrum stigum s.s. 9. og 10. stigi. Til að aðstoða þessa nemendur enn frekar og ýta undir metnað þeirra í stærðfræðinni var stofnaður stærðfræðihópur á seinni önninni til að aðstoða þá í að komast sem lengst.

Gleðilegt var að sjá hversu vel gekk hjá 7. bekk á 13. og 14. stigi og á vormánuðum voru t.d. fimm nemendur komnir í námsefni 8. bekkjar.

**Enska:** Ensukennslan var með öðru sniði en undanfarin ár. Þar sem hópurinn einkenndist af mjög miklum andstæðum í getu var ákveðið að getuskipta námshópnum í þrjá hópa. Þetta reyndist afar vel og fengu flestir nemendur ögrandi verkefni sem gagnaðist þeim. Mikil áhersla var lögð á að auka enskan orðaforða nemenda sem og að nemendur fengju tækifæri til að tala tungumálið í tímum.



**Danska:** Danska var kennd einu sinni í viku hjá bæði 6. og 7. bekk fyrir áramót. Eftir áramót fannst kennurum rétt að leggja frekari áherslu á íslenska málfræði í 6. bekk heldur en dönsku og eftir það var einungis 7. bekkur í dönsku. Mikil áhersla var á að hafa dönskukennsluna líflega og skemmtilega með fjölbreyttum verkefnum, s.s. hlustun, samræðum og fleira. Í febrúar var danskur farkennari hjá okkur sem kom með nýjar hugmyndir og áherslur inn í dönskukennslu teymisins. Mikil áhersla lögð á að kennari tali dönsku við nemendur í tímum.

**Þemaverkefni:** Þemaverkefnin voru eftirfarandi fyrir áramót: Lífríki í fersku vatni og sjó og trúarbragðapema. Eftir áramót var svo Evrópuþema fyrri hluta annar og vísindapema seinni hluta. Öll markmið í þemum finnast á samgöngum.

Það sem gekk vel: Nemendur voru heilt yfir mjög áhugasamir í þemavinnu og stóðu sig nokkuð vel í samvinnu og hópavinnu. Áhersla var lögð á fjölbreytt verkefni, t.d. vettvangsferðir, útikennslu, myndbandsfræðslu og fleira.

**Útikennsla:** Einu sinni í viku fóru nemendur út í skipulagða leiki hjá Steina íþróttakennara. Þetta var mjög góð tilbreyting til að brjóta upp daginn. Við vorum dugleg að fara í vettvangsferðir auk þess sem útikennsla var notuð í þema.

**Upplýsingatækni:** Upplýsingatækni var með fastan tíma í stundatöflu. Á meðan annar bekkurinn var í íþróttum þá fór hinn í tveimur hópum í upplýsingatækni. Hópnum var kynjaskipt og það gafst vel.

Fyrir áramót lærðu nemendur á Word en eftir áramót var unnið á Excel.

**Vettfangsferðir:** Það var farið í nokkrar vettvangsferðir í vetur. Við fórum m.a. í ferð á Hundatjörn, Minjasafnið, Flugsafnið, tvær ísferðir, lystigarðinn, á frjálsíþróttamót, sleðaferðir, tókum þátt í útivistardeginum og fórum í hjólaferðir.

Síðan fórum við nokkrum sinnum út í kringum skólann að vinna verkefni tengd skólanum.

**Mat og tillögur:** Við höfum hugmyndir um að breyta stærðfræðikennslunni talsvert næsta vetur. Stiku bækurnar henta að mörgu leyti betur en Geisli en í Stiku eru fleiri sýnidæmi og þægilegra fyrir nemendur að vinna sjálfstætt í þeirri bók frekar en Geisla. Eins má alveg fylgja mörgum nemendum eftir með smá heimavinnu til að nemendur verði öruggari í sínum reikniðgerðum. Hugmynd að hafa stærðfræðina í einhverskonar lotum líkt og á unglingastiginu.

Varðandi íslensku þá var áhugavert að brjóta upp hið hefðbundna bóknám jafn mikið og við gerðum. Okkar mat er þó að nemendur á miðstigi þurfa stífara form heldur en við lögðum upp með og við fundum fyrir því eftir áramót að málfræðipækking nemenda var ekki nægilega góð og að auka þyrfti þann þátt meira. Auk þess var erfiðara að hafa yfirsýn yfir stöðu nemenda í íslensku með þessu móti.

Við erum sérstaklega ánægð með framfarir nemenda í lestri. Fjölmargir nemendur bættu bæði lestrarhraða og lesskilning sinn. PALS-lestrarverkefnið skilaði góðum árangri auk þess sem yndislestur var tvisvar í viku.

Þemað gekk yfirleitt vel og sú rúttína að það séu fjórar stöðvar var að ganga vel. Við kennarar erum sammála um að það hefði verið líflegra og brotið kennsluna betur upp ef við hefðum haft verkgreinakennara með eina stöð eins og árið áður. Eins og áður hefur komið fram þarf að vinna betur með markmiðin í þemum, þ.e. hafa þau skýrari og gera nemendum þau ljós.

## Námsmat

**Í stærðfræði og íslensku** var símat þ.e.lagðar voru fyrir kannanir eftir ákveðna námsþætti. Í verkefnabók á mentor voru skráðar niðurstöður úr könnunum. Einnig voru settar upplýsingar inn á verkefnabók um það hvaða markmiðum nemendum höfðu ekki náð. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn og niðurstöður úr þeim

voru settar í verkefnabók á mentor. Ljóst þykir að nemendur þurfa að vera duglegri við lestur þar sem margir hafa ekki náð lestrarviðmiðum árganganna. Teymið hefur rætt um það hvort ákjósanlegt sé að hafa markvissan heimalestur hjá þessum árgöngum sökum þessara niðurstaðna.

Fjögur lesskilningspróf voru lögð fyrir nemendur, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót, eitt þeirra var hluti af stærri íslenskukönnun og því skráð inn í mentor sem hluti af einkunn þeirrar könnunar en hin skráð í verkefnabók á mentor. Einstaka nemendur fengu lesskilningskannanir með sér heim til frekari þjálfunar, ákvörðun um það var þá alltaf tekin í samráði við foreldra.

**Í dönsku** voru ritunarverkefni nýtt til að kanna stöðu nemenda og voru þau lögð fyrir jafnt og þétt yfir veturinn. Það skal þó tekið fram að þau voru eingöngu lögð fyrir 7. bekk þar sem að dönskukennslan hjá 6. bekk var meira í vinnubókarformi og þau voru að kynnst henni í fyrsta sinn.

**Í ensku** var notkun formlegra kannana sleppt. Ástæðuna að baki þeirri ákvörðun má finna í því hvernig námsgreinin var sett upp fyrir nemendur. Hópunum var getuskipt og svo var hluti verkefna hvers hóps notaður í formi símats fyrir utan eitt verkefni sem nemendur unnu í 3-4 manna hópum og gengu þeir þvert yfir getuskiptinguna. Verkefnið var samþættað með upplýsingatækni og fjallaði um skrif, glærुकynningu og munnlega kynningu á teiknimynd að eigin vali. Að hópvinnumni lokinni unnu nemendur sjálfsmat og einnig hópvinnumat sem gafst vel og vakti þau til umhugsunar t.d. um hvað væri gott vinnulag og hversu nauðsynlegt það sé að hlusta á það sem aðrir hafa að segja til að hópvinna virki vel.

**Í þemavinnu** var notast við ýmis konar námsmat; sjálfsmat, hugtakakort og skriflegar kannanir.

Nokkuð jafnt og þétt var fyllt inn í markmiðalista á mentor til að fylgjast með framförum og stöðu nemenda. Að auki var ákveðið um miðjan vetur að prófa prenta út markmiðalista í íslensku og stærðfræði svo að foreldrar/forráðamenn gætu séð hvað hakað hefði verið við og hver námsleg staða nemenda væri. Fyrirkomulagið gafst nokkuð vel og þó nokkrir foreldrar létu vita af ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Í lok vetrar var svo gert enn betur en þá voru markmið flestra námsgreina prentuð út og sett upp í lítilli matsbók ásamt umsögn umsjónarkennara fyrir hvern nemanda.

### Matsmöppur

Matsmöppurnar fóru heim fjórum sinnum heim yfir veturinn og fimmta mappan (sem samanstóð af öllum fjórum möppunum ásamt viðbót) var svo til sýnis á skólaslitadaginn.

Verkefnin í möppunni voru valin með hliðsjón af því hvaða vinna það væri sem gæfi hvað skýrasta mynd af viðfangsefnum nemenda í skólanum, vinnubrögðum og leikni, og væri þannig lýsandi fyrir námslega stöðu hans. Foreldrar virtust sáttir með þetta fyrirkomulag og voru hvattir til þess að skrifa hvatningarorð/skilaboð til nemenda og/eða kennara við hver möppuskil.

Verkefnin í möppunni voru fjölbreytt og algjörlega byggð á vali nemenda um hvað þeim þætti mikilvægast að eiga og helst bera vitni um vinnubrögð, áhugasvið og getu. Í fyrra var valið á verkefnum mappana nær algjörlega kennarastýrt og er teymið sammála um að hið nýja fyrirkomulag sé mun betra en það sem áður var notað. Þegar valið á verkefnum er alfarið sett á nemendur eykur það sjálfstæði þeirra og krefur þá um að vera gagnrýna á eigin verkefni og vinnubrögð.

Verkefnin sem finna mátti í möppunum voru eftirfarandi:

**Skil í október 2013**

Ásjálfsmynd að hausti

Ástafsetning





Áenska/upplýsingatækni - kraftbendilssýning  
Áenska/upplýsingatækni í sjálfs/ jafningjamat  
Áeshraði - súlurit  
Álenska, tölur  
Átærðfræði - kaflakannanir  
Áslenska, ritun og sagnarím  
Ápema: Líf í sjó og fersku vatni í hafstraumarnir  
Ápema: Líf í sjó og fersku vatni í Ípad verkefni  
Áannað,

**Skil í desember 2013**

Áenska - fjölskyldutré  
Álenska - litir  
Áesskilningsverkefni  
Áeshraði - súlurit  
Átærðfræðikannanir  
Áslenska - ritgerð  
Áannað

**Skil í febrúar 2014**

Ápema - Evrópuverkefni  
Ásamfélagsfræði/íslenska - ritun  
Áenska - verkefni  
Áslenska - orðalykill  
Ástafsetning  
Átærðfræði kannanir  
Áslenska orðflokka-verkefni  
Áannað

**Skil í apríl 2014**

Áenska - verkefni  
Álenska í ritun (7.bekkur)  
Áslenska í nafnorðakönnun (6.bekkur)  
Ástafsetning - verkefni  
Áslenska í ritun - myndasaga  
Átærðfræði kaflakannanir  
Átærðfræði - mælieiningar  
Áupplýsingatækni í Excel  
Áannað,

**Skil í maí 2014**

Ásjálfsmynd að vori  
Áenska - verkefni  
Áeshraði - súlurit  
Áslenska - könnun  
Ástafsetning  
Átærðfræði - mælieiningar  
Átærðfræði - kaflakannanir  
Ápema - verkefni  
Áesskilningur  
Álenska í (7. bekkur)

**Samráðs- og matsdagar**

Samráðs- og matsdagar voru þrír á skólaárinu. Að hausti var foreldrum úthlutað viðtalstíma með umsjónarkennara en að vori var ákveðið að nýta sér mentor og gefa foreldrum sjálfum tækifæri til að panta sér tíma sjálfir á þeim tíma er hentaði þeim best.

**Mat og tillögur til úrbóta**

Það sem helst ber að nefna hér er að teymið vill gjarna notast við enn fjölbreyttara námsmat en verið hefur hingað til. Sjálfsmat, líkt og það sem notað var í enskuhópvinnu, kom vel út og sjá kennarar fyrir sér að slíkt mat væri hægt að yfirfæra á fleiri námsgreinar og verkefni. Sjálfsmatið hefur marga kosti umfram það að vera bara námsmat þar sem það hvetur nemendur til sjálfskoðunar og eflir gagnrýna hugsun og sjálfstæði.

**Nemendur*****Líðan nemenda***

Samkvæmt könnunum þá líður nemendum vel í skólanum. Þessar kannanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (undir matsgögn/skýrslur). Tengslakannanir komu vel út.

**Eineltismál og agamál**

Þegar það komu upp einhver agamál á kennslusvæðinu eða í frímínútum reyndu kennarar að taka strax á því, tóku nemendur úr aðstæðum, fóru með þá af svæðinu og ræddu við þá. Einnig reyndu kennarar að láta nemendur sjálfa um að leysa ágreiningsmál sín á milli ef þeir töldu það mögulegt. Kennarar teymisins hringdu heim og létu foreldra vita þegar það komu upp hegðunarfrávik hjá nemendum.

**Námsárangur**

Námsárangur 7. bekkjar í stærðfræði var mjög viðunandi og náðu margir nemendur að ljúka við bæði 13. og 14. stig. Hjá 6. bekk var staðan önnur þar sem fjölmargir nemendur voru ekki tilbúnir í 11. stig í haust. Óvenju hátt hlutfall nemenda vann sína stærðfræði á 9. og 10. stigi framan af vetri og náðu þar af leiðandi ekki að klára 11. og 12. stig í vetur. Við erum engu að síður ánægð með heildarárangur vetrarins í stærðfræði og teljum að nemendur hafi uppskorið ágætlega enda var lögð mikil áhersla á stærðfræði í vetur.

Í íslensku gekk flestum þokkalega að fara yfir markmið vetrarins. Það er afar jákvætt að nemendur í heild bættu lestrarhæfni sína í vetur. Engu að síður þá gekk nemendum illa að fóta sig í þeim áherslum að engin áhersla var á hefðbundið bóknám.

Einnig gerðu nemendur nokkur ritunarverkefni og ljóðaverkefni í tengslum við jólin. Nemendur unnu íslensku verkefni í þemum og hringekjutímum með orð af orði verkefnum. Við vinnu ritunarverkefna kom í ljós að þörf er á frekari kennslu í ritun. Undirbúningur undir stóru upplestrarkeppina fór fram í hringekjutímum þar sem nemendur æfðu sig í upplestri og framkomu. Gaman var að fylgjast með framförum nemenda í upplestri en því miður var allt of stór hluti 7. bekkjar sem tók ekki þátt í upplestrarkeppninni. Á næsta ári þarf að vera skylda nemenda að taka þátt.

**Ástundun**

Seintkomur hjá nemendum voru skráðar og sendar til foreldra í formi yfirlits yfir mætingu úr Mentor í hverri viku.

**Foreldrasamstarf****Upplýsingamiðlun**

Á hverjum föstudegi var sendur póstur til foreldra þar sem vikan var gerð upp og farið yfir helstu atriði komandi viku. Margir foreldrar létu vita af ánægju sinni með póstana, þeir væru mikilvægir í upplýsingaflæði milli kennara og foreldra.

Tvisvar í vetur voru viðtalsdagar þar sem fulltrúar allra barna áttu að mæta (í lok september og í janúar).

Upp komu samskiptaerfiðleikar og eineltismál en vel gekk að greiða úr þeim. Þurfti því ekki að fara í sérstaka vinnu eins og síðastliðinn vetur.

Þegar upp komu slagsmál eða aðrir alvarlegir árekstrar milli nemenda var undantekningalaust hringt heim til foreldra viðkomandi barna og þeir upplýstir um stöðu mála. Varðandi umræðuna um heimanám þá þurftu nemendur í samráði við umsjónarkennara sinn að taka bækurnar með sér heim. Kennarar sendu þá ávallt póst heim eða hringdu til foreldra og þeir látnir vita af heimavinnu barnsins. Nokkrum sinnum í vetur komu beiðnir frá foreldrum um að fá heimanám handa barninu sínu og var þá fundin sameiginleg lausn á heimanáminu.

**Hvað tókst vel og hvað má betur fara?**

Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Foreldrar mættu lesa föstudagspóstana oft og betur. Það kom nokkrum sinnum í ljós að nemendur voru ekki nægilega vel útbúnir í vettvangsferðir vegna þess að föstudagspósturinn hafði ekki verið lesinn. Þyrftum að vera duglegri við að bjóða foreldra til okkar í kynningar á t.d. þemavinnu. Spurning með að stofna fésbókarhóp fyrir hvern árgang og vera með skilaboð til foreldra þar líka. Einnig gæti þar farið fram samtal milli foreldra um bekkjarkvöld o.fl.

**Samstarf í teyminu**

Kennarar eru sammála um að ágætlega hafi gengið að vinna saman í teyminu í vetur, þeim líði almennt vel í vinnunni og hver og einn hafi þroskast í teymisvinnunni.

Fyrsta hugmynd að verkaskiptingu var að skipta ákveðnum fögum niður á kennarana en er leið á veturinn komst teymið að því að það reyndist betur að allir kæmu jafnt að málum með þeim undantekningum að enska, danska og þema hefðu sína eigin umsjónarmenn. Tveir teymisformenn voru yfir veturinn og ritarar voru þrír. Stuðningsfulltrúa teymisins fannst hann vel upplýstur með það sem framundan væri og vildi hann meina að stór þáttur í því væri að gætt var að því að hann næði að sitja alla skipulags- og undirbúningsfundi. Föstudagspóstar voru alltaf sendir á stuðningsfulltrúa auk þess sem að teymisformaður sá til þess að koma upplýsingum til skila ef stuðningsfulltrúar misstu af fundum.

Teymisfundir voru á mánudags- og á miðvikudagmorgnum þegar nemendur voru í smíðjum. Teymið fundaði einnig á föstudögum. Teymið var sammála um að það hefði verið mjög þægilegt að hafa góðan fundartíma á mánudagsmorgnum þar sem gafst tími til að stilla saman strengi og leggja línurnar fyrir vikuna og það sem framundan væri. Á miðvikudögum var fundað með þroskaþjálfra og deildarstjóra og farið yfir hvernig gengi með þá nemendur sem einhverja námsaðlögun þurfa.

**Endurmenntun**

Einn af þremur kennurum teymisins kynnti sér kennslu einhverfra sérstaklega. Einn kennari var í og lauk meistaranámi sínu í menntunarfræðum á skólaárinu. Teymið tók til sín kennaranema og sá einn kennaranna úr teyminu að mestu um allt utanumhald, skýrslugerð og fundasetu hvað hann varðaði ásamt því að kynna sér margvíslegt efni er sneri að því að vera nokkurskonar mentor í kennslustofunni.

Að auki voru ýmisleg námskeið í boði af hálfu skólans og voru kennarar ánægðir með það sem í boðið var upp á.

**Jafningjastuðningur**

Yfirhöfuð einkenndi góður mórall og traust teymið. Jafningjastuðningur var góður og traust var meðal kennarana að tala saman þegar á þurfti, þ.e. kennarar voru óhræddir við að deila skoðunum sínum sín á milli, líðan og fleira.

Ígrundun fór fram jafnt og þétt yfir veturinn á fundum teymisins. Farið var yfir bæði stöðu námsþópsins í heild sem og ákveðinna einstaklinga. Fundir teymisins voru ekki nógu formlegir og framan af vetri vantaði upp á skráningar fundanna. Fékk teymið ávítur fyrir það og er stefnt að því að bæta bæði formlegheitin, skilvirkninina og skráningar á nýju skólaári. Teymið er sammála um að það hjálpi að geta flett upp í skipulögðum fundargerðum. Teymið stefnir á að halda áfram að byggja ofan á þann góða vinnumóral/traust sem einkenndist í vetur.

**Almenn samantekt**

Teymið er í heildina ánægt með veturinn en auðvitað er alltaf hægt að gera betur og bæta sig. Kennarar eru sammála um að stundataflan hafi verið frábær og í raun verið ein af stærstu ástæðum þess hve vel gekk að skipuleggja kennsluna. Þar spilar stærstu rulluna hve gott var að fá tíma á mánudagsmorgni í að funda.

Það sem betur má fara í stökum námsgreinum er að fyrir stærðfræði þarf að ramma niður lotur og taka Stiku inn í staðinn fyrir Geisla. Einnig er hugmynd að leggja fyrir nokkur heimadæmi yfir veturinn. Í íslensku er stefnt að því að auka formfestu í náminu og leggja meiri áherslu á málfræði og bóklegt nám þar sem að teymið fann að nemendur réðu illa við að vinna eins sjálfstætt og gert var í vetur. Teymið ætlar sér að nota fjölbreytt námsmat en tengja það betur við hverja lotu fyrir sig. Nemendur halda áfram að velja þau verkefni sem fara í matsmöppur þeirra þar sem að það kom mun betur út heldur en hið stýrða vel sem áður var notað.

Stefnt er að því að fá foreldra oftari en tvisvar í skólaheimsókn að skoða vinnu barna sinna og þá sérstaklega í tengslum við þemaverkefni. Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Eins og áður var getið þá fannst okkur að fleiri hefðu mátt lesa föstudagsfréttirnar en það er vandamál þeirra foreldra sem ekki lesa póstinn þannig að við ætlum ekki að breyta því fyrirkomulagi.

Teymið stefnir á að bæta sig í skráningum og formfestu funda (fundargerð) til að auðveldara sé að fylgja ýmsum málum eftir.

**Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs ?**

Kennurum finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem myndi nýtast í kennslu t.d. í Naustaborgum (höfum reyndar heyrt af hugmyndum um slík námskeið á vegum HA í spurning um að athuga það).

## Skýrsla 8.-10. bekkjar

### Nemendur

Fjöldi nemenda í 8. 9 og 10 bekk var 71.

Í 8. bekk í vetur voru 16 drengir og 12 stúlkur. Í 9. bekk voru drengirnir 6 og stúlkurnar 14. Í 10. bekk voru drengirnir 10 og stúlkurnar 12.

**Kennarar teymisins:** Aníta Jónsdóttir, Atli Sveinn Þórarinnsson, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir, Magnús Jón Magnússon og Agnes Þorleifsdóttir

### Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Stundataflan var byggð þannig upp að fyrst á morgnana voru gæðahringir í umsjónarhópum. Því næst tók við vinnustund í stærðfræði og íslensku þar sem nemendur unnu sjálfstætt í áætlunum sínum eða hittu íslensku- eða stærðfræðikennara sem kenndu ákveðið efni í smærri hópum. Að loknum frímínútum unnu nemendur alla jafna í eina klukkustund í náttúru-/samfélagsfræði fjóra daga vikunnar utan eina lotu sem unnin var þéttar. Í síðasta tíma fyrir mat voru kennd tungumál í danska og enska. Eftir hádegi tóku ýmist við valgreinar, íþróttakennsla og áhugasvið.



### Mat og tillögur til úrbóta

Við leggjum til að tímar verði festir á stundaskrá og að við hittum námshópa oftar á föstum tímum. Hver nemandi hafi sína stundaskrá.

### Kennsluhættir

Lögð var áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, samvinnu, para í og hópavinnu, hlustun og upplýsingatækni. Áhersla var einnig á úti- og grenndarkennslu.

### Aðkoma list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinakennarar sáu um áhugasviðstíma ásamt Ásu Katrínu.

### Áætlanir

Námsáætlanir voru útbúnar í Mentor fyrst í haust en eftir því sem leið á veturinn fóru kennarar að útbúa áætlanir á googledrive og setja inn á heimasíðu unglingadeildar naustaskoli.tk og voru nemendur duglegir að nýta sér það. Nemendur unnu í flestum fögum samkvæmt áætlun, einkum í íslensku, dönsku, stærðfræði og þemavinnu. Upphaflega var hugmyndin sú að nemendur mætu sig samkvæmt matskvarða í Mentor en það komst aldrei til framkvæmdar. Kennarar mátu nemendur samkvæmt markmiðum og merktu við árangur í Mentor. Heimavinnuáætlanir voru settar inn í Mentor í upphafi hausts en flestir kennararnir hættu því eftir því sem á leið vetur. Lögð var áhersla á að nemendur beri ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggi tíma sinn vel. Í lok hverrar viku var hugmyndin sú að nemendur ynnu vikuskýrslu þar sem þeir leggðu mat á afrekstur vinnu sinnar í vikunni. Það var gert nokkrum sinnum en skilaði ekki því sem við vonuðumst eftir.



### Námsaðlögun

Komið var til móts við hvern og einn með einstaklingsnámsáætlun. Vinnuaðstöðu var hagað þannig að allir fengju notið sín.

### Mat og tillögur til úrbóta

Námsaðlögun gekk að mörgu leyti vel en það sem við þurfum að gera næsta vetur er að búa til námshópa sem eru að vinna að sama efni með samskonar áætlanir. Það þarf að tryggja það að foreldrar nemenda séu upplýstir um stöðu nemenda og það að þeir séu ekki að vinna með sama efni og aðrir.



### Kennsluáætlanir – útfærsla og birting

Námsáætlanir átti í upphafi að útbúa í Mentor en fljótlega í haust ákváðum við að búa til okkar eigin heimasíðu [www.naustaskoli.tk](http://www.naustaskoli.tk) þar sem við settum inn fréttir af starfinu okkar, námsáætlanir, speglaða kennslu og myndir. Heimasíðan reyndist ákaflega vel, sérstaklega fyrir nemendur sem áttu mjög auðvelt með að nálgast allt efni. Okkur langar næsta vetur að útfæra hugmyndina enn frekar og stofna Facebook hóp fyrir foreldra og jafnvel nemendur.

### Mat og tillögur til úrbóta

Helsti galli þess að nota googledrive, naustaskoli.tk og speglaða kennslu almennt er að verkefnaskil geta verið kennurum erfið. Nemendur deila fullkláruðum verkefnum með kennara sínum en þau eiga það til að týnast þegar 70-80 nemendur eru að skila. Einnig gleyma nemendur oft að merkja verkefni rétt eftir hópavinnu og þá er vinna nemenda ekki metin. Lausnin við þessu á næsta ári gæti verið sú að útbúa skipulagsskjal. Í þetta skjal munu allir nemendur, hvort sem um hópavinnu er að ræða eður ei, setja krækjur af verkefni sínu inn í. Hægt væri að nota þetta skjal til þess að hjálpa nemendum að skipuleggja nám sitt betur.

### Námsgreinar

Námsgreinum var skipt í lotur og unnið með ákveðin markmið Aðalnámskrár í hverri lotu sem síðan voru metin í lok hennar.

**Stærðfræði:** Notast var við bækurnar Almenn stærðfræði I, II, III, Átta tíu 1-6 og stærðfræði 8+9+10+ einnig var stuðst við aukaefni. Áætlanir og námsefni var aðlagð fyrir nemendur. Stærðfræðin í vetur skiptist í sex lotur og endaði hver lota með könnunum eða heimaprófi. Gerð voru veggspjöld með hugtökum. Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum en nemendur fengu að ráða sjálfir hversu mikið magn var unnið í hverri viku svo framarlega sem áætluninni var lokið á tilskildum tíma. Nemendum fannst erfitt að búa niður áætlunina og var hún endurskoðuð um áramót þá var hún hólfuð betur niður viku fyrir viku til að mæta enn betur þörfum nemenda og til að þeir gætu skipulagt nám sitt betur. Nemendum fannst þessi breyting góð. Einnig var ákveðið að setja niður fastan prófdag fyrir hverja námslotu, nemendur urðu oftast meira ábyrgir að vinna samkvæmt áætlun. Einnig unnu nemendur nokkur skiladæmi. Í allan vetur voru reglulega innlagnartíma. Eins fengu nemendur afhent formúlublað í upphafi vetrar til að notast við í náminu og könnunum. Vinnan í stærðfræði gekk vel í heildina.

**Íslenska:** Í Íslensku var skipt í 6 lotur þar sem unnið var samkvæmt áherslum aðalnámskrár: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, málfræði og ritun. Lögð var áhersla á fjölbreytta vinnu, samþættingu við aðrar námsgreinar og fjölbreytt námsmat. Íslenskuáætlun 2013-2014 var sett inn í Mentor og þar birtust einnig áætlanir fyrir hverja og eina lotu sem og á heimasíðu unglingastigs.

**Í fyrstu lotu** var lögð áhersla á lestur og bókmenntir. Nemendur 8. bekkjar lásu Gauragang, 9. bekkur las þar sem Djöflaeyjan rís og 10. bekkur las Engla alheimsins. Lotan gekk fremur illa eftir. Nemendur áttu erfitt með að lesa bækurnar og hópverkefni sem skipulögð voru runnu út í sandinn. Námsmat átti að vera kynningar á hópverkefnum en þar sem lesturinn gekk illa hjá mörgum varð að breyta hópverkefninu í einstaklingsverkefni sem var ritun. Nemendur fengu ítarlegar leiðbeiningar um uppsetningu og hvað yrði metið í verkefninu. Í ljós kom að nemendur 8. bekkjar áttu margir erfitt með ritunina og kunnu ekki að fylgja leiðbeiningum. Námsmat var skráð í Mentor að lokinni lotu.

**Í lotu 2** var unnið með málfræði. Nemendur unnu í Finni I, II og III sem reyndist þeim býsna erfitt. Í miðri lotu var árshátíðarundirbúningur og misstum við þráðinn í kennslu og áætlunarvinnu. Tekin var ákvörðun um að framlengja lotuna til þess að vinna nánar með málfræðigrunninn, treysta þekkingu nemenda og þjálf þá betur í orðflokkunum, sérstaklega í fallorðum og sagnorðum. Ákvörðunin var einnig tengd lélegri útkomu nemenda í 10. bekk í málfræðihluta samræmds prófs. Lotan var framlengd til 11. desember og lauk með munnlegu prófi í málfræði.

**Í lotu 3** var megináherslan á ritun og lestur. Nemendur skrifuðu margvísleg ritunarverkefni sem þeir deildu með kennara á googledrive og fengu leiðsagnarmat. Nemendur lásu einnig kjörbók en því var ekki fylgt nógu vel eftir og má því búast við að margir nemendur hafi ekki náð að klára að lesa eina kjörbók.

**Í lotu 4** var unnið með texta í Mályrkju I, II, III og Finn I, II, III og tóku nemendur próf úr nokkrum textum sem þeir lásu, málfræði og ólesnum textum. Stór hluti nemenda (um 22) voru í sérstöku námsefni í þessari lotu, notaðar voru léttlestrarbækur og vinnubækur sem þeim fylgja auk þess að vinna gagnvirkir efni á [www.nams.is](http://www.nams.is).

**Í síðustu lotu** vetrarins skrifuðu nemendur heimildaritgerð og fylgdu ítarlegum leiðbeiningum sem hægt var að nálgast á heimasíðunni í speglaðri kennslu. Nokkrir nemendur gerðu heimildaglerukynningu í stað ritgerðar.

Auk þess var íslenska fléttuð inn í aðrar námsgreinar eins og þemavinnu og þá notuð verkefni tengd Orð af orði, s.s. gagnvirkur lestur, hugtakakort, glósutækni og fleira.



### Enska

**Ritun:** 22.ágúst - 4.október.

Unnið með ritun, frjáls ritun og eftir fyrirmælum. Náms efni af netinu, Move On, Go for it og Matrix, aukaefni frá kennara.

Ritunin gekk vel. Nemendur kláruðu u.þ.b. 20 ritunarverkefni. Þeir sem voru styttra á veg komnir í enskunni fengu málfræðimöppu til að vinna í. Mjög gott en næst legg ég til að nemendur hafi sérstaka ritunarmöppu þar sem þeir safna saman ritunarverkefnum sínum.

**Hlustun:** 7.október-30.nóvember

Unnið með hlustun, af netinu, úr fjölmiðlum og Matrix-námsefninu.

Þessi lota gekk misvel. Upphaflega var lagt upp með að hlustun yrði unnin sjálfstætt af nemendum í tölvum og snjalltækjum. Það gekk ekki nægilega vel en hlutirnir gengu betur þegar hlustunin var stýrð af kennara. Þá var mikil ánægja nemenda með stýrða hlustunartíma.

**Lesskilningur:** 1.desember-20. janúar

Ýmsir textar lesnir af netinu, unnið úr Go for it, Move On og Matrix.

10. bekkur les skáldsöguna The Blockade Runners eftir Jules Verne

9. bekkur les skáldsöguna Blue Hotel eftir Stephen Crane

8. bekkur les skáldsöguna The Canterville Ghost

Bekkirnir vinna svo verkefni úr sögunum.

Þessi lota þróaðist í kjörbókarverkefni þar sem nemendur völdu sér bók til að lesa og unnu vinnuhefti frá kennara meðfram bókinni. Skiluðu heftinu í lok lotunnar. Unnu í lokin tímaritgerð sem gildi 20% af vetrareinkunn. Lotan gekk í heildina geysivel. Sagnir. Frá 1.-14. febrúar unnu nemendur með óreglulegar sagnir. Lauk með sagnaprófi sem gildi 10%. Gekk mjög vel.

**Samskipti:** 21. janúar-5.mars

Unnið með samtöl og kynningar, ýmist frá kennara eða eftir áhugasviði nemenda.

Samskipti. Nemendur unnu útdrátt úr átta textum úr bókunum Go for it, Move On og Matrix Intermediate og Matrix Pre-Intermediate. Mikið um sjálfstæða vinnu nemenda. Lotunni lauk með munnlegu prófi þann 21. mars. Þeir nemendur sem voru skemmra á veg komnir í enskunni unnu með kennara í sögunni The Captive. Lotan gekk vel.

**Menningarlæsi:** 6. mars-15.maí. Menning enskumælandi landa skoðuð í gegnum kvikmyndir, fjölmiðla, fræðslumyndir og fleira. Verkefni unnin út frá því, haldnir fyrirlestrar og horft á kvikmyndir.

Í apríl var horft á fræðslumyndir um mismunandi enskumælandi svæði. Nemendur völdu sér síðan eitt enskt málsvæði og unnu og fluttu fyrirlestur um svæðið. Nemendur voru mjög áhugasamir og þetta gekk einkar vel hjá flestum.

**Í maí var kvikmyndalota.** Þá horfði 8. bekkur á Touching the Void, 9. bekkur horfði á Slumdog Millionaire og 10. bekkur á Minority Report og Braveheart. Mikil ánægja var hjá nemendum með allar myndirnar. Athugasemd 25.2.2014:

**Mat**

Margt hefur gengið vel í enskukennslunni, t.d. ritunarpáttur nemenda, lestur kjörbókar og vinna með óreglulegar sagnir. Að mati sumra hefði þurft stýrðari kennslu í málfræðivinnu og vinnubókarvinnu og betri eftirfylgd og aðhald. Einnig í hlustun og tjáningu. Enskan er einungis kennd á milli 11:10-11:50 mánudag til fimmtudags og sumum kennurum þykir það ónógur tími til að veita nemendum nægilegt aðhald. Vangaveltur um að breyta stundaskrá fyrir næsta ár og fá fleiri stýrðari kennslustundir með nemendum. Munnlegt próf var tekið dagana 20.3-24.3 úr efninu Captive, Go for it, Move On og Matrix. Prófið gekk afar vel og telja kennarar þetta afar lærdómsríkt fyrir nemendur þar sem eitt aðalmarkmið enskukennslu er jú að geta talað tungumálið. Undirbúningur stóð í fjórar vikur fyrir prófið



og sáu nemendur um hann sjálfir, fyrir utan Captive-hópinn, sá hópur fékk stýrða kennslu og lukkaðist það vel. En líklega væri betra fyrir alla bekkir og nemendur að fá stýrðari kennslu í tjáningu og töluðu máli.

**Námsmat** var ögn erfitt vegna síðbúinna skipana frá menntamálaráðuneyti um að einkunnir skyldu gefnar í tölum. Þegar upp var staðið vó vinna nemenda (aðeins 10. bekkinga) fyrir bíómyndaverkefni 10% og fyrirlestur um enskumælandi svæði 20%. Í 8. og 9. bekk fór sama vinna fram en matið fór fram í umsögnum og markmiðum.

### Þemavinnna

Þemu vetrarins voru fjögur: **Lífheimurinn:** Mikill tími fór í lestur á Lífshheiminum, sem er námsefni gefið út af námsgagnstofnun. Verkefni úr bókinni voru unnin og þau verkefni voru metin. Nemendur fóru einnig í stutta könnun, gerðu verkefni um lífríkið á landi og í sjó. Einnig voru verkefni sem kom að einstaka dýra- og plöntutegundum. **Landafræði:** Ísland, landakort, saga jarðar. Kennaranemar sáu um undirbúning og skipulag á þessari lotu með aðstoð kennara. Sérstök áhersla var lögð á staðaheiti, kortalæsi og jarðsöguna.

Kennaranemar sáu um kennsluna og voru kennarar unglingadeildar inn á svæðinum þeim til stuðning. Nemendur unnu verkefnin af alúð og skil voru til fyrirmyndar. Lagt er til að á næsta ári munu kennarar fylgjast betur með nemunum og tryggi að undirbúningur sé klár áður en lota hefst, kennsluáðferðir séu úthugsaðar og það mikilvægasta, að námsmat sé klárt áður en lota hefst. Í lok apríl og byrjun maí var þessari lotu haldið áfram með áherslu á Ísland. Þar áttu nemendur að skila landafræðihefti og vinna ítarefni upp úr því. Skil voru ágæt en ljóst er að nemendur þurfa að venja sig á að vinna verkefni og skila því beinustu leið til kennara. **Efnisheimurinn:** Þessi lota var skipt í fjóra hluta. Hver kennari hafði sitt áherslu atriði og var nemendum skipt í fjóra hópa. Lögð var áhersla á þessa hluti:

- Uppbygging frumeinda og lotukerfið.
- Námsstærnikennsla í gegnum bókina Efnisheimurinn.
- Verklegrar tilraunir.
- Sýrur, basar og varðveisla massans
- Lotan var kennd á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 08.30 til kl. 11.00

Allir nemendur fengu útprentaða áætlun þar sem öll verkefni voru sýnileg ásamt skiladögum. Mikil áhersla var lögð á stýrða kennslu og senda síðan nemendur í sjálfstæða vinnu sem tengist fyrirlestri kennara. Flest verkefnin voru aðgengileg á [www.naustaskoli.tk](http://www.naustaskoli.tk).

Heilt á litið gekk lotan mjög vel en skipulagið fór forgörðum vegna uppbrots á kennslu. Mælt er með því að skoða skóladagatal við næstu langtíma lotuáætlun.

**Saga og siðfræði:** Í þessum áfanga var lögð sérstök áhersla á heimabyggð nemenda og siðfræði trúarbragða og heimsins. Allir fyrirlestrar og verkefni voru eingöngu

aðgengilegir á [www.naustaskoli.tk](http://www.naustaskoli.tk) og áttu nemendur að venja sig á sjálfstæðni og gott skipulag. Nemendur voru hvattir til þess að koma með sín eigin tæki og tölvur í skólann.

Skil á verkefnum voru mjög góð en MJM mælir með því að búið verði til kerfi/skjal fyrir skipulag og skil á verkefnum. Þetta skjal þyrfti að vera hannað og gert af kennara sem síðan dreifir til allra nemenda. Þetta myndi einfalda yfirferð verkefna og gefa kennara betri yfirsýn á skil.



### Áhugasvið

Stefnt verður að því að halda örnámskeið sem verkgreinakennarar bjóða upp á fyrir þá sem ekki hafa önnur verkefni að vinna að.

### Danska

Dönskunni var skipt niður í 6 lotur. Hver lota hafði sínar áherslur þó svo að alltaf væri verið að vinna með orðaforða og lestur.

**Lota 1** 26. ágúst í 30. sept.

#### **Hæfniáhersla: Hlustun**

Fyrsta lotan gekk heilt á litið vel og nemendur virtust komast ágætlega í gegnum þau verkefni sem sett voru fyrir. Eftir á að hyggja þá var ef til vill of lítil áhersla sett í upphafi lotu á mikilvægi þess að skila öllum verkefnum. Sumir nemendur virðast ekki skila inn verkefnum nema vera rukkaðir um þau. Í 2. lotu verður sett meiri áhersla á að nemendur klári og skili þeim verkefnum sem eru í áætlun til þess að fá námsgreinina metna. Hlustun fyrir þá sem voru í Tænk og EKKO er of þung og gæti verið að nemendur séu bara ekki vön því að heyra talað mál. Lögð verður meiri áhersla á þennan þátt í framtíðarskipulagi.

**Lota 2** 1. okt. í 19. des.

#### **Hæfniáhersla: Lesskilningur**

Í þessari lotu var unnið á mismunandi hátt með fjölbreytta tegund texta. Textarnir voru þó allir innan ákveðnar þemu og voru hóparnir þrír í mismunandi áherslu.

Lítil áhersla var lögð á texta í bókunum Ekko, Tænk og Start og voru flest verkefnið unnin á Ipad/tölvu. Góð skil voru á verkefnum og má segja að lotan hafi verið velheppnuð. Varðandi hópaskiptingu er þó ljóst að sumir nemendur eru í of erfiðum eða of léttum textum miðað við getu. Þessi hópaskipting verður skoðuð og löguð fyrir næsta vetur.

**Lota 3** 3. jan. í 1. mars.

#### **Hæfniáhersla: Ritun og tjáning**

Ritun og tjáning á þriðja tungumáli mun alltaf reynast nemendum erfið. Mikilvægasti þátturinn í þessari lotu var að nemendur gætu nýtt sér setningar og orð úr spurningunum og textanum sem unnið er með.

Byrjað var á að láta nemendur tjá sig munnlega með tölur, klukkuna og segja frá sjálfum sér.


**Lota 4** 5. mars í 11. maí

Hæfni áhersla: Tjáning og menningarvitund

Í lotunni voru eingöngu verkefni sem gengu út á munnleg skil og tjáningu. Hóparnir þrír (Start, Tænk og Ekko) voru allir í sinni þemu og komu öll verkefni inn á viðkomandi þemu á einn eða annan hátt. Nemendur sýndu það og sönnuðu að þeir þora vel og kunna að tjá sig á dönsku með smá undirbúning. Á næsta ári verður haldið áfram með að vinna með tjáningu nemenda á tungumálinu.

#### **Jákvæður agi - Gæðahringir**

Gæðahringur voru í umsjónarhópum fyrst á morgnana. Markmiðið var sett á að nemendur stýri gæðahring og verði virkir í umræðum.





**Vettvangsferðir**

Nemendur unglingastigs Naustaskóla fóru því miður í of fáar vettvangsferðir. Í upphafi skólaárs var farið í ferð upp í Naustaborgir og áttu nemendur að safna upplýsingum um lífverur. Að því loknu var þeim gert að skrifa greinagerð um a.m.k 3 lífverur og gekk það verkefni mjög vel.

Í sögu- og siðfræði var farið í 3 vettvangsferðir í allt. Fyrstu tvær sneru að grenndarkennslu og sögu KEA. Þriðja ferðin var göngutúr niður á Minjasafn.

8.bekkur fór í sína árlegu starfskynningu sem námsráðgjafi skipulagði og hélt utan um. Hægt er að fullyrða að allir nemendur 8.bekkjara voru ánægðir með þetta skemmtilega framtak.

Í vetur fóru nemendur í fylgd með kennurum sínum í Hof og í Íþróttahöll Akureyringa í forvarnar- og kynfræðslu.

Á næsta ári er það ljóst að allir kennarar þurfa að vera duglegri við að nýta vettvangsferðir fyrir nemendur. Helst verður horft til þess að allar áætlanir fyrir þemu muni innihalda vettvangsferðir af stærri eða minni gerðinni.

**Ný aðalnámskrá**

Unnið var með markmið aðalnámskrár í námsáætlunum og merkt við þau í Mentor eftir því sem námsmati vatt fram yfir veturinn.

**Námsmat****Námsmöppur**

Nokkrar breytingar urðu á matsmöppuáætlun frá hausti og eru þær sýndar innan sviga.

**Mappa 1. – 7. október**

Stærðfræði: könnun

Íslenska: bókmenntaverkefni, sýnishorn

Enska: ritun

Danska: stafarugl (Stafa- og orðarugl fór í möppu)

Þema: Plöntur, skordýr í greinargerð

Áhugasviðsverkefni

Íþróttir og sund (fór ekki í möppu)

Val (fór ekki í möppu)

**Mappa 2. – 4. desember**

Stærðfræði: glósutækni (hugtakakort)

Íslenska: sjálfsmat, vinnubrögð og skilningur (mynd af hópverkefni um orðflokka)

Enska: munnlegt og leiðbeiningar til foreldra (hlustunaræfing)

Danska: auglýsing um danska vöru (þýðing á danskri smásögu)

Þema: landakort

Áhugasviðsverkefni (fór ekki í möppu)

Íþróttir og sund (fór ekki í möppu)

Val (fór ekki í möppu)

Lífsleikni: könnun á námsvenjum

**Mappa 3. – 4. febrúar**

Stærðfræði: útskýring á viðfangsefni (könnun)

Íslenska: ritunarverkefni (skoðuð á googledrive)

Enska: orðaforðaverkefni (ritunaræfing og spurningahefti)

Danska: danskur matur (fór ekki í möppu)

Þema: jafningjamat (leitarkönnun og könnun)

Áhugasviðsverkefni (fór ekki í möppu)

Íþróttir og sund (fór ekki í möppu)

Val (fór ekki í möppu)

#### **Mappa 4. – 8. apríl**

Íslenska: kynning á lestraraðferð (námsmat úr lotu 5)

Stærðfræði: (könnun)

Þema: næringagildistafla (námsmat úr þema)

Enska: hugtakakort (fyrirlestrar, leiðbeiningar fylgja)

Danska: sjálfsmat í hópavinnu (bíómyndaverkefni)

Áhugasviðsverkefni (fór ekki í möppu)

Íþróttir og sund (fór ekki í möppu)

Val (fór ekki í möppu)

#### **Sýnismappa á skólaslitum**

Í sýnismöppu velja nemendur verkefni sem standa uppúr eftir veturinn. Verkefnin voru valin úr hverri námsgrein og þurftu þau að velja verkefni sem þau voru stolt af.

#### **Tillögur og vinnufyrirkomulag fyrir næsta vetur í sýnimöppu.**

Nemandi skal útbúa nýja forsíðu á hverju ári. Í byrjun hvers skólaárs útbúa nemendur inngang að nýju skólaári, t.d. með að lýsa helstu persónueinkennum, markmiðum sínum fyrir komandi vetur, lýsa sjálfum sér og á þessi inngangur að vera fremst í plastumslagi.

#### **Verkefni vetrarins:**

Öll unglingadeildin gerir þessi verkefni og setur fremst í möppu í plastvasann.

**Stærðfræðiverkefni:** sýnishorn af uppsetningu, heimavinnu, námsmati eða prófi ásamt sjálfsmati og rökstuðningi fyrir valinu.

**Íslenskuverkefni:** ritun, stafsetning, ljóð eða sýnishorn af einhverju vel unnu verki og matsblaði með því. **Enskuverkefni:** ásamt rökstuðningi fyrir valinu. **Dönskuverkefni** ásamt rökstuðningi fyrir valina. **Samfélagsfræði/ Náttúrufræði,** valið verkefni úr öðru hvoru. Eitt verkefni úr **list- og verkgreinum** ( sýnishorn/ljósmynd og skrif)

#### **8. bekkur**

Þú ert é .

Hvað á við mig. Ég hef staðið mig vel í é .

Eitthvað sem þú vilt setja í sýnimöppuna.

Bréf frá foreldrum þínum ( skrifað á sýnimöppudag)

#### **9. bekkur**

Allt um mig

Þú erté . ( nemendur skrifa hvert um annað)

Pappadiskuré . (nemandi er með pappadisk

Á bakinu, ganga um stofuna og skrifa eittvað fallegt um nemandann á diskana.

Bréf frá nemendum til foreldra (gert á skólatíma)

Starfskynning

#### **10. bekkur**

Bréf frá foreldrum þínum (skrifað á sýnimöppudag)

(Kryddbók Áhugasviðsverkefni allir bekkir)

Hjarta: falleg orð/setningar skrifuð.

Námstækni verkefni.

Ég dýrka skólann mest þegar...



#### **Samráðs- og matsdagar.**

Okkar mat er að það megi nýta þessa fundi meira í að segja frá hugmyndum og verkefnum sem hafa gefið góða raun. Ekki að kennarar eyði tíma í að tala um bækur, kennsluáætlanir og verkefnabækur. Auka þarf samstarf á milli skólastofnana bæjarins í t.d

náttúru- og samfélagsfræðikennslu. Gott væri ef bærinn ætti til að mynda samgögn þar sem einungis verkefni og hugmyndir frá kennurum væri birt.

### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði, foreldraviðtöl voru 2x yfir veturinn. Opnuð var sérstök heimasíða unglingastigs þar sem reglulega voru settar inn fréttir, myndir og verkefni sem verið er að vinna að hverju sinni. Heimasíðan kom í stað föstudagspósts frá kennurum. Námsáætlanir birtust þar og voru einnig í einstaka tilvikum opnar Mentor og þar gátu foreldrar einnig fylgst með námsframvindu barna sinna. Kennarar kostuðu kapps um að vera í góðu samstarfi við foreldra og héldu þeim vel upplýstum um nám og líðan barna þeirra allan veturinn.

### Skólaferðalag 10. bekkjar

Að hausti byrjuðu nemendur 10. bekkjar að undirbúa fjáröflun fyrir skólaferðalag í samráði við kennarana Magnús og Atla og foreldra. Undir vorið var ákveðið að Magnús og Aníta færu með nemendum í ferðalagið og hófust þau handa við að skipuleggja ferðina í samráði við nemendur að hluta. Eftirfarandi er skipulag ferðalagsins ásamt athugasemdum um það sem þarf að gæta sérstaklega að fyrir næsta ferðalag.

### Þriðjudagur 20. maí

- 9:00 Mæting í Naustaskóla
- 9:30 Brottför
- 12:00 Matur á Bakkaflöt (súpa og brauð)
- 13:00 Rafting og sund á eftir- Bakkaflöt
- 16:00 Litbolti - Vindheimamelum
- 19:00 Pizzuhlaðborð og gos

### Miðvikudagur 21. maí

- 9:00 Morgunmatur á Bakkaflöt
- 10:00 Brottför til Reykjavíkur
- 14:00 Cabin hótél
- 15:00 Keila í Keiluhöllinni
- 18:00 Matur - Hamborgarafabrikan
- 20:00 Bíó í Kringlunni

### Fimmtudagur 22. maí

- 9:00 Morgunmatur
- 10:00 Brottför í BLÁA LÓNID - Hafa MJÖG snyrtileg föt (næstum spariföt) með til skiptanna.
- 15:00 Risaóvissuferð til kl 22.00 um kvöldið - Snyrtileg föt (spariföt)

### Föstudagur 23. maí

- 9:00 Morgunmatur
- 10:30 Brottför frá hóteli, farið verður í Hörpu í skoðunarferð
- 11.30 Farið í Smáralind
- 14:30 Brottför frá Smáralind til Ak



### Nemendur

#### Líðan

Heilt á litið má segja að nemendum unglingastigs líði vel og þeir séu ánægðir í skólanum. Það má styðja með ánægjulegum niðurstöðum könnunar Skólapúlsins sem lögð var fyrir í apríl 2014. Þar kemur meðal annars fram að nemendur telja sig hafa góða stjórn á eigin lífi og eiga gott samband við kennarana sína. Nemendur 8. og 10. bekkjar segja aga í tímum og mælast þar yfir landsmeðaltali. Þegar spurt var um trú á eigin vinnubrögðum í



námi sögðust nemendur 8. og 10. bekkjar hafa meiri trú á sér heldur en nemendur á landinu öllu en 9. bekkur hefur minni trú á sér. Eins hefur 10. bekkur Naustaskóla mun meiri trú á eigin námsgetu heldur en aðrir nemendur. Sjálfstraust nemenda er örlítið undir landsmeðaltali, munurinn er ekki marktækur meðal drengjanna en töluverður hjá stúlkunum. Þær niðurstöður þarf að vinna með og reyna með öllum ráðum að auka sjálfstraust stúlkanna. Við höfum lagt okkur mjög fram um að tryggja vellíðan nemenda og eigum gott og persónlegt samband við alla.

### **Eineltismál og agamál**

Agamálin hafa verið í nokkuð góðu horfi. Það sem helst þarf að leggja áherslu á að laga er að skapa betri vinnufrið og efla námsmóral. Síamál hafa þó nokkuð verið að trufla okkur og haft áhrif á agann. Starfsfólk deildarinnar þarf að fylgja reglum um símanotkun betur eftir og vera í samstarfi við foreldra um þessi mál. Tvö eineltismál voru tilkynnt og rannsökuð. Í öðru málinu var ekki um einelti að ræða og í hinu málinu var um töluverðan samskiptavanda að ræða.

### **Námsárangur**

Nemendum hefur farið mikið fram í náminu í vetur, sérstaklega nemendum 8. bekkjar. Nemendur 10. bekkjar útskrifuðust með glæsibrag og voru mjög áhugasamir og metnaðarfullir. Helst þarf að efla nemendur 9. bekkjar og vinna með metnað og námsáhuga hjá þeim. Nemendur eru mjög sjálfstæðir í námi og yfirleitt vinnusamir.

### **Ástundun**

#### **8. bekkur**

Áætlun: 111 sinnum ólokið

Seint: 110 stundir

Óheimil fjarvist: 72 stundir

Veikindi: 112 dagar

Leyfi: 255 dagar

#### **9. bekkur**

Áætlun: 65 sinnum ólokið

Seint: 173 stundir

Óheimil fjarvist: 14 dagar og 155 stundir

Leyfi: 206 dagar

Veikindi: 161 dagar

#### **10. bekkur**

Áætlun: 38 sinnum ólokið

Seint: 138 stundir

Óheimil fjarvist: 1 dagur 63 stundir

Leyfi: 171 dagar

Veikindi: 124 dagar

### **Mat og tillögur til úrbóta**

Varðandi mætingar nemenda er mjög brýnt að taka á fjarvistum og seintkomum. Það er mat okkar að þessi mál séu í ólestri og nauðsynlegt er að vinna á mætingum nemenda í samstarfi við foreldra og stjórnendur.

### **Samstarf í teyminu**

Samstarf í teyminu gekk vel og helstu styrkleikar þess voru góð samvinna sem var mjög lausnamiðuð. Teymið hafði skýra verkaskiptingu þar sem styrkleikar hvers og eins voru nýttir. Fundarskipulag var í mjög föstum skorðum og unnið var samkvæmt verklagi frá stjórnendum og fundir haldnir vikulega í einn skipulagsfundur, einn nemendafundur og

trúnaðarfundur. Umræður á fundum voru mjög opnar og málefnalegar. Það sem einkenndi einnig starf teymisins var vilji til að ná árangri og áttu sér stað stöðugar umbætur. Starfsfólki teymisins var mjög umhugað um líðan og stöðu nemenda og tengsl nemenda og starfsfólks einkenndust af góðvild og trausti.

Kennsluaðferðir og námsmat var mjög fjölbreytt og þemakennsla var mjög skemmtileg og vel heppnuð í alla staði. Endurmenntun teymisins fólst aðallega í notkun tækninnar og speglaðri kennslu, einnig teymiskennslu og þróun hennar.

Það sem einnig einkenndi teymið og skipti sköpum varðandi starfsmóral og ánægju var hversu góður húmorinn var og hópefli einsog kaffihúsafundir og þegar við fórum út að borða saman (fyrir kennaranemalaunin) og að sjálfsögðu buðu við nemanum okkar með ☺ Við teljum teymið okkar vera á mjög góðri leið í sinni vinnu og að okkur hafi tekist mjög vel upp í okkar störfum.

Varðandi endurmenntunina erum við þeirrar skoðunar að best sé að teymið ákveði þá endurmenntun sem því finnst nýtast sér í starfinu.

### **Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaár?**

Við teljum mikilvægt að koma í veg fyrir skólaleiða nemenda og efla námsáhuga til muna.

---

## **Skýrsla verkgreinateymis**

**Starfsmenn teymis:** Brynja Elín Birkisdóttir (Tónmennt), Dögg Stefánsdóttir (Heimilisfræði), Halla Jóhannesdóttir (Myndmennt), Hulda Berglind Árnadóttir (Hönnun og smíði) og Valdís Rut Jósavinsdóttir (Textílmennt).

### **Námsumhverfi/skipulag.**

#### **Skipulagning námsins.**

Í **1. bekk** var einungis tónmennt kennd og var bekknum skipt í 4 hóp og hverjum hóp kennt í 60 mínútur aðra hverja viku. Önnur list- og verkgreinakennsla var í höndum umsjónarkennara.

Í **2. og 3. bekk** voru list- og verkgreinarnar kenndar í sjö smiðjum sem samanstóðu af tónmennt, hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt, dans/leiklist, heimilisfræði/tilraunir og landnám/leikir. Vinnustundirnar voru 60 mínútur í senn, fjórum sinnum í viku, í 5 vikur. Hópastærð var um 10-12 nemendur.

Í **4. – 5. bekk og 6. – 7. bekk** samanstóðu smiðjurnar af heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt og dans/leiklist. Vinnustundirnar voru 100 mínútur í senn, tvisvar í viku, í 7 vikur. Hópastærð var um 11-14 nemendur. Tónmennt var ekki kennd í smiðjurúllunni en hún var kennd einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Boðið var upp á list- og verkgreinar í vali hjá 8. ì 10. bekk. Kennslustundin var 80 mínútur og fjöldi nemenda misjafn, allt frá 5 til 13.





### Skipting í námshópa

Stærð hópa voru frá 10 og alveg upp í 22 nemendur. Í 4. ì 5., og 6. ì 7. bekk var tónmennt kennd í umsjónarhópum sem taldi þegar mest var 22 nemendur. List- og verkgreinakennarar eru sammála um að hámarksfjöldi nemenda í hóp séu 12 nemendur. Huga þarf betur að skiptingu nemenda í hópa. Þetta skólaár voru hóparnir mjög misjafnir. Gæta þarf jafnvægis innan hópa og ekki er endilega ráðlegt að skipta í hópa eftir vinatengslum. List- og verkgreinakennarar vilja sjá um að skipta niður í námshópa á næsta ári. Hugmyndir eru um að kynjaskipta smíðjunum á næstkomandi vetri.

Passa þarf upp á að þeir nemendur sem þurfa stuðning, fái þann stuðning líka í verkgreininum. Ekki er æskilegt að teymisfundir stuðningsfulltrúa séu á sama tíma og smíðjur. Stuðningsfulltrúar ættu að vera með nemendum sínum í þessum kennslustundum eins og öðrum og vera þar sem þörfin er mest. Upplýsingaflæði vegna nemenda þarf að vera markvissara, þ.e. að verkgreinakennarar fái allar nauðsynlegar upplýsingar um nemendur og þær upplýsingar séu uppfærðar reglulega. Að sama skapi þurfa verkgreinakennarar að koma nauðsynlegum upplýsingum til umsjónarkennara.

### Námsgreinar, kennsluhættir, námsaðlögun

#### Heimilisfræði.

Heimilisfræðikennsla nemenda í 1. ì 3. bekk var í höndum umsjónarkennara.

Tímarnir hjá 4. ì 7. bekk voru allir verklegir og var lögð áhersla á sjálfstæði, samvinnu og frágang. Í lok tímanna var farið í bóklegt ef tími gafst til.

Það voru þrír hópar í vali þennan vetur. Lagt var mikið upp úr að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð og að vanda frágang. Bóklegi þátturinn fékk meira rými en áður, bókin Næring og lífshættir var keypt og nýttist hún vel. 11 til 14 nemendur voru í hóp og unnu þeir tveir til fjórir saman í hópum. Nemendur fengu leiðsögn í verklegum þáttum og unnu svo með aðstoð kennara. Áhersla var lögð á að nemendur sýndu góða samvinnu, fengu þjálfun í að lesa uppskriftir og mældu rétt samkvæmt þeim. Nemendur fengu mikla verklega þjálfun. Fjallað var um mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og lögð áhersla á að nemendur geti gengið frá eftir sig og vaskað upp samkvæmt hreinlætiskröfum.

#### Hönnun og smíði

Á skólaárinu 2012-2013 kom í ljós að nemendur vantaði mikinn grunn í hönnun og smíði. Strax var farið í markvissa vinnu í að bæta það upp og í vetur var haldið áfram með að byggja upp grunn nemenda í verklagi og vinnu með ýmsan efnivið. Framfarirnar voru miklar í vetur og eru flestir nemendur komnir á þann stað sem hafður er til viðmiðunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Unnið var út frá markmiðum sem sett voru upp í mentor. Það gekk ágætlega þótt einhverjar breytingar hafi verið á. Markmiðin í mentor þarf að endurskoða. Nemendur skráðu markmiðin sín niður í skissubókina sína til að hafa þau sýnileg og alltaf við hendina. Nemendur unnu svo verkefnin út frá þessum markmiðum. Nemendur fengu frjálsar hendur með verkefnaval svo framarlega sem það tengdist markmiðum þeirra og að verkefnið væri samþykkt af kennaranum. Þetta gekk vonum framar og náðu margir að nýta sköpunarhæfileika sína í eigin hönnun.

Vinnuferli nemandans var að skissa upp hugmynd að einhverju sem hann vildi búa til sem myndi taka á einhverjum þeirra þátta sem talið var upp á markmiðalistanum í skissubókinni. Nemandinn sýndi kennaranum hugmynd sína og velti vöngum yfir framkvæmd verkefnisins. Notuð var spurnaraðferðin og nemendum leiðbeint í gegnum hvernig vinnuferlið gæti verið og það aðlagð að kunnáttu og þroska nemandans. Þarnæst gerði nemandinn verkefnið og skráði að lokum í skissubókina hvaða efni og verkfæri hann/hún notaði við gerð þess. Lagt var uppúr því að nemandinn gerði sem mest sjálfur.



Ferlið gekk að mestu leyti mjög vel upp hjá nemendum en sumir voru slakir í að nota skissubókina eins mikið og ætlast var til.

Í kennslustundum leiðbeindi kennarinn nemendum eins og þurfa þótti, en dró sig síðan til hlés og leyfði þeim að prófa sig áfram. Nemendur fengu að kynnast mörgum handverkfærum, rafknúnum verkfærum og aðferðum sem hentuðu aldri þeirra og þroska. Mikið var lagt upp úr öryggisatriðum og notkun hlífðarfatnaðar í smíðastofunni.

Átta nemendur á unglingastigi byrjuðu í Hönnun- og smíði í haust sem valgrein en sjö nemendur kláruðu veturinn. Sama vinnuferli var sett upp fyrir þessa nemendur eins og hina nemendur skólans með skissubók og tilheyrandi. Nemendur áttu að vinna verkefni eftir eigin áhuga og getu og voru markmiðin mjög einstaklingsmiðuð því að þeir voru á mjög mismunandi stað í faginu.

Heilt yfir gekk veturinn vel. Það gekk mjög vel að láta nemendur hanna verkefni sín sjálf með markmiðin til hliðsjónar. Huga þarf að betri frágangi. Bætt var við frágangstíma nemenda og gekk best hjá þeim hópum sem fengu í upphafi smíðjulotunnar 20-25 mínútur og síðan var sá tími stytur eftir því sem leið á ef hópurinn sýndi fram á að þeir gætu klárað frágang á styttri tíma. Einnig kom það mjög vel út að hafa lága tónlist í tímanum en hækka hana svo svolítið á meðan á fráganginum stóð. Nemendur fóru fyrir að ganga frá, voru virkari og hreinlega dönsuðu um stofuna (ásamt kennaranum) á meðan þeir gengu frá öllu á sinn stað. Umgengni þarf líka að brýna reglulega fyrir nemendum. Eitthvað var um það að nemendur voru að fara illa með efni og verkfæri skólans. Auðvitað var þetta bara lítill hópur nemanda. Mikilvægt er að allir nemendur skólans temji sér góða umgengni og sýni eignum skólans og eignum annarra virðingu.

### Myndmennt

Eins og fyrr segir voru smíðjur í 2. og 3. bekk fjórum sinnum í viku. Hver tími var klukkutíma langur. Í það heila gekk veturinn mjög vel. Hóparnir voru misjafnir en hæfilega stórir eða 10 í 14 í hóp. Lögð var áhersla á litablöndun, formin, leir, teikningu og almenna sköpun auk þess var markmið að leggja áherslu á fjölbreytt vinnubrögð og tækni. Kennari var með ákveðin markmið í fyrirrúmi sem þurfti að aðlagja síðan að hverjum hópi og nemendum. Mikil áhersla var lögð í einstaklingsupplifun og að efla frumkvæði. Í heildina litið gekk þetta mjög vel og voru nemendur yfirleitt mjög jákvæðir og iðnir.

Í 4. -7. bekk voru loturnar 100 mínútur sem hentar mjög vel því þá er hægt að gefa sér góðan tíma í innlög, sköpunina sjálfa og síðan frágang. Flestir nemendur voru mjög meðvitaðir um verkefni sín og lögðu sig fram um að ljúka við vinnu sína og ganga vel frá verkum sínum. Hóparnir innan þessa árganga voru mjög ólíkir og er gaman og hollt fyrir okkur kennara að sjá hvað nemendur nálgast viðfangsefni á misjafnan hátt. Nemendur þessara árganga voru upp til hópá jákvæðir og duglegir. Það þarf samt að passa að hóparnir í 6. og 7.b. verði ekki of stórir því myndmenntastofan tekur ekki svo marga svo vel gangi. Í 4. og 5 bekk var áhersla lögð á teikningu, mynstursgerð, pappamassa og leir. Þar var líka lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð með fjölbreyttum tækjum og tólum. Í 6. og 7b. æfðu þau sig í teikningu, formgerð, uppstillingu, leir og hlutföllum mannslíkamans. En eins og hjá hinum árgöngunum var áherslan lögð á fjölbreytileikann, bæði í úrfærslu verkefna sem efnum og áhöldum.

Valhópur í myndmennt var fámennur og margslunginn. Það má eiginlega segja að markmið þessara tíma hafi breyst úr háfleygum markmiðum í myndmennt, í hópeflis og gæðastundamarkmið. Þessi hópur vann vel að sínu þó afraksturinn hafi ekki verið mikill.

Myndmenntakennara er það mikið hjartans mál að verkefni séu aðgengileg nemendum og að nemendur fái frelsi til að leysa verkefni á sínum forsendum. Það er mjög gefandi og skemmtileg vinna að kenna og kynnast öllum árgöngum skólans. Innbyrðis voru allir hópar ólíkir og það gerir vinnuna svo skemmtilega að sama viðfangsefni er leyst á svo



margbreytilegan hátt. Nánast undantekningarlaust gekk vel með alla nemendur og var leitast við að koma til móts við þá. Upplifun myndmenntakennarans er sú að nemendur hafi upp til hópa verið ánægðir.

Myndmenntakennari reyndi eins og framast var unnt að hengja upp og sýna verk nemenda jafnóðum sem er vel en gat það verið hin mesta vinna að taka verkin niður og kennaratyggjó af hverri mynd. Reynt var að virkja nemendur eins og hægt er en stundum gafst ekki tækifæri til slíks. Mjög hentugt væri ef hægt væri að koma því við að kaupa korktöflurúllu sem hægt væri að setja á þá veggi sem eru lausir. Það myndi spara þrif og innkaup á kennaratyggjó. Einnig væri mjög gott að fá korktöflufleka inn í myndmenntastofu svo hægt væri að hengja þar verk nemenda sem og aðrar fyrirmyndir að verkum.

Sú nýjung var tekin upp að hver nemandi bjó til skissubók sem fylgdi þeim í gegnum smiðjurnar. Misjafnt var hvernig við kennarar nýttum bókina en ætlunin er að halda þessu í sessi. Í myndmennt urðu skissubækurnar eins ólíkar og þær voru margar og misjafnt hversu vel börnin tileinkuðu sér þau vinnubrögð sem ætlast var til. Heilt yfir tókust þær vel og voru settar í Portfolio/safnmöppuna í lok skólaársins.

Leirbrennsluofn komst ekki í gagnið. Samkvæmt leirkerasmið í bænum er mikilvægt að loftræstingin sé góð til að óæskilegar lofttegundir berist ekki. Keyptur var leir í upphafi hausts í bjartsýnskasti en það fór nú þannig að allir hóparnir í myndmennt unnu í sjálfharðnandi leir sem þurfti bara að þorna og var síðan málaður. Vonandi verður þetta sett á oddinn því ekki gerir ofninn mikið gagn ónotaður í kompunni.

Varðandi markmiðalista finnst myndmenntakennara að þeir listar eigi að vera lifandi plagg og það eigi að vera hægt að haka við markmiðin og breyta, eftir aukinni þekkingu nemenda fram og aftur í þrepum.

### Textílmennt

Þegar kennsla hófst í haust voru markmið inn á mentor fyrir skólaárið klár og hugmyndir að verkefnum ljós. Markmiðin voru bara nokkuð góð en þarfnast nokkurrar yfirferðar með lykilhæfni nemenda að leiðarljósi.

Í 2. og 3. bekk gekk mjög vel þar sem nemendur voru jákvæðir og duglegir að vinna. Nemendur byrjuðu hverja kennslustund á því að skrifa niður eitt markmið í skissubókina sína og voru þar af leiðandi meðvituð um það sem ætlast var til af þeim og kunnu þessu verklagi vel. Í seinustu kennslustundinni teiknuðu þau síðan broskarl við hvert og eitt markmið og mátu hvernig þeim fannst þau sjálf hafa staðið sig. Einnig skrifuðu þau texta um það hvernig þeim fannst textílmenntatímarnir og textílkennari skrifaði stutta kveðju til nemenda. Nemendur notuðu skissubókina til að hanna og búa til sýna eigin furðuveru, sem þau síðan fengu að búa til að sjá fullmótaða í 3D. Seinna verkefnið sem þau unnu samkvæmt markmiðunum var tauþrykk og fatalitun. Nemendur klipptu út fána úr tvöföldu efni, lituðu og þrykktu síðan á þá með mismunandi aðferðum og áhöldum.

4. í 5. bekkur tókst á við þrjónana og byrjuðu að læra að umgangast saumavélina. Mikla ígrundun þurfti til að hálfu kennara til að fanga áhuga nemenda að þessu sinni, því ekki er mikill áhugi á þrjónum hjá ungu fólki í dag. Eins og í 2. í 3. bekk voru skissubækurnar mikilvægur þáttur í því að gera þetta að skemmtilegu og lifandi verkefni. Byrjað var á því að nota iPad við innlögn á því hvernig þrjónað er og nýttu margir sér þá tækni við að ná fyrstu tókunum á prónaskapnum. Vegna fjölda nemenda í hverjum hóp óskaði textílkennari eftir því að stuðningsfulltrúi fylgdi nemendum í þessum tímum og var það mikilvægur þáttur í því að vel tókst til og nemendur voru almennt ánægðir með tímana. Sjálfsmat og mat á textílmenntartímunum var skráð í skissubækur nemenda sem og leiðsagnarmat frá textílkennara.

6. í 7. bekkur áttu að takast á við saumavélina. Grunnurinn var orðinn góður hvað varðar umgengni og saumaskap á saumavél. Nemendur skráðu markmið niður í skissubækurnar

sínar og áttu að vinna verkefni sín út frá þeim. Nemendur réðu margir hverjir ekki við þetta val og reyndu oft að fara léttu leiðina, bjuggu til mörg smærri verkefni sem voru oft lítið krefjandi og sumir nemendur að bæta við sig lítilli sem engri þekkingu. Greinilegt var að þessir árgangar þurfa meiri stýringu og afskipti kennara. Skissubók vel nýtt undir markmið og mat, en lítið hvað varðar skissu- og hugmyndavinnu.

Fjórtán nemendur byrjuðu í textílmenntavali og er það helst til stór hópur í textílstofuna hvað varðar pláss og þjónustu frá kennara. Nemendur þurftu í byrjun að læra að taka upp snið upp úr sníðablaði, leggja það á efni og sauma síðan saman flíkina sem þeir voru búnir að sníða. Af því loknu fengu nemendur frjálsar hendur með verkefnaval undir leiðsögn kennara. Nemendahópurinn var mjög misjafnlega vel á veg kominn og hverjum og einum nemanda sinnt þar sem hann var staddur í sínu námi. Þeir nemendur sem lengra voru komnir voru látnir vinna erfiðari og meira krefjandi verkefni og stundum látnir hjálpa samnemendum sínum sem voru í vanda staddir. Skissubókin var ekki vel notuð í valinu, sem er miður. Byrjað var að skrá niður markmið en lítið sem ekkert unnið meira með hana. Ljóst er bæta þarf þetta á næsta skólaári. En að öllu leyti mjög skemmtilegur áfangi, sem bæði kennari og nemendur höfðu gaman af.

### Tónmennt

Í byrjun skólaársins var unnið að því að setja niður markmið vetrarins til að setja í mentor. Fljótlega kom í ljós að erfitt var að vinna með sum af markmiðunum sem sett voru fyrir vegna of stórra nemendahópa í 4.-5. og 6. -7. bekk.

**1. bekkur.** Bekknum var skipt í 4 hópa og kennt í 60 mínútur í senn aðra hverja viku. Unnið var eftir markmiðum sem sett voru og kennd ýmis lög. Fjöldmörg verkefni voru unnin sem miðuðust að því að kenna nemendum að greina milli ýmissa tónlistarhugtaka s.s. hárra og djúpra tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt, veikt og sterkt. Dans var einnig mikið notaður og kenndir ýmsir hring- og hreyfidansar. Hljóðfæri voru kynnt og prufað að spila á hljóðfæri í takt við ýmsa tónlist. Eftir á að hyggja hefði mátt leggja enn meiri áherslu á söng og byggja betur á þeirri söngmenningu sem börnin hafa með sér úr leikskóla til að halda henni við.

**2. og 3. bekk** var kennt í smiðjum í tónmennt og var það eini hópurinn í tónmennt þetta árið sem var inn í smiðjurúllunni. Hverjum hóp var kennt 4 sinnum í viku í 5 vikur. Þessi aldurshópur fékk mest út úr tónmenntinni að mati kennara og þar var líka besta skipulagið og bestur vinnufriður fyrir alla aðila. Í upphafi smiðjunnar kynntust börnin söngvamyndinni Söngvaseið og lærðu lög úr þeirri mynd. Nótnaheiti voru kennd og nemendur lærðu að flytja hrynmynstur eftir grafískum nótnatáknum. Einnig var farið í vinnu með tónlistarhugtökin veikt, sterkt, háir og djúpir tónar, hratt, hægt, bjart og dimmt. Hljóðfærin voru kynnt og farið yfir hljóðfærafjölskyldurnar og hvernig hljóðfærin flokkuðust í þær og af hverju. Verkefni vetrarins var að semja nýjan texta við þekkt lag, taka það upp með hljóðrita og útbúa myndband og kom það skemmtilega út. Hver hópur hafði síðan það verkefni að kenna og syngja eitt lag á samveru og þjálfaðist þar með í því að koma fram. Keðjusöngur var einnig lítilliga kynntur og lært að syngja einföld lög í keðjusöng. Það sem betur má fara er að leggja ríkari áherslu á að börnin fiktí ekki í hljóðfærum og gangi um þau með virðingu en það á við öll aldursstig.

**4. og 5. bekkur.** Kennslufyrirkomulagið hjá þessum aldurshópi var með þeim hætti að umsjónarhóparnir komu í 40 mínútur í senn einu sinni í viku. Í hverjum hópi var um og yfir 20. Það gekk ekki nógu vel og það var strax augljóst að erfitt yrði að vinna markvisst með markmiðin. Kennslan í vetur byggðist mest á verkefnum úr kennslubókinni Það var lagið, til dæmis verkefni um ólíkar raddgerðir karla og kvenna í kór og verkefni sem gáfu nemendum tækifæri á að lýsa tilfinningum sem vöknðu við hlustun ólíkrar tónlistar o.s.frv. Í byrjun var mikið sungið en kennari gafst of fljótt upp á slæmum vinnufrið og neikvæðu viðmóti gagnvart söngnum og eftir á að hyggja hefði verið betra að reyna að



byggja upp söngtímana í staðinn fyrir að sleppa þeim. Börnin fengu að kynna því að syngja í hljóðnema og haldnir voru litlir tónleikar fyrir bekkinn þar sem þeir sem vildu fengu tækifæri til að spreyta sig og syngja fyrir hina. Eitt verkefnið voru hljóðsögur þar sem nemendum var skipt í hópa og bjuggu til sögur sem þau skreyttu með hljóðum úr ólíkum hljóðfærum þar sem þeim fannst við eiga. Það var síðan tekið upp og spilað fyrir hópinn og tókst vel. Þessi hópur fékk líka aðeins að spila á hljóðfæri eftir hrynmynstri í takt við lög sem spiluð voruð í tölvunni.

**6.-7.bekkur.** Sama fyrirkomulag var hjá 6. og 7. bekk eins og í 4. og 5. bekk. Umsjónarhópar komu í 40 mínútur einu sinni í viku og fjöldinn um og yfir 20. Það gekk einnig ekki að óskum og stór hópastærð kom í veg fyrir að unnið væri markvisst að markmiðum sem sett höfðu verið.

Í byrjun var lögð áhersla á söng og fór það eins og með 4. og 5. bekk að kennari gafst of fljótt upp vegna neikvæðni og erfiðleika við agastjórnun á svona stórum hóp í söngtíma. Til að koma til móts við nemendur var farið að nota upplýsingatækni í kennslunni að miklu marki og verkefni sem unnin voru voru meðal annars þöglar kvikmyndir, verkefni um kvikmyndatónlist, tónlistarsköpun í garage band forritinu og síðan bjó kennari til spurningakeppni um ólíka tónlistarstíla og tímabil í tónlistarsögunni á síðunni kahoot.it þar sem fyrirkomulagið er skemmtilegt og aðlaðandi fyrir nemendur, þessar aðferðir kröfðust hins vegar mikils undibúnings og aukavinnu kennara.

### Árshátíð

Verkgreinateymið tók að sér að sjá um skipulag fyrir árshátíð skólans. Árshátíðin var haldin í annað sinn í sal skólans. Ákveðið var að halda árshátíðina að þessu sinni fyrir áramót. Árshátíðin var því haldin 14. nóvember, þrjár sýningar kl: 15.00, 17.00 og 19.00. Kaffihlaðborð var á milli og á undan sýningum. Kaffihlaðborðið gekk mjög vel þegar á heildina er litið, en skortur var á heitum réttum og þeir búnir frekar fljótt þannig að greinilega þurfa fleiri árgangar að koma með slíkt bakkelsi. Að þessu sinni var tækjabókun á Mentor virkjuð fyrir tímasetningar á sviði og kom upp að það var ekki að virka sem skildi því árestar urðu með tímasetningar. Generalprufurnar tókust vel og kennarar virtu tímasetningar og hægt var að hnýta síðustu hnúta eftir generalprufurnar. Tímamörk voru ekki virt á sviði hjá öllum árgöngum og þarf að ítreka að hver hópur fari ekki yfir sín tímamörk og hagi atriði sínu þannig að það passi þeim tíma sem settur er fyrir. Flest allir virtu þessi tímamörk en það kom fyrir að hópar tvöfölduðu þann tíma sem þeim var úthlutað.

Minnum á að mikilvægt er að maturinn í hádeginu sé hátíðarmatur þar sem þetta sé hátíðisdagur og starfsfólk sé þrúðbúið eða jafnvel klætt í anda þema árshátíðarinnar. Einnig að ljósin í matsalnum séu dempuð á meðan borðað er. Hljóðkerfi og ljósakerfi er ekki nógu gott, nemendur sjást illa á sviðinu og hljóðið berst ekki nægilega vel um salinn. Mikilvægt er að þessir þættir verða skoðaðir fyrir næsta skólaár. Mikill metnaður var lagður í flest atriðin og gaman að sjá hvað kennarar lögðu mikla vinnu á sig, því árshátíðin er stór þáttur í skólastarfinu okkar. Þema fyrir árshátíð næsta skólaárs er heimsálfur og búið skipta þeim niður á árganga. Dagsetning árshátíðar mæltist vel fyrir að mati kennara og ákveðið er að hafa sama háttinn á á næsta ári.

### Námsmat

Námsmat í list- og verkgreinum fór fram með þeim hætti að hakað var í markmið fyrir hvern nemanda inn í mentor. Í sumum tilfellum þar sem við átti var gefin umsögn ef ástæða þótti til.

Kennarar í öllum greinum að tónmennt undanskilinni settu nemendum fyrir að útbúa skissubækur sem gengu síðan á milli smíðja. Í þessar skissubækur voru í sumum tilfellum sett markmið til að nemendur áttuðu sig betur á því til hvers var ætlast af þeim. Síðan





voru verkefni sett upp í bækurnar og sumir kennarar settu inn umsögn í lok smiðjunnar. Skissubækurnar hafa síðan verið til sýnis fyrir foreldra á viðtalsdögum og fylgja með námsmati í lok annar.

### Vorþemadagar

Annað árið í röð var það í höndum verkgreinateymisins að sjá um skipulag á vorþemadögum. Sami háttur var hafður á og frá árinu áður að nemendum skólans var skipt upp í tvo hópa, annan daginn voru nemendur á skólalóðinni en seinni daginn fóru þeir upp í Kjarnaskóg. Breytt var um skipulag hvað varðar hópana og að þessu sinni voru samkennsluhóparnir látnir halda sér og voru því 1, 4, 5, 8 og 9 bekkur sem fóru fyrri daginn upp í Kjarnaskóg og voru seinni daginn á skólalóðinni, 2, 3, 6, 7 og 10 bekkur voru svo saman - fyrri daginn á skólalóðinni og þann seinni í Kjarnaskógi. Á skólalóðinni voru fjórtán stöðvar þar sem leitast var eftir því að hafa fjölbreytnina sem mesta, hver stöð var 13. mínútur. Verkgreinakennarar voru búnir að skipuleggja hverja stöð fyrir sig, taka til og kaupa það sem þurfti þannig að stöðvarstjórar þyrftu ekki að redda neinu, gengju bara að sinni stöð og hefðu gaman af.

Umsjónarkennarar réðu því síðan hvort hjólað eða gengið var upp í Kjarnaskóg frá Naustaskóla og sáu þeir alfarið um skipulag og uppákomur í Kjarna. Grillaðar voru pylsur handa nemendum áður en farið var heim, en eitthvað gleymdi grillteymið að tala saman fyrri daginn og ýmislegt vantaði upp í Kjarnaskóg þegar átti að fara að grilla. Til að koma í veg fyrir slík mistök er mikilvægt að fólk hittist og skipuleggi sig áður en haldið er af stað.

Hugmyndir komu upp eftir vorþemadagana að hafa bara stöðvar fram að mat, hvort að mætti stytta dvölina á hverri stöð og að nemendur færu síðan heim þegar þau væru búin í mat.

Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um tímasetningar og séu mættir á stöðvarnar á réttum tíma.

### Áhugasvið

Áhugasvið var kennt á unglingastigi, einu sinni í viku, í 80- 100 mínútur í senn (strákar í 100 mín eftir áramót og stelpurnar fóru í íþróttir og svo öfugt) Í upphafi skólaárs fór allt mjög vel af stað. Nemendur voru lesnir upp í heimakrök og eftir það áttu þeir að fara á þau svæði sem þeir voru að vinna verkefni sín Ef nemendur mættu ekki á sín svæði eftir nafnakall, breytist mætingin í fjarvist. Byrjað var á að skipta nemendum í stuttar smiðjur. Að þeim loknum völdu nemendur hvort þeir vildu vinna einstaklingsverkefni eða vera í samstarfi við aðra nemendur. Nemendur skrifuðu niður hugmyndir sínar að verkefnum, bjuggu til markmið sem þeir vildu ná með þessu verkefni og gerðu verkáætlun. Þetta vinnulag datt því miður upp fyrir. Nemendur virtust þurfa meiri stýringu og var ákveðið að hafa stuttar smiðjur sem þau völdu. Boðið var upp á m.a. útsögun, tauþrykk, spil, vettvangsheimsóknir á Hlíð, víraverk, skrautskrift, hakkísakk boltasam, heimildarmyndir, krufningu, þæfingu og fleira. Þetta fyrirkomulag gekk vel og var almenn ánægja með það bæði hjá nemendum og kennurum. Námsmatið í áhugasviði er enn á reyki og er þörf á úrbótum á því fyrir næsta skólaár. Vinna þarf betur að markmiðum og útfærslu á námsmati fyrir haustið.

### Formlegar sýningar á verkum nemenda.

Í upphafi vetrar langaði list og verkgreinateymið að hafa formlegar sýningu á verkum nemenda reglulega á eftir smiðjuskilum. Það kom í ljós að það gekk ekki upp eins oft og hugsunin var. Settar voru upp sýningar í október í tengslum við viðtalsdag, í febrúar á möppuskilum, á Árhátíðinni og á Vorhátíðinni. Best væri að hafa veglegar sýningar einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Gott væri að tengja sýningarnar við ákveðinn



atburð eins og árshátíð eða vorhátíð þegar foreldrar þurfa hvort eð er að mæta í stað þessa að gera sér sérstaka ferð. En list -og verkgreinakennarar settu yfirleitt verk nemenda jafnóðum fram til sýnis á meðan hver smíðja varði.

### Samstarf teymis

Við byrjuðum á því að skipta með okkur verkum svo að hver og einn innan teymisins yrði teymisformaður og ritari einhvertíma á tímabilinu. Við funduðum eftir hádegi á þriðjudögum. Þó við höfum tekið okkur á í formlegri fundum, fundargerðum og öðru slíku þá þurfum við að bæta okkur í og setja niður dagskrá og hafa fundi skilvirkari. Þegar markmiðin eru endanlega komin í hús þyrftum við að íhuga og ígrunda meira um innra starfið. Þrír kennarar úr teyminu fóru til London á sýningu Hobbycrafts and Art og voru sammála um að það hafi gert þeim gott bæði námslega og félagslega.

### Samantekt

**Júkvætt:** Teymisfundir voru markvissari en í fyrra. Minni fundarseta yfir veturinn var jákvæð og nýttist í önnur verkefni. Áhugasvið gekk mun betur í ár en í fyrra.

**Neikvætt:** List og verkgreinakennarar vilja gjarnan fá að vita meira um aðstæður nemenda. Þær berast ekki alltaf alla leið til okkar. Kennarar milli stiga mættu tala meira saman og gaman er fyrir aðra kennara að fá að vita hvað er verið að sýsla á öðrum svæðum. Einnig er vond sú tilfinning sem list og verkgreinakennarar fá þegar þeir eru ekki í kennslu á ákv. dögum og gefið er í skyn að þeir séu ekki að vinna vinnuna sína. Okkur finnst tölvuaðstaða og búnaður vera frekar lélegur. Ekki er hægt að vinna inn á samgögnum í Makkatölvum né Ipad. Tengja þarf prentara við tölvu tónmenntakennarans. Leirbrennsluofninn þarf að komast í lag.

Okkur finnst að stjórnendur mætti vera sýnilegri á svæðunum.

Aldrei nóg af kruðerí á kaffistofunni til að létta lund sérstaklega á uppbrotsdögum þegar mikið mæðir á starfsfólki skólans.

Annars alles gut. Við hlökkum til næsta vetrar enda vitum við að alltaf verður gott betra.

Bætt var úr ýmsum hlutum frá í fyrra og verður næsti vetur enn betri.

Munum svo að hrós getur dimmu í dagsljós breytt.

---

## Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Aðalheiður Skúladóttir náms- og starfsráðgjafi er í 100% starfi námsráðgjafa við Naustaskóla en sinnir ýmsum öðrum störfum líka til að mynda situr hún í valgreinanefnd grunnskóla Akureyrar. Hefur haldið utan um nemendaráð skólans auk þess að hún vann með teyminum 4.-5. bekkjar og 6.-7. bekkjar eftir áramót. Hafði leiðsögn í nemendamálum og líðan starfsmanna innan teymis.

Náms- og starfsráðgjafi er öllum aðgengilegur, jafnt nemendum sem foreldrum. Námsráðgjafi hefur ekki fastan viðtalstíma heldur eru viðtöl bókuð skv. samkomulagi. Viðvera námsráðgjafa er alla daga frá 8-16. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu. Hann vinnur skv. starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem starfa við grunnskóla Akureyrar.

[http://skoladeild.akureyri.is/static/files/starfslýsingar/starfslýsing\\_namsradgjafar\\_2001](http://skoladeild.akureyri.is/static/files/starfslýsingar/starfslýsing_namsradgjafar_2001)

Helstu verkefni námsráðgjafa eru m.a.:

• Að veita nemendum ráðgjöf varðandi nám, námstækni, námsvenjur, félagsleg- og persónuleg vandamál

Áð auka skilning nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti raunhæfan máta möguleika varðandi nám og störf.

Áð aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetja þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.

Áð safna og miðla upplýsingum um nám og störf og að undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.

Áð hjálpa nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans.

### Nýir nemendur

Námsráðgjafi hefur reynt að hitta nýja nemendur og fylgst með hvernig félagsleg tengsl þeirra þróast í nýjum skóla.

### Starfið

Mikið var unnið að samskiptamálum og unnið var að fjórum eineltismálum í vetur.

Tengslakannanir voru lagðar einu sinni til tvisvar í hverjum bekk og unnið úr þeim eins og hægt var. Námsráðgjafi ásamt umsjónarkennurum vann í þeim.

Skólaárið 2013-2014 voru 91 einstaklingar í viðtölum, 44 drengir og 47 stúlkur, viðtöl ásamt viðtölum við foreldra voru um 730 talsins, auk þess vann námsráðgjafi með nokkra hópa og þá sérstaklega vegna samskiptavandamála.

Náms- og starfsráðgjafi sat fasta fundi í hverri viku í nemendaverndarráði. Einnig fundaði hann með öðrum náms- og starfsráðgjöfum grunnskóla Akureyrarbæjar 1x í mánuði ásamt því að sitja reglulega fundi með forvarnarfulltrúa bæjarins fyrri hluta skólaárs. Fundað var einnig með námsráðgjöfum MA og VMA.

Náms- og starfsráðgjafinn hafði einnig yfirumsjón með verkefninu ÁMentorverkefnið vináttan. Einnig hélt hann utan um nemendur í starfstengdu námi en í vetur var einungis einn nemandi í starfstengdu námi. Var ennfremur með umsjón yfir innanskólavali sem heitir starfsnám í skóla.

Fræðsla ýmskonar, er stór þáttur í starfi náms- og starfsráðgjafans. Flokkurinn fræðsla inniheldur þá fræðslu sem náms- og starfsráðgjafi fór sjálfur með inni bekk eða bekkjarkennarar og þá fræðslu sem nemendur skólans fengu, hvort sem var innan eða utan hans. Námsráðgjafinn var þó ekki viðstaddur alla þá fræðslu sem fram fór en hér fyrir neðan má sjá lista yfir fræðslu vetrarins.

### Fræðsla sem boðið var uppá veturinn 2013-2014

**1. bekkur.** Námsráðgjafi kom inn með starfsfræðslu og nemendur unnu verkefni. Einnig fengu nemendur fræðsluna ÁÞetta er líkaminn minn.

**2. bekkur.** Fékk fræðslu frá Blátt áfram er nefnist Ákrakkarnir í hverfinu. Nemendur unnu verkefni að hausti um störf í skólanum og tóku viðtöl við starfsfólk innan skólans.

**3. bekkur.** Námsráðgjafi sá um fræðsluna ñLeyndarmálið ñ í samstarfi við hjúkrunarfræðing skólans. Nemendur unnu verkefni að hausti um störf í skólanum og tóku viðtöl við starfsfólk innan skólans.

**4. bekkur.** Fékk fræðslu frá námsráðgjafa um að vera hluti að heild, framkomu og tillitsemi. Auk þess sem þau unnu verkefni um hvað er Ámikilvægt starf.

**5. bekkur.** Fékk fræðslu frá námsráðgjafa um að vera hluti að heild, framkomu og tillitsemi. Auk þess sem þau unnu verkefni um hvað er Ámikilvægt starf.

**6. bekkur.** Þau fengu fræðslu um fjölmenningu sem Alþjóðastofa sá um. Einnig fékk þessi bekkur starfskynningu en þau fóru í heimsókn í Norðlenska.

**7. bekkur.** Fræðsla frá Aflinu sem eru samtök gegn kynferðislegu ofbeldi. Einnig fékk 7. bekkur fræðslu frá Hinsegin norðurlandi. Að auki fékk þessi bekkur starfskynningu en þau fóru í heimsókn í Norðlenska.

**8. bekkur** fékk fræðslu frá Aflinu, þau fengu einnig fræðslu frá Siggu Dögg kynfræðingi og var foreldrum þessara barna boðið upp á fræðslu um mál tengd kynlífi og kynheilbrigði. Einnig fengu þau starfskynningar einn dag en hver nemandi valdi sér starf til að kynna sér betur og unnu þau verkefni um það. Þau fengu fræðslu frá Barningi. Fræðslu sem félagsmiðstöðin var með um áfengi, vímuefni og tóbak auk þess sem þau fóru í Hof og sáu Hvað ef.

**9. bekkur** fékk fræðslu frá Hinsegin norðurlandi, þau fengu einnig fræðslu frá jafnréttisstofu ásamt fræðslu sem félagsmiðstöðin var með um áfengi, vímuefni og tóbak auk þess sem þau fóru í Hof og sáu Hvað ef.

**10. bekkur.** 10 bekkingar fengu fræðslu frá báðum framhaldsskólum bæjarins nokkrum sinnum, bæði í orðum og svo með heimsóknum. Einnig fengu þau kynningu á útkomu áhugasviðskonunnarinnar Bendils, en allir 10. bekkingar í Naustaskóla fá að gangast undir áhugasviðskonunnina Bendil sem hjálpar þeim að velja braut þegar sótt er um í framhaldsskóla út frá áhugasviði hvers og eins. Foreldrum var boðið að koma og vera með þegar lesið var út úr Bendli. Aðeins eitt foreldri nýtti sér það. En þess fyrir utan fengu nemendur fræðslu um tölvunotkun, fræðslu frá Barningi, sáu leikritið Þörupiltar sem tekur á kynlífi og kynhegðun, fengu fræðslu sem félagsmiðstöðin var með um áfengi, vímuefni og tóbak auk þess sem þau fóru í Hof og sáu Hvað ef.

Til þeirra kom einnig starfsmaður frá stéttarfélagi og kynnti þeim réttindi sín og hvernig lesa ætti í launaseðla svo eitthvað sé nefnt. 10 bekkingar horfðu einnig á myndina Hipp hipp hóra og og tóku þátt í umræðum tengdum henni.

### Annað

Námsráðgjafi kenndi 2 tíma á viku og hafði því góðan tíma til að sinna nemendamálum, eftir áramót tók námsráðgjafi að sér að vinna með tveimur teymum og aðstoða þau. Sú vinna tók tíma frá námsráðgjöfinni en gafst vel og námsráðgjafi sá árangur með þeirri vinnu. Einnig sá námsráðgjafi um valgreinarnar á unglingastigi sem eru mjög tímafrekar og krefjast eftirfylgni. Námsráðgjafi sóttir námskeið í ART en ART er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Þetta tók mjög mikinn tíma frá námsráðgjafa en tímar voru 3x í viku í 12 vikur og lauk með lokaskýrslu og fær námsráðgjafi þá réttindi til að nota ART. Einnig sótti námsráðgjafi ráðstefnur og fór tildæmis til Dublin á menntaráðstefnu á vor dögum.

### Skýrsla þroskaþjálfara

Aðalstarf þroskaþjálfara er að skipuleggja kennslu/þjálfun og dagskipulag fyrir mikið fatlaðan einstakling. Einnig var unnið við að skipuleggja námsumhverfi í gera sjónrænt skipulag (stundatöflur), fyrirmælaspjöld, ásamt því að búa til ýmis námsgögn. Gerðar voru einstaklingsáætlanir í samstarfi við kennara. Tveir nemendur voru í málörvun í allan vetur. CAT - kassinn var notaður til þjálfunar í félagslegum samskiptum fyrir nokkra einstaklinga. Öll kennslan og þjálfun fór fram í gegn um leik og var notast við ýmis spil og námsefnið Leikur að læra. Var mikið í 4-5 bekk til að aðstoða þar nokkra einstaklinga. Þroskaþjálfari var með aðstöðu í vetur þar sem nemendum var boðið upp á að taka sér pásur eða að fá næði til að læra, nokkrir einstaklingar í 4-7 bekk nýttu sér þessa aðstöðu í vetur en drógu úr því með vorinu.

Ég var mikið til Áeinna í vetur þar sem iðjuþjálfinn var í barnsburðarleyfi og sérkennari hætti um áramót. Var í teymi með deildarstjóra og námsráðgjafa þar sem farið var yfir mál nemenda. Spurning hvort stjórnendur eigi að vera í svona teymi? Fann hvað það var erfitt að vera mikið ein og saknaði þess að geta ekki kastað hugmyndum á milli aðilla.

Starfslýsing þarf að vera mun nákvæmari heldur hún hefur verið svo allir geti farið eftir henna, erfitt er að þurfa að minna stöðugt á sig. Spurning hvort ekki eigi að kynna starfslýsingar á haustin fyrir starfsfólki svo þau viti hvað felst í henni. Ég hitti flesta foreldra barna sem ég vann með í vetur og fannst mér það mjög gott að hitta foreldrana svo þau vissu hver ég væri og tel ég hafa átt gott samstarf við þau.

Fyrir næsta vetur væri gaman ef stoðkennarar sem eiga að vera í hverju teymi og eru með mismunandi reynslu og menntun myndu hittast reglulega til að fá stuðning frá hvor öðrum.

## **Mat á skólastarfinu**

Haustið 2013 var að nokkru frábrugðið fyrri skólaárum. Að þessu sinni þurfti starfsfólk skólans ekki að flytja í nýtt húsnæði, starfsmannahópurinn var nokkurn veginn sá sami á milli ára og sú nýbreytni varð þetta skólaárið að teymin fengu nokkurn veginn að halda sér, að því leyti sem hægt var vegna stækkandi starfsmannahóps. Gerði það skólabyrjunina og allan undirbúning fyrir skólaárið auðveldari. Áherslan í skólaþróuninni þetta árið lá sem fyrr í að efla starfshætti teymanna með það að markmiði að ná enn frekar fram þeim kostum sem í teymisvinnunni geta falist og skerpa á öllu verklagi í vinnu teymanna. Lögð var áhersla á að teymin héldu áfram að vinna út frá verklagsreglum fyrir teymi sem lögð voru fram á síðasta skólaári. Stjórnendur sátu reglulega fundi teymanna en eftir áramót varð sú breyting á að námsráðgjafi skólans kom stjórnendum til aðstoðar við stuðning við teymin í kjölfar þess að kennarar óskuðu eftir meiri stuðningi af hálfu stjórnenda. Á seinni önninni skiptu stjórnendur og námsráðgjafi á milli sín kennarateyminum skólans og sátu vikulega fundi með hverju teymi. Einnig var fundað reglulega með teymi sérgreinakennara, íþróttakennara og skólaliða. Þetta skipulag og aðkoma stjórnenda og námsráðgjafa, skiptu miklu máli og stuðluðu að samræðum á milli starfsfólks og stjórnenda um ýmiss málafni tengd skólaþróun, nemendamálum og líðan starfsfólks. Önnur aðaláhersla vetrarins lá í áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga og teljum við okkur einnig hafa komist töluvert áleiðis í þeim þætti starfsins.

Í upphafi skólaárs var lögð áhersla á að kennarateymin gerðu kennsluáætlanir sem birtar yrðu á Mentor strax að hausti. Ráðgjafar frá skólaþróunarsviði Háksólans á Akureyri voru fengnir til að lesa kennsluáætlanirnar yfir og veita ráðgjöf til úrbóta. Í kjölfar þeirrar vinnu var ákveðið að stofna nefnd innan skólans, til að þróa og samræma form og áherslur á kennsluáætlunum fyrir Naustaskóla. Þessi nefnd starfaði til vors með fulltrúa frá skólaþróunarsviði HA. Afrakstur þeirrar vinnu verður síðan nýttur við gerð kennsluáætlana fyrir næsta skólaár.

Hér á eftir má finna samantekt og mat á því hvernig við teljum að til hafi tekist við framkvæmd umbóta á liðnu skólaári og nokkrar tillögur sem fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs sem viðfangsefni til úrbóta. Við mat á starfi skólans er stuðst við ýmis gögn sem safnað er allan veturinn og má þar helst telja:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal nemenda í 6.-10. bekk.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal starfsmanna.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal foreldra.





- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk.
- Niðurstöður mats og úrbótatillagna í skýrslum teyma starfsmanna hér að framan.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

[http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn\\_skyrslur](http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur)

### Uppgjör á umbótatillögum ársins:

Helstu þættir sem settir voru fram í starfsáætlun ársins, og þar af leiðandi sem unnið var að varðandi úrbætur á skólastarfinu veturinn 2013-2014 voru eftirfarandi (Merkt með grænu lettri sem gekk eftir, gulu sem gekk eftir að hluta en rauðu sem ekki gekk eftir):

#### Námsaðlögun:

- Hvert kennarateymi innan skólans þarf að gera heildstæða Ástarfsáætlun fyrir veturinn þar sem fram koma helstu áherslupunktur í starfinu, hvernig staðið er að áætlanagerð, námsmati o.fl. Þessar áætlanir þarf að birta á heimasíðu og kynna vel fyrir foreldrum.

**Þetta gekk eftir og var birt á heimasíðu skólans.**

- Kennsluáætlanir þurfa undantekningarlaust að vera aðgengilegar fyrir foreldra og nemendur.

**Þessu markmiði var náð að hluta. Kennsluáætlanir voru sýnilegar foreldrum, en huga þarf betur að því að samræma form kennsluáætlana innan skólans. Þannig að tryggt sé að þar komi fram: markmið, framkvæmd kennslunnar, skipulag og á hvern hátt námsmat er framkvæmt.**

- Taka þarf að fullu í notkun námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e. að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram, þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.

**Þetta gekk nokkuð vel hjá okkur og öll teymi náðu að haka í markmið og gera þau sýnileg fyrir foreldrum.**

- Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmökkum.

**Það gekk eftir.**

- Læsisstefna unnin fyrir skólann.

**Gekk ekki eftir.**

- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
  - Stefna skólans verði endurskoðuð með tilliti til ákvæða aðalnámskrár.
  - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.
  - Heildarfyrirkomulag námsmats við skólann verði endurskoðað og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.
  - Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspeglar áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.

**Töluvert var unnið í grunnþáttum menntunar og með lykilhæfnipætti í námsmati. Þetta var kynnt fyrir foreldrum og nemendum að einhverju marki. Námsmat**



skólans var endurskoðað og nýtt námsmatsblað, þar sem merkt var við þau markmið sem nemandinn hafi náð á skólaárinu, fór heim nú á vordögum ásamt umsögn umsjónarkennara.

- Skerpa þarf enn frekar á hlutverki umsjónarkennara og efla yfirsýn og tengsl umsjónarkennara við nemendur. Festa þarf nemendasamtöl í sessi.

Nemendasamtöl náðu ekki að festa sig skipulega í sessi. Hinsvegar ræða umsjónarkennarar við nemendur en bæta þarf skipulagið í kringum nemendasamtölin. Einnig teljum við okkur vera á góðri leið með að auka yfirsýn og tengsl við umsjónarnemendur.

- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun og kennsluhætti, Byrjendalæsi, Orð af orði, vinnu í teymi og mótun námssamfélags

Vinna samkvæmt endurmenntunar áætlun náðist að allnokkru leiti en ekki öllu.

#### Athvarf:

- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.

Gekk ekki eftir. Fylgja þarf betur eftir að nokkru leyti, skipulag sem búið var til í fyrra var ekki notað og þarf að endurvekja það skipulag eða útbúa nýtt.

- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum. Í síðasta lagi í nóvember þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.

Framfarir hafa orðið í framkvæmd á gæðahringjum en ekki voru öll teymi komin með dagskrármál frá nemendum í nóvember.

- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.

Gekk ekki eftir.

- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að Áskólinn sé miðstöð hverfisins en gefa samkomusalur og mötuneyti aukna möguleika í þeim efnum.

Gekk eftir að mjög takmörkuðu leyti. Nokkuð er um fundi og mannfagnaði í skólanum sem ekki tengjast skólastarfinu beinlínis en erfitt að halda því fram að skólinn virki sem miðstöð hverfisins.

#### Umhyggja og virðing:

- Enn frekari þjálfun þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur. Nýtt matstæki nýtt til leiðbeiningar og mats. Námskeiðahald og matsheimsóknir í samvinnu við samstarfsskóla.

Töluverð þjálfun fór fram og almennt virðast starfsmenn verða sífellt betur upplýstir um Jákvæðan aga og vinnu samkvæmt honum. Matstækið var notað einu sinni til að taka stöðuna í hverju teymi.



- Móta þarf formlegar skólareglur fyrir skólann þar sem kveðið er á um viðbrögð við óæskilegri hegðun.

**Í vetur var unnið að gerð skólareglna og eru þær enn í mótun.**

- Sótt um að skólinn Ákomist á græna grein, sett á stofn umhverfisnefnd og hafin vinna að því að öðlast Grænfánann.

**Nemendur hafa verið duglegir að flokka og sjá nemendur um að losa flokkunarstöðvar á svæðum skólans. Umhverfisnefnd vann drög að framkvæmdaáætlun sem hrinda þarf í framkvæmd á næsta skólaári.**

#### **Samvinna:**

- Foreldrar séu hvattir enn frekar til að mæta í skólann og kennarar gefi þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.

**Uppákomur eru reglulega í skólastarfinu þar sem foreldrum er boðið sérstaklega. Foreldrar eru ávalt velkomnir og hafa verið duglegir að koma á uppákomur á samverustundum einkum hjá yngri bekkkjum skólans.**

- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.

**Unnið var vel með starfsreglur teymana eftir áramót skiptu stjórnendur og náms- og starfsráðgjafi á milli sín teyminum og voru þeim innan handar í fundasetu og skipulagi. Þetta gekk vel og fundir urðu markvissari.**

- Halda áfram mótun námssamfélags skv. framkvæmdaáætlun þar um. Matstæki um námssamfélag nýtt til leiðbeiningar og mats.

**Gekk að nokkru eftir.**

- Starfendarannsóknir gerðar af kennurum.

**Gekk ekki eftir.**

- Skólaliðar skipti reglulega um hlutverk og staðsetningu innan skólans.

**Þetta gekk eftir og gekk vel.**

- Fundaskipulag skólans endurskoðað og leitast við að fundir séu sem allra markvissastir.

**Við teljum að þessu hafi verið náð en eftir áramót var fundum fækkað og var starfsfólk ánægt með það.**

- Stofnsetja starfsteymi vegna agastefnu, umhverfisstefnu og aðalnámskrár / námsmats.

**Þetta gekk eftir og mikil vinna hefur farið fram í þessum starfsteymum og flest þeirra luku störfum nú í vor.**

- Haldin séu skólaþing með nemendum tvisvar á ári þar sem nemendur eru virkjaðir til umræðna og ákvarðanatöku um sem flest sem snýr að skólastarfinu.

**Gekk ekki eftir**

**Táp og fjör:**

- Bætt verði við tíma í íþróttakennslu, útikennsla í íþróttum tekin upp á nýjan leik á móti sundkennslu og kennslu í íþróttahúsi.

**Þetta gekk eftir.**

- Auka þarf útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.

**Þetta gekk eftir að mestu leyti, útisvæði skólans og næsta nágrenni var bæði nýtt til útikennslu, sérstaklega í íþróttum og einnig í hreystivali á unglingastigi. Hins vegar mætti nýta útikennslu meira til stuðnings við almenna kennslu.**

- Enn frekari áhersla lögð á leiklistarkennslu, stefnt að uppsetningu söngleiks til sýningar á vorhátíð.

**Þetta gekk eftir að hluta, leiklist var kennd í smiðjum, boðið var upp á leiklistarval innan skólans. Ekki náðist að setja upp söngleik eins og til stóð á vorhátíðinni.**

---

**Umbótatillögur / áherslur fyrir veturinn 2014-2015**

Hér á eftir eru settar fram tillögur til umbóta fyrir næsta skólaár, en tillögur þessar eru gerðar með hliðsjón af niðurstöðum matsgagna sem safnað var sl. skólaár og má nálgast á heimasíðu skólans.

---

**Námsaðlögun:**

- Áfram þarf að halda að þróa starfsáætlanir kennsluteyma með það að markmiði að þær gefi sem besta mynd af starfsháttum í hverju teymi og hvernig námsþættir og áherslur í starfinu raðast á skólaárið.
- Lögð verði áhersla á að samræma form og áhersluþætti kennsluáætla skólans út frá þeim umbótatillögum sem nefndarvinna síðastliðinn vetur skilaði af sér.
- Leggja þarf áherslu á að öll kennarateymi nýti námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e. að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram, þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.
- Ljúka þarf við gerð námsmarkmiða fyrir tungumál og huga að endurskoðun annarra námsmarkmiða.
- Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmöppum.
- Vinna þarf læsisstefnu fyrir skólann.
- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
  - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.
  - Heildarfyrirkomulag námsmats við skólann verði þróað áfram og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.
  - Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspeglar áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.
- Festa þarf nemendasamtöl í sessi.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan



---

aga, námsaðlögun og kennsluhætti, Byrjendalæsi, Orð af orði, vinnu í teymi og mótun námssamfélags. Einnig verður lögð áhersla á þróun og gerð kennsluáætlana.

---

**Athvarf:**

- Skipuleggja þarf skólalóð enn frekar með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
  - Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum. Í síðasta lagi í nóvember þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.
  - Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.
  - Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að Áskólinn sé miðstöð hverfisins.
- 

**Umhyggja og virðing:**

- Ráðinn verði verkefnisstjóri sem styðji betur við kennara með notkun bekkjarfunda og innleiðingu Jákvaðs aga.
  - Settar verði fram skólareglur, þær kynntar og teknar í notkun og árangur metinn. Sérstök áhersla á að bæta mætingar hjá nemendum á unglingastigi.
  - Sett á stofn formleg umhverfisnefnd og áfram unnið að því að öðlast Grænfánann.
- 

**Samvinna:**

- Halda þarf áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.
  - Starfendarannsóknir gerðar af kennurum.
  - Stjórnendur skipti á milli sín teyimum skólans, sitji sem flesta fundi með þeim og verði þannig starfsmönnum til halds og trausts.
  - Fundafyrirkomulagi innan skólans verði breytt þannig að það verði sem markvissast.
  - Verkefni sem vinna þarf að séu unnin á afmörkuðum tíma af því starfsfólki sem hefur raunverulegan áhuga á þeim.
  - Haldin séu skólaþing með nemendum þar sem nemendur eru virkjaðir til umræðna og ákvarðanatöku um sem flest sem snýr að skólastarfinu.
- 

**Táp og fjör:**

- Auka þarf enn frekar útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.
  - Meiri áhersla lögð á hópefli skipulagt af stjórnendum í upphafi skólaárs
  - Meiri áhersla lögð á hvatningu til starfsmanna og einstaklingsviðtöl við starfsmenn til að ræða líðan og starfsþróun.
-



***Viðauki, fréttabréf skólaársins***

Á næstu síðum er að finna fréttabréf skólaársins en þau gefa nokkra innsýn í dagskrá hvers mánaðar auk þess sem þar er að finna ýmsar fréttir og fróðleik um skólastarfið.